

GUNNLAUGUR HELGASON

*Léttist um tíu kíló vegna háfjallaveiki*

útivist og heilsa á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



STARFSMENNTUN

*Úrræði fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína*

Sérblað um starfsmenntun

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

3. mars 2010 — 52. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## MIÐVIKUDAGUR



### Á smáskífu með Paul Potts

Garðar Thor Cortes syngur á nýrri smáskífu með Paul Potts.

FÓLK 26

### Hlutu landbúnaðarverðlaun



Á fyrirmyndarbúinu Hrauni á Skaga hefur verið starfrækt veðurathugunarstöð í 68 ár.

TÍMAMÓT 16

### Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram

Allar hugmyndir og umræða um frestun á atkvæðagreiðslunni veikja málstað okkar, skrifar Erla Ósk Ásgeirsdóttir.

UMRÆÐAN 14

### Gott stig í Þýskalandi



Íslenska 21 árs landsliðið náði jafntefli 2-2 á móti Evrópumeisturum Þýskalands í Magdeburg í gær.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT NORÐANLANDS** Í dag verða suðvestan 8-15 m/s og skúrir eða slydduél vestan til en annars hægari og úrkomuminna. Hiti 0-5 stig en vægt frost inn til landsins NA-lands.

VEÐUR 4






**SLUPPU ÓMEIDDAR** Kona sem féll í sprungu í nágrenni Helgafells við Hafnarfjörð í gær slapp lítið meidd þrátt fyrir um fimm metra fall. Um eins metra þykkur snjór huldi sprunguna, eins og sjá má á miðri myndinni hér að ofan. Samferðakona hennar náði að kasta sér til hliðar þegar snjórinn gaf sig. **Sjá síðu 13** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reynt að funda um nýjan samning í dag

**Náist samkomulag um nýjan samning vegna Icesave mun ríkisstjórnin leggja til að núverandi lög verði felld úr gildi. Þá stendur upp á stjórnarandstöðuna hvort verður þjóðaratkvæðagreiðsla. Reiknað með fundum í dag í London.**

**STJÓRNSÝSLA** Bretar og Hollendingar fóru í gær yfir tilboð Íslendinga um nýja lausn á Icesave. Tveir fundir voru með íslensku sendinefndinni sem er ytra. Hún er þar enn og er reiknað með frekari samtölum í dag. Óvíst er hvort um formlega fundi verður að ræða. Ákvörðun um heimför nefndarinnar bíður viðbragðanna.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem situr í samninganefndinni, segir að fundir gærdagsins hafi verið góðir. „Það voru tveir ágætir fundir í dag [gær] og menn hafa verið í sambandi og skipst á hugmyndum.“ Hann eigi allt eins von á að nefndin komi heim í dag, en ekki megi lesa of mikið í það, hún hafi verið á heimleið undanfarna daga.

Næstu skref eru Breta og Hollendinga. Þeir fengu í gær frekari útreikninga á hvað hugmyndir Íslendinga þýða.

Áfangi náðist þegar formlegir fundir voru haldnir í gær, en fram að því hafði nefndin aðeins verið í óformlegu sambandi við viðsemjendur sína í þessari útiveru. Fulltrúar Hollendinga komu til London til að sitja fundina. Þeir ráðslaga nú við Breta um næstu skref.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp um að lögin, sem kjósa á um í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag, verði dregin til baka, náist samkomulag í London. Þar á bæ sé litið á atkvæðagreiðsluna sem óþarfa náist nýir samningar. Ekki sé þörf á kosningum um ríkisábyrgð á samningum sem verði í raun fallnir úr gildi.

Gangi það eftir þurfa stjórnarflokkarnir að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um að hætta við þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá snýst tilboð Íslendinga um greiðslu á höfuðstól og fjármögnunarkostnaði. Sætti viðsemjendur sig við það, sé um umfangsmikla lækkun að ræða frá fyrri samningum.

**- kóp**

Handboltamaður lítur um öxl:

## Logi skrifar bók

**FÓLK** „Ég ætla að vera einlægur og dreg ekkert undan. Það er það sem bókin gengur út á og það sem vantar á Íslandi,“ segir handboltahetjan Logi Geirsson.

Logi sendir frá sér bók á afmælisdaginn sinn, 10. október. Bókin kemur því út 10. 10. ´10, en þá verða einmitt tíu ár síðan Logi hélt til Þýskalands og gerðist atvinnumaður í handbolta.

**- afb /** **sjá síðu 26**






## SPURNING DAGSINS



*Benedikt, verðið þið fyrir miklum gróðurhúsaáhrifum?*

„Nei, en við vitum að græna hliðin á að snúa upp.“

Geymslur lögreglunnar eru yfirfullar af búnaði til kannabisræktunar, hitalömpum og heilu frystiklefunum. Benedikt H. Benediktsson hjá lögreglunni í Reykjavík hefur umsjón með birgðunum.

Ekki brugðist við athugasemdum um efnahagsbrotadeild RLS í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar:

# Starfsmönnum deildarinnar ekki fjölgað

**STJÓRNSÝSLA** Aðeins var brugðist við einni af fjórum ábendingum sem Ríkisendurskoðun gerði vegna starfsemi efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra (RLS) í stjórnsýsluúttekt árið 2006, samkvæmt eftirfylgni stofnunarinnar sem upplýst var um í gær.

Alls voru gerðar fimmtán athugasemdir við starfsemi Ríkislögreglustjóra í úttektinni, en brugðist hefur verið við ellefu. Ríkisendurskoðun telur að áætlanagerð hafi verið bætt innan deildarinnar, en öðrum ábendingum hafi ekki verið sinnt.

Til dæmis var mælt með fjölgun starfsmanna deildarinnar, sér í lagi fjölgun sérfræðinga á sviði viðskiptafræði og fjármála. Einnig var mælt með aukinni samvinnu við skattayfirvöld.

Ríkislögreglustjóri hefur ekki heldur brugðist við ábendingu um að endurskoða hámarksaldur ökutækja lögreglunnar, og að gera langtímaáætlanir um endurnýjun bílaflotans.

Ríkisendurskoðun gerði einnig úttekt á Umhverfisstofnun árið 2006. Í kjölfarið var því beint til umhverfisráðuneytisins að endurskoða löggjöf um stofnunina. Við því hefur ekki verið brugðist. Brugðist hefur verið við öðrum athugasemdum vegna stofnunarinnar. - bj



**ÚRBÆTUR** Brugðist var við ellefu af fimmtán athugasemdum sem gerðar voru vegna embættis Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**SANTIAGO Í CHILE** Eyðileggingin af völdum jarðskjálftans, sem mældist 8,8 á Richter-kvarða, er gríðarleg. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðasveitin ekki send:

## Of langt liðið frá skjálftanum

**NÁTTÚRUHAMFARIR Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar verður ekki send á skjálftasvæðið í Chile. Ástæðan er sú að of langt er liðið frá skjálftanum og fjarlægðir miklar, samkvæmt tilkynningu á heimasíðu Landsbjargar.**

**Evrópusambandinu barst formleg beiðni frá stjórnvöldum í Chile um aðstoð eftir jarðskjálftann á mánudag, um tveimur sólarhringum eftir að hann reið yfir. Beiðð var um færanleg sjúkrahús, vatnshreinsibúnað, samskiptabúnað og sérfræðinga í að meta ástand bygginga. Rústabjörgunarsveitir frá nærliggjandi löndum eru á leið á skaðasvæðið til aðstoðar.** - shá

Efnahags- og skattanefnd:

## Kallar skilanefndir fyrir

**ALÞINGI** Efnahags- og skattanefnd Alþingis hyggst kalla skilanefndir bankanna til fundar við sig á föstudag og ræða samskipti þeirra við skattrannsóknarstjóra.

Fram er komið í fjölmiðlum að engin mál hafi verið send til skattrannsóknar að frumkvæði skilanefndanna. Þetta mál var rætt við skattrannsóknarstjóra á fundi efnahags- og skattanefndar í gærmorgun. Helgi Hjörvar, formaður nefndarinnar, staðfesti við Fréttablaðið að til stæði að nefndin fundaði með skilanefndarfulltrúum á föstudag. - pg

# Óttast erfðasjúkdóm og fer í skimun í dag

**Færeyingur frá Sandey ætlar í blóðprufu vegna CTD á Landspítalanum í dag. Frænka hennar missti tvö börn úr veikinni, þriðja barnið er veikt og tvö til viðbótar bera veikina. Er fegin umfjölluninni því læknar hér þekktu ekki CTD.**

**FÆREYJAR** Heilu fjölskyldurnar í Færeyjum þjást af arfgenga sjúkdómnum CTD. Dæmi eru um að systkini deyja með stuttu millibili.

Halldóra Stórá, færeysk kona búsett á Íslandi um árabil, þekkir dæmi þessa, en ein frænka hennar og æskuvinkona hefur misst tvö börn úr CTD. Þriðja barnið er veikt og tvö bera veikina án einkenna. Það gera öll barnabörnin, níu talsins, líka.

Nú þegar hefur um þriðjungur Færeyinga farið í blóðprufu vegna sjúkdómsins, aðallega ungt fólk, en um einn af hverjum sjö hundruð Færeyingum er með sjúkdóminn. Þetta er hundraðfalt hærra hlutfall en víðast í heimi. Á Íslandi hefur eitt barn greinst með sjúkdóminn, af átta til níu þúsund prófuðum.

Halldóra segist fegin umfjölluninni á Íslandi, sérstaklega að heyra að hægt sé að fara í skimun á Landspítala, því hún hafi spurst fyrir hjá tveimur læknum hér, sem ekki þekktu til sjúkdómsins.

„Það er þungu fargi af mér létt að þetta er komið á þetta stig. Nú fer ég í blóðprufu á morgun [í dag],“ segir hún.

Eins og kom fram í blaðinu í gær er CTD efnaskiptagalli sem getur lýst sér á marga vegu. Sérlega ógnvænlegt þykir að ungt fólk, áður án einkenna, getur látist fyrirvaralaust úr veikinni.

Sjúkdómurinn komst í hámæli í Færeyjum í sumar þegar 25 ára kona var greind með hann á föstudegi og boðuð í lyfjagjöf á mánudegi. Hún lést á sunnudagsmorgni. Árið áður hafði frændi Halldóru, 21 árs gamall, orðið sama sjúkdómi að bráð.



**HALLDÓRA STORÁ** Halldóra er frá Skopun á Sandey, en á Sandey bera hlutfallslega flestir sjúkdóminn í sér. Fólk getur verið einkennalaust alla ævi. Halldóra ætlar í skoðun í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLI KR.

Nú líta margir Færeyingar til baka og spyrja sig hvort einhver bráðkvaddur ættinginn hafi ef til vill látist úr CTD. Frænka Halldóru er í þessum hópi, því fyrir utan fyrrgreind börn missti hún hvítvoðung. Sú stúlka hefði verið um fertugt í dag.

„Þetta er hræðilegt,“ segir Halldóra. „Það var aldrei staðfest að hún hefði verið með þennan sjúkdóm. Þetta hefur ekkert verið kannað fyrr en núna.“

Halldóra þekkir dæmi um fólk sem hefur verið greint með CTD en hafði ekki vitað að nokkuð amaði að því. „Þetta er rosalega mikið áfall. En nú er þetta fólk komið á lyf og líður þá miklu betur,“ segir Halldóra. klemens@frettabladid.is

Ákærður af ríkissaksóknara:

## Ölvaður á hesti hrækti á löggu

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir að vera drukkinn á hesti og hrækja síðan á lögregluvarðstjóra.**

**Maðurinn var á ferð á hestinum í Hallárdal við Hallá í Austur-Húnavatnssýslu í september 2008. Hann er ákærður fyrir að hafa verið svo ölvaður að hann hafi ekki verið fær um að stjórna hestinum örugglega.**

**Þegar lögregla hafði stöðvað ferð hans og var með hann í lögreglubíl á leið á Blönduós hrækti hann á lögregluvarðstjóra.** - jss

Hækkað bensínverð:

## 52.000 króna útgjöld á ári

**ALÞINGI** Venjuleg fjölskylda þarf 100.000 króna heildartekjur til að standa undir hækkunum á bensínverði undanfarið ár. Þetta staðhæfði Ásbjörn Óttarsson, Sjálfstæðisflokki, á Alþingi í gær.

Skattahækkanir um síðustu áramót hefðu hækkað verð á hverjum bensínlítra um 26 krónur. 37 króna hækkun mætti að auki rekja til þróunar á heimsmarkaðsverði. Kostnaðaraukinn af þessum hækkunum fyrir venjulega fjölskyldu væri 52.000 krónur á ári og til að eiga fyrir því þurfi að vinna sér inn 100.000 krónur í heildarlaun. - pg

**SÓMALÍA**

**Sjóræningjar ræna bílalest**

Árás sómalískra ræningja, sem hingað til hafa einbeitt sér að sjóránum, á bílalest með hjálpargögn veldur hjálparstofnunum áhyggjum. Þrír flutningabílar og bílstjórar þeirra eru í haldi ræningjanna. Sjóræningjar hafa rænt birgðaflutningaskip en hafa hingað til ekki rænt flutningabíla.




Catalina Mikue Ncogo aftur fyrir Héraðsdóm Reykjaness:

# Ákærð fyrir mansal og vændi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært Catalinu Mikue Ncogo fyrir hagnýtingu vændis, mansal, frelsissviptingu og ólögmæta nauðung. Catalina er einnig ákærð fyrir hótanir, fyrir að hafa hrækt á lögreglumann og tvær líkamsárásir. Hún neitaði sök í öllum ákæruliðunum fyrir Héraðsdómi Reykjaness, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Catalina er enn í gæsluvarðhaldi, þar sem talin er hætta á að hún taki upp fyrri iðju. Hún hefur áður verið dæmd í Héraðsdómi Reykjaness í tveggja og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft viðurværi af umfangsmiklu vændi fjölmargra kvenna sem hún hélt úti í miðborg Reykjavíkur. Þá var hún einnig dæmd fyrir að hafa skipulagt og staðið að innflutningi á 400 grömmum af



**CATALINA MIKUE NCOGO** Ákæran á hendur Catalinu er í átta liðum.

kókaíni til landsins frá Hollandi.

Hún var þá sýknuð af ákæru um mansal. Tveimur dögum eftir að hún var dæmd í byrjun desember var hún handtekin aftur og hefur setið inni síðan.

Dómari í héraðsdómi úrskurðaði í gær að þinghaldið nú yrði lokað. Aðalmeðferð málsins var ákveðin 12. og 15. mars næstkomandi. - jss




Styrktaraðilar
Síminn
Arion banki
Íslenskt grænmeti

## GENGIÐ 02.03.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,92 | 129,54 |
| Sterlingspund | 192,40 | 193,34 |
| Evra | 174,00 | 174,98 |
| Dönsk króna | 23,378 | 23,514 |
| Norsk króna | 21,567 | 21,695 |
| Sænsk króna | 17,885 | 17,989 |
| Japanskt jen | 1,4474 | 1,4558 |
| SDR | 196,75 | 197,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 230,2753

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landlæknir segir að skoða þurfi vandlega áform um einkarekinn spítala á Ásbrú:

# Áhrif á íslenska heilbrigðiskerfið metin

**HEILBRIGÐISMÁL** Meta þarf hvort og þá hvaða áhrif starfsemi einkarekins spítala á Ásbrú (gamla varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli) hefur á íslenska heilbrigðiskerfið. Þetta segir Geir Gunnlaugsson landlæknir.

Forvígismenn spítalans hafa óskað eftir fundi með Geir og er hann fyrirhugaður við fyrsta hentugleika. Fram hefur komið að ætlun þeirra er að veita sérhæfða þjónustu, fyrst og fremst fyrir útlendinga.

Geir vill ekki láta uppi eigin skoðanir á hugmyndum um einkarekinn spítala og kveðst ætla að meta málið án þess að gefa sér skoðanir á því fyrirfram. „Ég vil skoða hvaða hugmyndir eru í gangi, við hverju má búast og hver áhrifin gætu orðið,“ segir hann. Að auki þurfi að fara yfir hvort sú þjónusta sem bjóða á upp á standist þær kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisþjónustu á Íslandi. „Að öðru leyti er þetta pólitísk ákvörðun og ég ætla ekki að lýsa yfir pólitískri afstöðu til málsins.“

Geir bendir á að nú þegar sé talsvert um einkarekna heilbrigðisþjónustu í landinu. Margvíslegar rannsóknir og aðgerðir auk margs annars fari fram á einkastofum lækna. **- bþs**



GEIR GUNNLAUGSSON

Hafró við mælingar:

# Allt fullt af síld í Grundarfirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Allt er nú fullt af síld í Grundarfirði, að sögn vestlenska fréttablaðsins Skessuhorns. Telja heimildarmenn blaðsins að allt að hálf milljón tonn af síld sé þar að finna.

Hafrannsóknaskipið Dröfn hefur verið við mælingar á Breiðafirði og sýnatöku undanfarna daga og hefur nokkrum tonnum verið landað í Grundarfirði og fryst. Skessuhorn segir að síldartorfurnar séu mjög þéttar. Þær nái frá botni að yfirborði og gangan nái inn í Kolgrafarfjörð. **- kóp**

Frestanir í skipulagsráði:

# Domus og hótel áfram óafgreitt

**SKIPULAGSMÁL Afgreiðslu leyfa fyrir tvær umdeildar framkvæmdir á Heilsuverndarreitnum við Barónsstíg og Egilsgötu var frestað á síðasta fundi skipulagsráðs Reykjavíkur. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu sækir húsfélag Domus Medica um leyfi fyrir þriggja hæða viðbyggingu ásamt bílageymslu á tveimur hæðum. Þessum áformum hafa íbúar við Egilsgötu og eigandi gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar mótmælt með vísan í aukna bílaumferð. Eigandi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir sitt leyti vill fá heimild til að innrétta bygginguna þannig að Icelandair Hotels geti hafið þar rekstur í vor.** **- gar**

Karadzic fyrir rétti:

# Segir fjöldamorð uppspuna

**HOLLAND, AP** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, segir að fjöldamorðin í Srebrenica og 44 mánaða umsátur um borgina Sarajevo séu einber uppspuni. Allur málatilbúnaður á hendur sér vegna stríðsglæpa sé byggður á fölsunum.



RADOVAN KARADZIC

Karadzic heldur í dag áfram að lesa yfirlýsingu sína fyrir stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag, þar sem hann sætir alvarlegum ákærum vegna Bosníustríðsins árin 1992-95.

Hann segist ætla að færa fram sönnur á sakleysi Serba í málsvörn sinni. **- gb**

# Kosið um breytingu á lögum

**Í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag verður ekki tekin afstaða til réttmætis þess að greiða af Icesave. Kosið er um hvort breytingar á lögum um ríkisábyrgð taki gildi eða ekki. Óvissa er um hvað tekur þá við.**

**STJÓRNSÝSLA** Í fyrsta skipti á lýðveldistímanum gefst þjóðinni færi á að kjósa um tiltekið mál í beinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Málið sem liggur fyrir er hvort lög um breytingar á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave taki gildi.

Raunar hefur hún þegar tekið gildi, þar sem breytingarlögin tóku gildi þrátt fyrir synjun forseta Íslands. Eftir þeim hefur hins vegar, eðlilega, ekki verið farið og því er það þjóðarinnar að ákveða hvort svo verði.

Í upplýsingabæklingi ríkisstjórnarinnar er tilgreint hvað gerist eftir því hvort lögunum verður hafnað eða ekki. Þar segir að verði lögin samþykkt séu helstu óvissuþættirnir hvaða greiðslur fáist út úr slitameðferð Landsbanka Íslands hf. og hvenær þær berist. Að auki hvaða áhrif gengisþróun, hagvöxtur og aðrar aðstæður í þjóðarbúinu hafi.

Verði breytingartillögunni hafnað telst helsta óvissan hvaða ákvarðanir stjórnvöld á Íslandi, í Bretlandi og Hollandi taki um framhald málsins. Þá sé sama óvissan uppi um greiðslur úr slitameðferðinni.

Það er því alls ekki rétt, sem sumstaðar hefur verið ámálgað, að kosningarnar snúist um hvort greiða eigi skuldirnar sem urðu til vegna Icesave-reikninganna. Verði breytingarlögunum hafnað standa fyrri lögin eftir.

Semja þarf þó upp á nýtt þar sem Icesave-samningarnir frá í júní og október gætu ekki tekið gildi. Þar er kveðið á um að Bretar og Hollendingar samþykki fyrirvara Íslendinga. Þeir hafa þegar hafnað þeim.

kolbeinn@frettabladid.is




**UTANKJÖRFUNDUR** Þjóðaratkvæðagreiðslan er þegar hafin. Að öllu óbreyttu verður kjördagur á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

| | LÖGIN FRÁ Í SEPTEMBER | LÖG UM BREYTINGAR |
|---|---|---|
| Greiðslutími | Verði eftirstöðvar af láninu 2024 verði að semja upp á nýtt. | Verði eftirstöðvar af láninu 2024 framlengist samningur til 2030 og þá um fimm ár til ef með þarf. |
| Fyrirvarar samþykktir | Ríkisábyrgðin tekur ekki gildi fyrr en Bretar og Hollendingar hafa samþykkt fyrirvara. | Fellt úr gildi. Bretar og Hollendingar höfnuðu sumum fyrirvörum. |
| Tryggingarsjóður | Skuldbindingar Tryggingarsjóðs séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgð. | Fellt úr gildi. |
| Forsendur ríkisábyrgðar | 1) Lánasamningar túlkaðir í samræmi við Brussel-viðmið (um erfiðar og fordæmalausar aðstæður Íslands.) 2) Komið verði í veg fyrir aðför að eignum Íslands. 3) Yfirráð yfir náttúruauðlindum tryggð. | 1) Brussel-viðmið aðeins til hliðsjónar, ekki beitt við túlkun. Ensk lög gilda um samningana. 2) Sagt tryggt. 3) Sagt tryggt. |
| Greiðsluhámark | Sett hámark á afborganir sem ekki verði farið yfir. | Sett hámark á afborganir, en þó tryggt að vextir verði ávallt greiddir sem gætu farið yfir hámark, en talið ólíklegt. Gólf á greiðslum þar sem vaxtagreiðslur eru tryggðar. |
| Hagtölur | 1) Mat Eurostat á vergri landsframleiðslu. 2) Miðað við meðallag miðgengis Seðlabankans árlega. | 1) Mat AGS á vergri landsframleiðslu. 2) Miðað við meðallag miðgengis Seðlabankans ársfjórðungslega. |
| Forgangskröfur | Látið reyna á hvort kröfur Tryggingarsjóðs í þrotabú Landsbankans séu forgangskröfur. | Svipað ákvæði í viðaukasamningum. Þó veigamikill munur: 1) Ekki útilokað að viðsemjendur eigi frekari kröfur en sjóðurinn. 2) Niðurstaða íslenskra dómstóla má ekki vera í andstöðu við ráðgefandi álit EFTA-dómstóls. 3) Niðurstöður íslenskra dómstóla breyta ekki sjálfkrafa samningi. |




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SKÚRIR EÐA ÉL**
Útlit er fyrir blautt veður um sunnan- og vestanvert landið næstu daga en fyrir norðan og austan verður úrkomulítið og bjartara. Það fer einnig hlýnandi með fremur stífri suðvestanátt og má búast við samfelldri rigningu suðvestan til á föstudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 7° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 5° |
| Orlando | 15° |
| Ósló | -2° |
| París | 9° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

**Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum**




Útborgun

# 0 kr.

Eftirstöðvum dreift
á 12 mánuði.*

**2.000 kr. inneign á
mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 29.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

## Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá

Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube. Flottur til að fara á netið.

- 3G
- Snertiskjár
- 5 megapixla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth




Útborgun

# 0 kr.

2.000 kr. afborgun á
mánuði í 12 mánuði.

**2.000 kr. inneign á
mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 24.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

## Fallegur og traustur sími með 3MP myndavél

Síminn er með 1 GB innra minni auk þess sem hann styður allt að 8 GB microSD minniskort.

- 3G
- Íslenskt valmyndakerfi
- 3 megapixla myndavél
- 1 GB minni
- Bluetooth

# 3G símar með 24 þús. kr. inneign yfir 12 mánuði.

ENNEMM / SÍA / NM41217

**Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta vinahópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.**

Stærsti
vinahópur
á Íslandi

ring

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

**KJÖRKASSINN**



*Horfðir þú á beina útsendingu frá afhendingu Eddu-verðlaunanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,6% |
| Nei | 74,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú boðuð verkföll flugumferðarstjóra?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Ragnheiður Ríkharðsdóttir fékk hálfa milljón frá Baugi vegna prófkjörs 2006:

# Fékk fjórar milljónir í framlög vegna prófkjörs

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fékk alls fjórar milljónir og 250 þúsund krónur í framlög vegna prófkjörs fyrir alþingiskosningarnar 2007, þar af hálfa milljón króna frá Baugi Group ehf.

Önnur framlög lögaðila námu 2.750.000 krónum, undir hálfri milljón hvert og eitt. Ein milljón kom frá einstaklingum. Ragnheiður reiddi svo fram tæpar 2,5 milljónir úr eigin vasa.

Ragnheiður hefur sent blaðinu uppgjör um þetta, en Ríkisendurskoðun hafði hafnað beiðni hennar um að birta það. Lögbundin skylda stofnunarinnar til að birta þessar upplýsingar rann út um áramót, en með bráðabirgðaákvæði í lögum var henni gert að birta slík gögn aftur í tímann.

Ragnheiði bar ekki skylda til að birta þessar upplýsingar. Hún gerir það til að koma í veg fyrir að leynd um framlögin verði til að draga úr trausti á setu hennar í nefnd sem á að bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Þingmaðurinn ítrekar þó í bréfi til blaðsins þá skoðun sína að lögin eigi ekki að vera afturvirk.

Með því að nefna Baug gerist Ragnheiður þriðji þingmaður Sjálfstæðisflokksins til að nafngreina styrktaraðila í prófkjörinu 2007. Það hafa þau Illugi Gunnarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir einnig gert. **- kóþ**



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Framlög til Ragnheiðar eru ekki ýkja há miðað við samflokksmenn hennar í sömu kosningum. Þá söfnuðu sumir allt að 25 milljónum til að komast inn á þing. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MARK THOMPSON** Forstjóri BBC kynnir samdráttinn. NORDICPHOTOS/AFP

Breska ríkissjónvarpið BBC:

## Dregur úr umsvifum sínum

**BRETLAND** Breska ríkisútvarpið BBC ætlar að leggja niður tvær af sérhæfðari útvarpsrásum sínum og fækka vefsíðum til að ná fram hagræðingu í rekstri. Einnig verður dregið úr kaupum á amerísku sjónvarpsefni.

Alls verða útgjöld dregin saman um fjórðung.

Með þessu er hugmyndin að spara 600 milljónir punda, eða um 115 milljarða króna, en það fé verður notað til að efla fréttaflutning, framleiða vandaðri breska sjónvarpsþætti, styrkja vandað barnaefni og dagskrárefni sem eflir samstöðu í bresku samfélagi. **- gb**

Embætti sérstaks saksóknara:

## Enginn hagur af því að leka

**LÖGREGLUMÁL Embætti sérstaks saksóknara hefur engan hag af því að rannsóknarupplýsingar séu birtar í fjölmiðlum, og hafnar ásökunum um að gögnum hafi verið lekið í fjölmiðla af starfsmönnum embættisins.**

**Í yfirlýsingu frá Ólafi Þór Haukssyni, sérstökum saksóknara, er bent á að gögn sem vísað hafi verið til í fjölmiðlum undanfarið hafi meðal annars verið afhent verjendum sakborninga.**

**Greiður aðgangur sem lög veiti verjendum að gögnum geri það að verkum að embættið getur ekki hindrað að gögnin fari víða, segir í yfirlýsingunni. - bj**

**SAMFÉLAGSMÁL**

**Hannaði hjartsláttarnema**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti í gær Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands. Verðlaunin hlaut Ásgeir Bjarnason fyrir hönnun á súrefnismettunar- og hjartsláttarmæli. Takmark hans er að hanna mælitæki sem hægt er að græða í tilraunadýr.



**BRESKI SEÐLABANKINN** Á þriðja hundrað milljarðar króna í eigu bús Landsbanka Íslands eru geymdir á lágvaxtareikningi í breska seðlabankanum. NORDICPHOTOS/AFP

# Varasamt að færa féð úr Englandsbanka

**Slitastjórn Landsbankans hefur ekki talið óhætt að hreyfa við háum fjárhæðum búsins í seðlabanka Bretlands. Hætta er á að kröfuhafar frysti peningana. Samkomulag við bresk yfirvöld og viðkvæm staða Icesave spilar einnig inn í.**

**VIÐSKIPTI** Þrotabú Landsbankans á háa fjárhæð, jafnvel 220 milljarða króna, á reikningi í Bank of England sem er seðlabanki Englands. Vextir á reikningnum eru mjög lágir eins og jafnan er með reikninga í seðlabönkum. Peningarnir eru afborganir af útlánum Landsbankans.



**PÁLL BENEDIKTSSON**

Ástæða þess að peningarnir eru geymdir við jafn kröpp kjör og raun ber vitni er fyrst og fremst sú að skilanefnd Landsbankans hefur metið mjög áhættusamt að færa þá til ávöxtunar í viðskiptabönkum í Englandi.

„Flestir stærri bankar í Englandi, sem og alþjóðlegu bankarnir sem þar starfa, hafa gert kröfur á Landsbankann. Það er því varasamt af okkar hálfu að færa féð til banka sem gæti fryst það á móti sínum kröfum," segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndarinnar.

Þó að kröfur banka í bú Landsbankans séu metnar almennar og ólíklegt talið að þær fáist greiddar gætu bankarnir hæglega ákveðið að frysta féð þar til endanlega yrði skorið úr um lögmæti krafna þeirra. Slíkt ferli gæti tekið nokkur ár.

Páll segir leiða leitað til að koma peningunum á hagstæðari reikninga. „Við höfum unnið að því að reyna að finna traustar og áhættulitlar leiðir til að fá hærri vexti og það getur vel verið að slík leið finnist á næstu mánuðum. En fram til þessa hafa menn ekki talið sig hafa nægilega fast land undir fótum."

En fleira spilar inn í. Í framhaldi bankahrunsins í október 2008 upphófust flóknar samningaviðræður við bresk yfirvöld um meðferð eigna og skulda Landsbankans í Lundúnum. Kröfðust Bretarnir meðal annars þess að taka yfir verðmæt lánasöfn bankans. Úr varð að Landsbankinn hélt sínu gegn því að féð yrði geymt tímabundið í Englandsbanka.

Icesave-viðræðurnar hafa einnig haft sitt að segja og valdið tortryggni milli manna.

Páll segir að hvað sem öðrum málum líði hafi skilanefnd Landsbankans forræði yfir peningunum. Áhættan á frystingu auk viðkvæmra samskipta milli landanna hafi ráðið því að til þessa hafi ekki verið ástæða til að taka stór skref í að hreyfa þessa fjármuni til.

**bjorn@frettabladid.is**




N1 Deildin
2009 - 2010

KONUR

Miðvikudagur

| | | |
|---|---|---|
| KA heimilið | KA/Þór - Valur | 19:00 |
| Kaplakriki | FH - Stjarnan | 19:30 |
| Fylkishöll | Fylkir - Haukar | 19:30 |
| Framhús | Fram - Víkingur | 20:00 |

Flugumferðarstjórar samþykkja fimm stutt verkföll til að leggja áherslu á kröfur:

# Fyrsta verkfallið hefst 10. mars

**SAMGÖNGUR** Mikill meirihluti félagsmanna í Félagi íslenskra flugumferðarstjóra samþykkti að boða til fimm stuttra verkfalla í mars til að leggja áherslu á kröfur félagsins í viðræðum um kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins. Fyrsta verkfallið verður eftir viku, miðvikudaginn 10. mars.

Öll verkföllin munu standa í fjórar klukkustundir, frá því klukkan 7.00 til 11.00 að morgni. Verkföll eru boðuð 10. mars, 12. mars, 15. mars, 17. mars og 19. mars, að því er fram kemur í tilkynningu frá flugumferðarstjórum.

Verkfallið nær til allra flugumferðarstjóra hjá Keflavíkurflugvelli ohf. og Flugstoðum ohf. Flugumferðarstjórar munu sinna sjúkra- og neyðarflugi í verkfallinu, sem og veita þeim þotum þjónustu sem fljúga ætla fram hjá landinu án þess að hafa hér viðkomu.



**FLUGUMFERÐ** Tímasetningar á boðuðum aðgerðum flugumferðastjóra eru gerðar til að valda sem mestri truflun, segir upplýsingafulltrúi Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vonumst til þess að samningar takist áður en til verkfalla kemur," segir Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoða. Hún segir þó jákvætt að flugumferðarstjórar ætli ekki að stöðva alþjóðaflugið.

„Það er nokkuð ljóst að tímasetningarnar á þessum aðgerðum miða við að valda sem mestri truflun á flugi Icelandair," segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Hann segir að ekki hafi verið reiknað út hvað aðgerðirnar gætu kostað félagið. **- bj**

# 100 KRÓNUR

**AF HVERJUM SELDUM PAKKA RENNA TIL ÁTAKSINS karlmennogkrabbamein.is***




**Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins**

***Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins karlmennogkrabbamein.is**

Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. Lyfjatyggigúmmí: skammtar mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Munnsogstöflur: skammtar af 1 mg mega aldrei vera stærri en 30 stykki á dag og af 2 mg mest 15 stykki á dag. Plástrar: skammtar eru einn plástur á sólarhring, hvaða styrkleika skal nota fer eftir því hversu mikið var reykt. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir sjúkdómurinn sem er hundraðfalt algengari í Færeyjum en annars staðar?*

2 *Hversu margir íslenskir starfsmenn Landhelgisgæslunnar eru nú í Chile?*

3 *Hversu mörg sveitarfélög eru á Íslandi í dag?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Karlmaður um fimmtugt dæmdur fyrir líkamsárás í héraðsdómi:

# Fékk þrjú ár fyrir hnífstungu

**DÓMSMÁL** Karlmaður um fimmtugt, Hans Alfreð Kristjánsson, hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í þriggja ára fangelsi fyrir að stinga mann með hnífi. Þá var hann dæmdur til að greiða fórnarlambinu 400 þúsund krónur í skaðabætur.

Tildrög málsins voru þau, að árásarmaðurinn hafði verið í sambúð með konu. Hlé varð á þeirri sambúð eftir að hann hóf refsiúttekt í kjölfar þriggja ára fangelsisdóms í apríl 2007. Þá refsingu hafði hann hlotið fyrir að stinga sambýliskonuna með hnífi, hella yfir hana bensíni og reyna að kveikja í henni með ónýtum eldfærum.

Í sambúðarhléinu nú hafði konan kynnst öðrum manni. Svo skipuðust mál að mennirnir lentu báðir á sama tíma heima hjá konunni á Akureyri. Áfengi var haft um hönd. Til orðaskipta kom þegar konan vildi að vinurinn yfirgæfi íbúðina en fyrrverandi sambýlismaðurinn yrði eftir. Sá síðarnefndi tók þá upp búrhníf með löngu blaði og stakk manninn í brjóstkassann vinstra megin þannig að hnífsblaðið gekk 3,5 til 4 sentímetra inn í brjóstvöðva hans. Árásarmaðurinn játaði verknaðinn í fyrstu hjá lögreglu, en breytti síðan framburði sínum fyrir dómi. Sagði hann þá að um slysaverknað hefði verið að ræða. - jss




**AKUREYRI** Héraðsdómur Norðurlands eystra á Akureyri kvað upp dóminn.

Betri afkoma hjá Strætó:

# Þarf ekki að skerða þjónustu

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. hagnaðist um 296 milljónir króna á síðasta ári eftir fjármagnsliði. Verulegur viðsnúningur hefur orðið á neikvæðri stöðu eigin fjár, samkvæmt tilkynningu á vef fyrirtækisins.

Eigið fé Strætó var neikvætt um 150 milljónir króna í fyrra, en var neikvætt um 638 milljónir árið á undan. Í tilkynningunni segir að viðsnúningurinn á rekstrinum þýði að hægt verði að halda uppi óbreyttu þjónustustigi þrátt fyrir kostnaðarhækkanir. - bj

Vorrall Hafró hafið:

# Leita botnfisks á 600 stöðum

**LÍFFRÆÐI Vorrall Hafrannsóknastofnunar, eins og stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum er jafnan kölluð, hófst síðustu helgina í febrúar og stendur yfir næstu þrjár vikurnar. Fimm skip taka þátt í verkefninu: þrjú togskip auk rannsóknaskipa Hafró. Alls verður togað á um 600 stöðvum vítt og breitt á landgrunninu á 20 til 500 metra dýpi.**

**Vorrallið hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti á hverju ári síðan 1985. Úrvinnsla mælinganna og aldursgreiningar fara fram í lok mars og fyrstu niðurstöður verða kynntar í apríl.** - shá

## VIÐSKIPTI

### Skilanefnd selur spítalalóð

Skilanefnd Kaupþings hefur ákveðið að selja lóð í miðborg London þar sem áður stóð sjúkrahús. Fram kemur á vef skilanefndarinnar að ráðgjafafyrirtæki hafi verið ráðið til að selja lóðina.

## LÖGREGLAN

### Tíðir bílaþjófnaðir

Talsvert er um að bílum sé stolið á höfuðborgarsvæðinu og því vill lögreglan ítreka að þeir séu ekki skildir eftir ólæstir og í gangi. Tíðar tilkynningar um bílastuld bera vott um að ökumenn þurfi að gera miklu betur í þessum efnum.

d:fi
POWER VIKA
1.– 5. MARS
Þú kaupir eina d:struct 150g og færð eina 75g frítt með. Fæst á næstu hársnyrtistofu




frítt



**ELDAR LOGA** Þykkur reykur barst frá matvörubúð í Concepcion í Chile í gær, þar sem hermenn stóðu vörð. NORDICPHOTOS/AFP

# Flóðbylgjur skullu á strandbyggðunum

**Þúsundir hermanna í Chile hafa varið tíma sínum í að stöðva gripdeildir meðan björgunarfólk vinnur hörðum höndum í rústum húsa. Fjörutíu eftirlaunaþegar á sumarferðalagi í langferðabifreið fórust þegar flóðbylgja skall á þorpi.**

**CHILE, AP** Svo virðist sem dregið hafi verulega úr gripdeildum í Concepcion í Chile, næststærstu borg landsins, en hún varð einna verst úti í jarðskjálftanum á laugardag.

Stjórn landsins lagði mikla áherslu á að stöðva þjófnaði úr verslunum og sendi fjórtán þúsund manna herlið þeirra erinda á vettvang, meðan björgunarfólk vann hörðum höndum að því að bjarga fólki úr rústum húsa.

Þjófnaðaraldan sem braust út strax um helgina gerði það að verkum að erfiðara var að útvega mat og aðrar nauðsynjar handa nauðstöddum, þar sem verslanir höfðu víða verið tæmdar og jafnvel kveikt í þeim.

Í gær voru 723 dauðsföll staðfest, en óttast er að sú tala muni hækka eitthvað. Flest dauðsföllin urðu í litlum byggðarlögum við ströndina fyrir miðju landsins, næst upptökum skjálftans. Flóðbylgja skall á þessum byggðum stuttu eftir að jarðskjálftinn reið yfir eldsnemma á laugardagsmorgni.

Meðal annars fórust þar um 40 eftirlaunaþegar, sem voru á sumarferðalagi í langferðabifreið skammt frá sjávarþorpinu Pellehue. Þar hafði hópurinn numið staðar á áningarstað yfir nóttina. Þegar skjálftinn reið yfir hélt hópurinn á brott hið fyrsta til að komast frá ströndinni, en það dugði ekki til því þrjár flóðbylgjur skullu af miklum krafti á ströndinni og náðu allt að 200 metra inn á land.

Í gær höfðu einungis fundist lík fimm manna úr þessum hópi eldri borgara.

Íbúar í Chile þekkja vel hættuna af flóðbylgjum í kjölfar jarðskjálfta. Vegaskilti vísa leiðina upp til hærri svæða þar sem fólk er óhult fyrir flóðunum.

Í bænum Pelluhue hljóp fólk hópum saman af stað og hrópaði á nágranna sína að koma sér út úr húsunum.

„Um það bil 20 mínútum eftir skjálftann komu þrjár flóðbylgjur, tvær þeirra gríðarmiklar, um sex metra háar, og sú þriðja jafnvel enn stærri. Sú fór yfir allt," sagði Claudio Escalona, rúmlega fertugur maður sem náði að komast upp á hæð fyrir ofan bæinn.

„Við heyrðum óp í börnum, konum og öllum," sagði hann. „Síðan féll ógnvekjandi þögn yfir."

Bærinn er nú rústir einar. Heimilistæki, föt og dauðir fiskar liggja út um allt eins og hráviði. Ástandið er svipað víða í sjávarþorpum á þessum slóðum.

gudsteinn@frettabladid.is

Frumvarp Kristjáns L. Möller:

# Eftirlitsnefnd sveitarfélaga fær upplýsingar

**SVEITARFÉLÖG Frumvarp sem veitir eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skýra heimild til að kalla eftir ársfjórðungslegum reikningsskilum frá sveitarfélögum var samþykkt í ríkisstjórn í gær.**

**Þar er kveðið á um að eftirlitsnefndin fái sömu heimildir og löggiltir endurskoðendur sveitarfélaga til þess að afla upplýsinga hjá sveitarfélögum.**

**Formleg heimild hefur ekki verið til staðar fram að þessu. Samkvæmt heimildum hafa einstök sveitarfélög verið treg til samstarfs við nefndina vegna þess. Stefnt er að afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi fyrir vorið.** - pg



**MUHHAMMED TAHIR-UL-QADRI** Stofnandi samtaka sem berjast fyrir hófsamri íslamstrú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogi múslimasamtaka:

# Bannar allar sjálfsvígsárásir

**BRETLAND, AP** Muhammad Tahir-ul-Qadri, leiðtogi alþjóðlegra samtaka múslima, hefur gefið út trúaryfirlýsingu, svokallaða ‚fatwa', sem bannar sjálfsvígsárásir.

Tahir-ul-Qadri er fyrrverandi þingmaður frá Pakistan. Hann birti yfirlýsinguna, sem er 600 blaðsíðna löng, í London í gær og segir hann innihalda afdráttarlaust bann við hvers kyns hryðjuverkum.

Allir trúarleiðtogar múslima geta gefið út yfirlýsingar, sem litið er á sem lög þótt þær hafi mismunandi mikið vægi. - gb

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!
ÞVOTTA DAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!
ORMSSON
530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
Elektro Helios



UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
Portúgal
með VITA
Salan er hafin
Fjölskylduparadísin
Albufeira
á einstöku verði
Kíktu á verðið!
Paladim ★★★
05. júní – 12. júní 7 nætur
Verð frá 77.780 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára) í íbúð m/1 svefnherbergi.
* Verð án Vildarpunkta 87.780 kr.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Forte da Oura ★★★
05. júní – 12. júní 7 nætur
Verð frá 86.080kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
Verð á mann m.v. 2 í stúdíóíbúð.
* Verð án Vildarpunkta 96.080 kr.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar gisting og íslensk fararstjórn.
Flugáætlun
9. maí
27. maí
5. júní
12. júní
Vildarklúbbur
Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur
Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.
VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is
vita




**STYTTIST Í BOLTANN** Suður-afrískur fótboltaunnandi tók þátt í fögnuði í Durban í gær þegar hundrað dagar voru í heimsmeistaramótið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lilja Mósesdóttir vill að hætt verði að tipla á tám í kringum útrásarvíkinga:

# Vill setja skuldsett félög í þrot

**ALÞINGI** „Við tryggjum ekki atvinnu og velferð í landinu nema við hættum að tipla á tánum í kringum kröfuhafa og útrásarvíkinga,“ sagði Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, í umræðum á Alþingi í gær.

Hún sagði að við þessar aðstæður væri það meðal brýnna atvinnuskapandi aðgerða „að setja „skuldsett fyrirtæki fjárglæframanna í þrot. Hér á landi hafa fjárfestar fyrst og fremst áhuga á að kaupa stórfyrirtæki,“ sagði Lilja. „Velta má fyrir sér hvers vegna ákveðnir fjárfestar hafa svo mikið fjármagn milli handanna. Líklegast er að þetta fé sé tilkomið í gegnum skuldsettar yfirtökur fjárfestingarfélaga á rekstrarfélögum sem nú eru tæmd af öllum eignum.“

Lilja sagði nauðsynlegt að setja þessi fjárfestingarfélög og eignarhaldsfélög sem fyrst í þrot til þess að hægt verði að „þjóðnýta illa fengið fé og til þess að tryggja að þeir sem best eru til reksturs fallnir eignist rekstrarfélögin þegar þau fara í sölu“. - pg



**LILJA MÓSESDÓTTIR** Hún segir það mikilvæga forsendu endurreisnar að setja skuldsett fjárfestingarfélög í þrot.

Rekstrarstjóri dæmdur:

# Sveik fé út úr raftækjaverslun

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að draga sér fé úr raftækjaverslun.

Maðurinn var rekstrarstjóri í versluninni Johan Rönning ehf. á Reyðarfirði. Hann seldi viðskiptavini raftæki úr versluninni fyrir 377 þúsund krónur. Rekstrarstjórinn lét viðskiptavininn leggja peningana inn á sinn eigin reikning og notaði þá í eigin þágu. Jafnframt reyndi hann að rangfæra birgðabókhald. - jss

Líkamsárásir kærðar:

# Tapsár íþróttamaður sló til áhorfanda

**LÖGREGLUMÁL** Ein þeirra fimm líkamsárása sem kærðar voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir síðustu helgi átti sér stað þegar tapsár íþróttamaður gekk af velli eftir leik og sló til áhorfanda.

Ekki hafa fengist upplýsingar um það á hvaða kappleik þetta átti sér stað. Áhorfandinn slasaðist ekki en kærði samt árásina.

Þá voru tvær tennur slegnar úr tvítugum pilti. Árásarmaðurinn, sem er nokkrum árum eldri, var handtekinn og færður í fangageymslu.

Loks má nefna konu á sjötugsaldri sem handtekin var eftir að hafa látið ófriðlega á öldurhúsi. Hún hafði slegið bæði til starfsmanna og gesta. - jss

Bæjarstjóri Akureyrar bíður gagna frá Helga í Góu:

# Segir KFC vera kærkomna viðbót í bæinn

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Skipulagsnefnd Akureyrar frestaði afgreiðslu erindis þar sem farið var fram á lóð til handa skyndibitastaðnum KFC í bænum vegna þess að ónógar upplýsingar fylgdu erindinu. Í yfirlýsingu sem Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri Akureyrar, sendi Fréttablaðinu kemur jafnframt fram að skipulagsstjóra bæjarins hafi verið falið að afla frekari upplýsinga.

Erindið sem skipulagsnefnd frestaði á fundi sínum 10. þessa mánaðar var frá Helga Vilhjálmssyni, eiganda KFC, en Helgi er einnig oft kenndur við sælgætisgerðina Góu.

Hermann segir að þótt tilgreind hafi verið stærð lóðar í umsókn Helga hafi skort upplýsingar um fyrirhugaða byggingu, hæð hennar og umfang, sem og um þörf fyrir aðgengi gangandi vegfarenda og aðkomu ökutækja.

„Akureyri er einn alvinsælasti áfangastaður ferðafólks á Íslandi og hefur vaxið mjög sem slíkur á síðustu árum. Veitingastaður KFC yrði því kærkomin viðbót í blómlega flóru veitingahúsa hér í bæ, bæði fyrir ferðafólk og heimamenn,“ skrifar Hermann og segir að því beri að fagna erindi Helga Vilhjálmssonar. „Og þegar frekari gagna hefur verið aflað mun það að sjálfsögðu hljóta eðlilegan framgang hjá skipulagsnefnd. Akureyringar geta alltaf á sig blómum bætt.“ - óká


Orkuveita Reykjavíkur

Þinn styrkur – okkar framlag

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til mannúðar- og samfélagsmála, menningarmála, umhverfis- og útivistarmála og til íþrótta- og æskulýðsmála, þ.m.t. styrkjum til afreksfólks.

Við vekjum sérstaka athygli á að eingöngu er hægt að sækja um styrk á vef Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is

Sækja skal um styrk fyrir 26. mars næstkomandi.



• Nýir tímar, nýjar hugmyndir

www.or.is




**SIGMUNDUR ERNIR** Af hverju heldurðu ekki þessa ræðu yfir þingflokknum? var kallað fram í ræðu þingmannsins í gær? Ég er alltaf að því, svaraði hann að bragði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki þvælast fyrir framkvæmdum

**Stjórnarþingmaður segir atvinnuleysið áfellisdóm yfir stjórnvöldum. Ríki og sveitarfélög eigi ekki að bregða fæti fyrir framkvæmdir. „Kaghýddi ríkisstjórnina,“ segir stjórnarandstæðingur.**

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar hentu á lofti yfirlýsingu stjórnarþingmannsins Sigmundar Ernis Rúnarssonar, Samfylkingu, um að atvinnuleysið í landinu væri „áfellisdómur yfir stjórnvöldum þessa lands“.

Sigmundur lét ummælin falla á Alþingi í gær og sagði að efnahagshrun fyrir einu og hálfu ári gæti ekki verið afsökun fyrir því að ekki hafi gengið betur á síðustu misserum. Hann hvatti ríki og sveitarfélög til „að draga ekki lappirnar“ og þvælast ekki fyrir og bregða fæti fyrir framkvæmdir.

Sigmundur Ernir vitnaði í upplýsingar frá Samtökum atvinnulífsins um að 11.000 störf hefðu tapast á árinu 2008 og 2009 og að atvinnuleysi yrði tíu prósent á þessu ári og því næsta. „Þetta er óþolandi,“ sagði Sigmundur Ernir. Koma þyrfti eins mörgum framkvæmdum á framkvæmdastig og kostur er. Hann hvatti þingheim til að sýna samstöðu og koma atvinnulausum Íslendingum og verkefnalausum verktökum til hjálpar.

Í frammíkalli við ræðuna var Sigmundur Ernir spurður hvers vegna hann héldi ekki þessa ræðu á þingflokksfundi? „Ég er alltaf að því,“ svaraði hann.

Ásbjörn Óttarsson, Sjálfstæðisflokki, sagðist taka undir hvert orð Sigmundar Ernis og fagnaði því að hann bæri út boðskap Samtaka atvinnulífsins. Fram undan sé að skera niður um 50 milljarða í ríkisrekstri á næsta ári og því sé nauðsynlegt að skapa ný störf og afla nýrra gjaldeyristekna.

Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokki, sagði orð Sigmundar Ernis til marks um að „eldsvoðinn“ sem geisar innan VG hefði breiðst út til Samfylkingarinnar. Sigmundur Ernir hefði kaghýtt ríkisstjórnina fyrir framan alþjóð og væri greinilega búinn að gefast upp á að tala við þingflokk Samfylkingarinnar.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, þakkaði Sigmundi Erni hreinskilnina og sagðist taka undir með honum að atvinnuleysið væri áfellisdómur yfir stjórnvöldum og að ríki og sveitarfélög ættu ekki að þvælast fyrir framkvæmdum.

peturg@frettabladid.is

# Tryggðu þér hámarksárangur!

Fjarðarkaup bjóða upp á frábært úrval af hágæða EAS-vörum sem hjálpa þér að ná markmiðum þínum, hvort sem þau snúast um að missa nokkur kíló, byggja upp vöðva, auka orku eða almennt að komast í betra form.

EAS
ORKA • GRENNING • STYRKUR




349,-

3.590,-

379,-

**Precision Burner Light**
Góður og svalandi drykkur.
Eykur fitubrennslu, orku,
úthald og einbeitingu á æfingum.
Einungis 12 kaloríur!

**CLA pro**
Auðveldar fitubrennslu
og skerpir vöðva.

**Myoplex-máltíðar-drykkur - Carb Sense**
Hágæðaprótín og lágmarks kolvetni.
Frábært eftir ræktina.



VISA

**www.FJARDARKAUP.is**

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga



**VÉFRÉTT Í LEIÐSLU** Ein af opinberum spákonum tíbetsku útlagastjórnarinnar á Indlandi var í transi þegar hún mætti til hátíðarhalda í Dhamsala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ein milljón manna á þess kost að skoða sýningu á frægri göngugötu á Ítalíu:

# Ísland sett í öndvegi í Mílanó

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ljósmyndir frá Íslandi prýða nú eina fjölförnustu göngugötu Mílanóborgar, Corso Vittorio Emanuele. Ljósmyndasýningin var opnuð á Íslandsdegi í Mílanó síðastliðinn föstudag, af þeim Kristjáni L. Möller samgönguráðherra og Massimiliano Orsatti, yfirmanni markaðs- og ferðamála borgarinnar.

Alls tóku fulltrúar 23 íslenskra fyrirtækja, stofnana og samtaka þátt í Íslandsdeginum sem er sá fyrsti í röð margra sem Mílanóborg hefur boðað til af því tilefni að borginni hefur verið falið að halda heimssýninguna 2015.



**FRÁ MÍLANÓ** Ljósmyndasýningin er upplýst að næturlagi og til þess er nýtt orka sólarinnar. MYND/ÚTFLUTNINGSRÁÐ

Sigurður Þorsteinsson hönnuður hafði veg og vanda af vali Íslandsmyndanna en flestar þeirra eru eftir ítölsku ljósmyndarana Marco Stoppato og Amanda Ronzoni.

Um göngugötuna fer allt að ein milljón manna þessar tæplega tvær vikur sem sýningin stendur uppi. Myndunum, þrjátíu stórum ásamt fjölda smærri, er komið fyrir á fimmtán stórum stöndum sem útbúnir eru sólarsellum, þannig að myndirnar eru upplýstar að næturlagi.

Utanríkisráðuneytið stóð fyrir fjölmennu málþingi á Íslandsdeginum. Tíu ferðaþjónustufyrirtæki kynntu þar starfsemi sína. - shá

Líkamsárás kærð í Eyjum:

# Tveir tókust á við útidyr konu

**LÖGREGLUMÁL** Ein líkamsárás var nýverið kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Hún átti sér stað fyrir utan heimahús.

Þar hafði maður sem vildi komast inn til fyrrverandi sambýliskonu sinnar lent í útistöðum við mann sem reyndi að koma í veg fyrir það. Endaði þessi ágreiningur með handalögmálum án þess þó að nokkur hafi hlotið alvarlega áverka. Jafnframt braut maðurinn allar rúður í útidyrahurð húss sambýliskonunnar fyrrverandi. - jss

Samtökin Þjóðarheiður:

# Icesave varðar við lög og rétt

**UTANRÍKISMÁL** „Icesave-deilan varðar lög og rétt,“ segir í tilkynningu nýrra samtaka sem nefnast Þjóðarheiður – samtök gegn Icesave.

Í yfirlýsingu samtakanna segir að mistök hafi verið hjá stjórnvöldum að gera ágreining um málefni einkabanka að pólitísku og þjóðréttarlegu samningamáli.

„Um Icesave-útibú Landsbankans gilda skýrar lagareglur og þjóðin á heimtingu á, að stjórnvöld gæti þeirra hagsmuna sem þeim er falið að gæta, með heiður og sæmd almennings að leiðarljósi.“

Stjórn samtakanna skipa Elle Ericsson, Guðni Karl Harðarson, Jón Valur Jensson, Loftur Altice Þorsteinsson, María Jónasdóttir og Theódór Norðkvist. - óká

Félagsvinakerfi Rauða krossins til uppbyggingar atvinnulausum:

# Sjálfstraust atvinnulausra byggt upp

**VINNUMARKAÐUR** Virkir og óvirkir atvinnuleitendur eru leiddir saman í nýju verkefni Rauða krossins sem ber heitið Félagsvinir atvinnuleitenda. Markmið verkefnisins er að virkja þá sem hafa verið atvinnulausir lengi.

Rauði krossinn hélt námskeið fyrir sjálfboðaliða í janúar, þar sem þeim var meðal annars veitt fræðsla og þjálfun til að leiðbeina öðrum atvinnuleitendum í starfsleit sinni. Áhugasamir sjálfboðaliðar voru boðaðir í viðtöl og voru sautján valdir úr hópnum til að sitja fyrsta námskeiðið. Þeir hafa allir verið virkir í atvinnuleit og sjálfboðastarfi.

Að sögn Fjólu Einarsdóttur hjá Rauða krossinum hrynur sjálfstraust atvinnulausra oft niður eftir sex mánuði eða svo. „Það er mjög mikilvægt að byggja það upp aftur. Margt er í boði fyrir atvinnulausa, til dæmis í fullorðinsfræðslu, og félagsvinaverkefnið er leið til að benda á það.“ Samstarfsmenn Rauða krossins í verkefninu eru Efling, Iðan, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðsluskrifstofa Rafiðnar, Mímir og Vinnumálastofnun.

Í dag klukkan hálf eitt er fundur fyrir atvinnulausa í Rauðakrosshúsinu Borgartúni 25 og þar verða umræður um líðan atvinnuleitenda eftir langa leit að vinnu, þangað eru allir velkomnir. Sjálfboðaliðar úr hópi Félagsvina stýra fundinum. - sbt



**FJÓLA EINARSDÓTTIR** Margs konar námskeið og fræðsla er í boði fyrir atvinnulausa sem mikilvægt er að þeir nýti sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úðamaður ákærður:

# Þrjár úðamyndir í undirgöng

**DÓMSMÁL** **Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að úða með úðabrúsum á vegg í undirgöngum undir Miklubraut við Lönguhlíð í Reykjavík.**

**Maðurinn úðaði í ágúst á síðasta ári stóra mynd í ljósbláum lit af andliti og hálsi manns og textanum „OH ÉG ER STERKUR“ fyrir framan andlitið. Aðra minni mynd úðaði maðurinn af augum, nefi og munni manns með svörtum og bláum útlínum og gulum lit að innan, og textanum „Yo HOHies“ fyrir ofan með rauðum lit. Loks úðaði hann risastóra mynd af þremur fígúrum og tveimur táknum fyrir aftan þær í svörtum og bláum litum. Reykjavíkurborg krefur manninn um skaðabætur.** - jss




# Ómeidd eftir fall í hraunsprungu

**Kona um fertugt slapp með skrekkinn þegar hún féll niður í um fimm metra djúpa hraunsprungu. Vinkona hennar náði að kasta sér til hliðar þegar snjóbrú yfir sprunguna gaf sig. Sýna þarf aðgát þar sem snjór getur hulið hraunsprungur, segir björgunarmaður.**

**SLYS** Kona um fertugt þótti sleppa ótrúlega vel þegar hún féll í um fimm metra djúpa hraunsprungu skammt frá Helgafelli við Hafnarfjörð í gær. Sprunguna huldi um eins metra þykkur snjór.

Konan var á göngu í hrauninu með vinkonu sinni. Hún vildi ekki koma fram undir nafni, en sagði í samtali við Fréttablaðið að þær hefðu ekki áttað sig á að snjórinn hyldi sprungu fyrr en um seinan. Konurnar stigu á svipuðum tíma á snjóbrúna, en önnur náði að kasta sér til hliðar þegar snjórinn gaf sig.

Konan er lurkum lamin og hrufluð, en ekki alvarlega slösuð eftir slysið. Hún segir snjóinn sem brast hafa fallið á undan henni í sprunguna. Það hafi án efa bjargað miklu að lenda á snjó en ekki hörðu hrauninu. Snjórinn setti konuna þó einnig í hættu því meiri snjór hrundi ofan í sprunguna á eftir konunni, og gróf hún á kaf í snjóinn. Hún segist sem betur fer hafa náð að losa aðra höndina, og getað mokað frá andlitinu til að bjarga sér frá köfnun.

Samferðakonan hringdi strax á Neyðarlínuna, og voru björgunarsveitarmenn og slökkviliðsmenn fljótir á vettvang.

„Það var vissulega mikil hætta á ferðum, og hefði verið meiri ef konan hefði verið ein á ferð,“ segir Ari Jóhannes Hauksson, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Hann segir varasamt að fara um hraun utan þekktra gönguleiða þegar snjóþekja geti hulið hættulegar sprungur. Brýna verði fyrir göngufólki að fara varlega, og vera alls ekki eitt á ferð, síst af öllu utan hefðbundinna göngustíga.

Einn björgunarsveitarmanna var á ferð nærri svæðinu á þyrlu þegar útkallið kom. Hann brást skjótt við og ferjaði björgunarsveitarmenn á staðinn, auk þess að ferja konurnar af svæðinu eftir að björgunarstörfum var lokið.

brjann@frettabladid.is









**FAGNAÐARFUNDIR** Konan sem féll í sprunguna faðmaði vinkonu sína þegar hún kom upp úr sprungunni. Sprungan var þröng og um fimm metrar á dýpt. Björgunarsveitarmaður var fyrir tilviljun á ferð á þyrlu þegar útkallið kom, og flutti hann björgunarmenn á staðinn og konurnar af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrefaldur 1. vinningur

500.000.000
+1.500.000.000

00.000

Þrefaldur fyrsti vinningur stefnir í 500 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.500 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 3. MARS 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er þjóðarhag borgið með óhagkvæmu kerfi?

## Að missa spón úr aski sínum

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Bændasamtökin leggjast gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þetta gera þau áður en fyrir liggur aðildarsamningur til að leggja fyrir þjóðina.

Í ræðu sinni á Búnaðarþingi benti Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, á að ef ekki væri fyrir landbúnað hér þyrfti að flytja inn erlendar landbúnaðarvörur fyrir 100 milljónir króna á degi hverjum. Vandséð er af hverju formanninum þykir tilefni til að draga upp slíkt dæmi, nema hann óttist að landbúnaður leggist hér af.

Auðvitað væri fáránlegt að gefa sér að innganga Íslands í Evrópusambandið fæli í sér dauðann fyrir íslenskan landbúnað. Nær væri að ætla að uppstokkun á meingölluðu hafta- og styrkjakerfi sem hér hefur verið byggt upp verði landbúnaðinum lyftistöng og drifkraftur umbóta. Í þeim efnum gætu íslenskir bændur horft til reynslu Finna.

Núna er staðan þannig að miklar hömlur eru á innflutningi á landbúnaðarvörum og skattfé rennur í stríðum straumi til styrktar landbúnaði. Um leið eru bændur ekkert of sælir af því sem í þeirra hlut kemur og verð á landbúnaðarvörum er hátt. Hvaða hagsmuna er verið að gæta með varðstöðu um þetta kerfi?

Ef til vill þarf ekki að koma á óvart að forsvarsmaður hagsmunasamtaka sem samkvæmt fjárlagavef ríkisins fá á árinu í sinn hlut 667,5 milljónir króna finni því allt til foráttu að raska því kerfi. Í því ljósi er vert að skoða afstöðu Bændasamtakanna til Evrópusambandsins og tilmæla í greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar ESB vegna aðildarumsóknar Íslands.

Í greiningarskýrslunni eru raunar gerðar athugasemdir við að Bændasamtökunum sé falin stjórnsýsla landbúnaðarmála. Þannig sé Bændasamtökunum meðal annars ætlað það hlutverk að greiða ríkisstyrki til einstakra bænda. Þá sé öll tölfræði um íslenskan landbúnað vanþróuð og byggi í mörgum tilfellum á áætluðum stærðum fremur en rauntölum. Mælst er til þess að hér verði komið upp upplýsingakerfi fyrir móttakendur landbúnaðarstyrkja undir sameiginlegri stjórn og tryggt að árlega verði birtar upplýsingar um styrkþega. Bent er á að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið sé of veikburða til að sinna stjórnsýslu landbúnaðarmála. Hagsmunasamtökin virðast hafa bæði töglin og hagldirnar.

Það er alveg ljóst að komi til inngöngu í Evrópusambandið þá kallar það á uppstokkun á ríkjandi fyrirkomulagi. Ef hins vegar á að láta þá dæma um ágæti breytinganna sem sjá fram á að missa við þær spón úr aski sínum er hætt við að hér verði lítil framþróun. Nær væri að taka mark á ábendingum um úrbætur, hvort sem þær snúa að landbúnaði, eflingu sjálfstæðis dómstóla með breytingum á verklagi við skipan dómara, eða öðrum þáttum. Einangrunarhyggja og ótti við breytingar kann ekki góðri lukku að stýra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Riddarar réttlætisins

Ríkislögreglustjóri hefur fengið óvæntan liðsauka í baráttunni við lögleysu og glæpi – nánar tiltekið Frjálslynda flokkinn. Á mánudagskvöld birtist fréttatilkynning á heimasíðu flokksins þar sem upplýst var að eftirlýstur strokufangi sem ekkert hefur spurst til væri á leiðinni til Portúgal. Heimildarmaður flokksins kveðst hafa reynt að gera lögreglu viðvart, en verið tekið fálega. „Svona vinnubrögðum mun Frjálslyndi flokkurinn breyta“ stendur á heimasíðu flokksins. Hvernig, er óvíst enda á flokkurinn engan mann á þingi lengur. Kannski frjálslyndir taki lögin í eigin hendur og berjist við illþýðið grímuklæddir að nóttu til.

### Skjaldborgin fundin

Tilkynnt var í gær að Einar Karl Haraldsson hefði verið ráðinn tímabundið sem aðstoðarmaður iðnaðarráðherra. Ef ríkisstjórnin stæði sig jafn vel við að skapa störf fyrir almenning og fyrir Einar Karl Haraldsson værum við líklega í góðum málum. En það er þó búið að slá skjaldborg um eitt heimili.

### Ekki allir fábjánar

Tilvist og fjöldi fábjána á Íslandi bar á góma í spjalli Þráins Bertelssonar alþingismanns við Heimi Karlsson og Sólveigu Bergmann í útvarpsþættinum Ísland í bítið í gær. Þráinn fór yfir rökin með listamannalaunum og reifaði í framhjáhlaupi þá skoðun sína að þeir væru fábjánar sem ekki skildu gagnsemi þeirra. Þráinn bætti við að hann teldi um fimm prósent Íslendinga til fábjána. Hann dró að vísu í land síðar um daginn og sagði „umdeilanlegt“ hversu smekklegt væri að nota orðið fábjáni í þessi samhengi. „Eflaust er þetta vanþroska og menningarsnauða fólk ekki allt saman greindarskert og skilgreinanlegt sem fábjánar,“ skrifaði Þráinn, með útréttan sáttarfaðm.



bergsteinn@frettabladid.is

# Barónessan



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Utanríkisráðherra Evrópu

Ekki var laust við að Frakkar móðguðust fyrir sína hönd og Zapateros, forsætisráðherra Spánar, þegar tilkynnt var að Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlaði að heiðra einhverja mikla Evrópumessu í Madrid í vor með fjarveru sinni. Þessi samkunda átti að vera fundur æðstu ráðamanna Bandaríkjamanna og Evrópusambandsins til að ræða brýnustu heimsmál, og hafði Zapatero lagt allt kapp á að búa sig undir að taka á móti stórmenninu, en nú verður hann væntanlega að láta sér lynda að fá einhverjar undirtyllur í staðinn. Til að reyna að bera höfuðið hátt lýsti hann því yfir að Obama hefði mikið að gera og væri þess vegna bundinn annars staðar. En þetta er ekki í fyrsta skipti sem forsetinn sniðgengur Evrópumenn; er mönnum í fersku minni að hann þáði ekki boð Angelu Merkel í haust að vera viðstaddur þegar þess var minnst að tuttugu ár voru liðin síðan Berlínarmúrinn féll.

Þetta er reyndar gömul hefð í Bandaríkjunum, og minnast menn stundum orða Kissingers, þegar hann var utanríkisráðherra: „Evrópa, hvað er það? Það er ekki einu sinni símanúmer.“ Þetta hafa menn gjarnan útskýrt með því að Evrópa hafi þá ekki verið nógu sameinuð, það hafi sárlega vantað einhvern „utanríkisráðherra“ sem gæti komið fram fyrir hönd sambandsríkjanna, tvíhent símtólið og sagt meiningu sína umbúðalaust svo aðrir yrðu að beygja sig. Hefði það ekki verið munur ef stjórnarskrá Evrópu hefði verið komin í gildi þegar Íraksstríðið hófst? spyrja menn stundum, þá hefði utanríkisráðherrann heldur en ekki staðið uppi í hárinu á skúrkinum Bush og látið hann fá það óþvegið. Að vísu hugsa menn þessa hugsun aldrei til enda, því eins og staðan var þá í álfunni er langlíklegast að sá utanríkisráðherra hefði auðmjúklegast gengið til stuðnings við Bandaríkjamenn, kannske boðist til að senda einhverjar „Evrópuhersveitir“ til Íraks, og því hefði franskur almenningur naumast tekið þegjandi og hljóðalaust.

Nú var „stjórnarskrá“ Evrópu að vísu felld í þjóðaratkvæðagreiðslum, en í staðinn kom hinn svokallaði „Lissabon-samningur“ sem er alveg eins, og því er nú loksins búið að stofna embætti „utanríkisráðherra“ sambandsins. Þegar það var í undirbúningi veltu menn því fyrir sér hvaða stórmenni gæti skipað þennan virðulega sess, og voru ýmsir nefndir, en svo var það bresk barónessa sem varð fyrir valinu, öllum að óvörum og sennilega fyrst og fremst henni sjálfri; hún varð víst alveg steini lostin. Þessi kona, sem nefnist Cathrine Ashton af Upphollandi, var þá alveg óþekkt og nú þegar nokkrir mánuðir eru liðnir frá því að hún var útnefnd er hún það enn. Samkvæmt enskri bókmenntahefð væri hægt að kalla hana „ósýnilegu konuna“. Reyndar vantar ekki að um hana sé skrifað í frönskum blöðum, en þar er einkum rakið hvað hún hafi ekki gert, ekki hvað hún kunni að hafa afrekað. Hún hefur t.d. ekki tekið í mál að flytja til Brussel, heldur býr þar í hótelherbergjum og er jafnan með annan fótinn í London. Þegar jarðskjálftinn mikli varð á Haítí og Hillary Clinton var fljót á vettvang til að kynna sér ástandið og hughreysta hrjáða landsmenn fór barónessan beint heim í helgarfrí til fjölskyldunnar í Englandi, og sagði að svona túrismi, sem sé til landa sem eru hjálpar þurfi, væri óþarfi. Og þó er aðstoð Evrópumanna við Haítíbúa mun meiri en það sem Bandaríkjamenn leggja af mörkunum. Um síðir varð barónessan þó að halda blaðamannafund um málið, en vegna vanþekkingar var hún svo ruglingsleg í tali að utanríkisráðherra Spánar varð að taka orðið af henni. Og hann útskýrði stöðuna á þremur tungumálum, en barónessan er hins vegar einungis mælt á ensku. Hún svarar hins vegar í síma, að því leyti er hún yfir alla gagnrýni hafin, en ekki eftir kl. átta á kvöldin, né heldur á helgidögum, og hún mun hafa lýst því yfir að hún ætli ekki að leggjast í ferðalög.

Barack Obama mun ekki hafa tjáð sig um það hvers vegna hann ætli ekki að koma til Madrid í vor. En einhverjir samstarfsmenn hans, sem vilja ekki láta nafns síns getið, hafa hins vegar sagt að þessar Evrópumessur séu tímaeyðsla, þar sé ekki talað um neitt sem máli skipti heldur einungis um „klór-kjúklinga“ og annað álíka, Evrópumenn séu auk þess fáfróðir um helstu vandamál heims, og í staðinn fyrir að koma fram sameinaðir reyni hver að ota sínum tota og mynda einhver prívat og persónuleg tengsl við Bandaríkjaforseta, utan við allt Evrópusamband. Kannske er þetta skýringin á því að þegar velja átti „utanríkisráðherra“ skuli þeir hafa leitað uppi þá litlausustu persónu sem völ var á, einhverja sem tryggt var að myndi aldrei skyggja á neina ráðherra hinna einstöku þjóða sambandsins og aldrei láta neitt til sín taka.

# Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram

**UMRÆÐAN**

Erla Ósk Ásgeirsdóttir skrifar um þjóðaratkvæði



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

Forsætisráðherra segir þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram 6. mars en telur atkvæðagreiðsluna á sama tíma bæði tilgangslausa og marklausa. Þessi skoðun ráðherra lýsir best því öngstræti sem málið er komið í hjá framkvæmdarvaldinu.

Icesave-lögin margumræddu sem samþykkt voru á Alþingi af öllum þingmönnum Samfylkingar og meginþorra Vinstri grænna var synjað staðfestingar af forseta Íslands eftir áskorun um 60 þúsund Íslendinga þess efnis. Þá hefur þingið samþykkt lög um þjóðaratkvæðagreiðslu og samkvæmt stjórnarskrá Íslands er verið að framfylgja stjórnskipulegu ferli málsins og næsta skref er að leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Það er framkvæmdarvaldsins að framkvæma lög og framfylgja því ferli sem gert er ráð fyrir í stjórnarskrá. Ef umrædd lög ríkisstjórnarinnar eru hins vegar tilgangslaus og marklaus að mati forsætisráðherra þá getur ríkisstjórnin lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi og lagt til að umtöluðustu lög Íslandssögunnar verði felld úr gildi.

Á meðan Icesave-lögin eru í gildi og enginn samningur er í hendi við Breta og Hollendinga er augljóst mál að þjóðin eigi að fá að segja sína skoðun á lögunum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Allar hugmyndir og umræða um frestun á atkvæðagreiðslunni veikja málstað okkar gagnvart viðsemjendum okkar og hafa enga þýðingu að öðru leyti en að slá vandanum á frest.

Það má líka benda á þá augljósu staðreynd að þjóðaratkvæðagreiðslan er löngu hafin, en hátt á þriðja þúsund einstaklingar hafa nú þegar greitt atkvæði utankjörsstaðar. Það er mín skoðun að þjóðaratkvæðagreiðslan eigi að fara fram og að þjóðin eigi að fá tækifæri til þess að segja sína skoðun á málinu.

*Höfundur er varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 3. mars 2010 – 3. tölublað – 7. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Framkvæmdir í miðbænum**
Listaháskólinn enn í biðstöðu 2

**Bankarnir greiða úr flækjum**
Stórfyrirtæki í gjörgæslu 6-7





**Jeffrey Sachs**
Vegið að loftslagsvísindum 8

## Ástralar hækka vexti

Seðlabanki Ástralíu gerði sér lítið fyrir og hækkaði stýrivexti í fjögur prósent, og segir efnahagslífið vera að styrkjast verulega.

Atvinnuástandið hefur lagast mjög og trú fyrirtækja á efnahagslífið hefur eflst. Undanfarið ár hefur ástralski dollarinn hækkað um 42 prósent gagnvart bandarískum dollar.

Bankinn telur efnahagslíf landsins vel geta þolað álag, sem gæti skapast af því að alþjóðlegir fjárfestar hafi áhyggjur af greiðslustöðu ástralska ríkissjóðsins.

Stýrivextir Ástralíu voru í þremur prósentum fyrir hækkunina, og höfðu ekki verið jafn lágir í hálfa öld. - gb

## Nýr stjórnarformaður FME

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur skipað Lilju Ólafsdóttur héraðsdómslögmann formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins.

Hagfræðingurinn Gunnar Haraldsson, sem verið hefur stjórnarformaður síðan Jón Sigurðsson lét af störfum snemma árs 2009, óskaði lausnar frá stöfum 15. febrúar síðastliðinn. Hann hverfur til starfa á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, að því er segir í tilkynningu. Lilja lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1982 og LLM prófi frá Yale árið 1983. Hún er starfandi lögmaður í Reykjavík og hefur meðal annars verið ráðgjafi stjórnar Fjármálaeftirlitsins síðan í júní 2009. - sh

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Styttist í nýjar reglur** Hálfu öðru ári eftir að fall Lehman-bræðra í Bandaríkjunum hratt af stað allsherjar óðagoti á mörkuðum virðist öldungadeild Bandaríkjanna loks vera að ljúka við nýja löggjöf, sem setur fjármálaheiminum strangari reglur.




**Japan réttir úr sér** Atvinnuleysi hefur minnkað í Japan annan mánuðinn í röð og neysla hefur aukist þrátt fyrir samdrátt launa, sem þykir merki um að efnahagslífið þar sé að rétta úr kútnum.

**Dregur úr verðbólgu** Nokkuð dró úr verðbólgu í evruríkjunum sextán í febrúar, þegar hún mældist 0,9 prósent. Þetta voru óvænt tíðindi, því spár höfðu bent til þess að verðbólgan myndi áfram mælast 1 prósent eins og í janúar, þegar hún náði hámarki.



# Finnur hagnaðist um hálfan milljarð á Fikti

**Fyrirtækið Fikt ehf., sem er í eigu Finns Ingólfssonar, hagnaðist um hálfan milljarð króna árið 2008. Dótturfyrirtæki Fikts, FS7 ehf., skuldar 3,7 milljarða umfram eignir.**

**Kristján Hjálmarsson**
skrifar

Einkahlutafélagið Fikt, sem er alfarið í eigu Finns Ingólfssonar fyrrverandi viðskiptaráðherra, hagnaðist um tæpan hálfan milljarð króna, samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008. Á sama tíma voru eignir fyrirtækisins metnar á tæpan milljarð króna og eigið fé þess rúmur hálfur milljarður.

Fikt ehf. á að öllu leyti einkahlutafélagið FS7 en það fyrirtæki skuldar 3,7 milljarða umfram eignir, samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008. Skuld FS7 ehf., sem er öll í erlendri mynt, er á gjalddaga á þessu ári.

Samkvæmt lögum um einkahlutafélög eru engar persónulegar ábyrgðir á skuldum einkahlutafélaga. Móðurfélög bera heldur enga ábyrgð. Finnur segir hins vegar að persónulegar ábyrgðir liggi að baki lánunum hjá FS7 ehf. Hann vill þó ekki gefa upp hversu háar þær ábyrgðir eru. „Þær gef ég ekki upp," segir hann.

Finnur segir að staðan á FS7 ehf. hafi breyst til hins betra frá ársskýrslunni 2008. „Þær tölur sem fjallað er um þarna eru mjög á reiki og ónákvæmar. Staðan á félaginu er allt önnur núna," segir Finnur. „Skuldastaðan hefur breyst – ekki mikið – og það eru persónulegar ábyrgðir til staðar." Finnur tekur þó skýrt fram að ábyrgðin sé ekki fyrir allri skuld FS7 ehf.

Finnur segist ekki geta svarað því á þessari stundu hvort FS7 ehf. sé á leið í þrot.Hann vill heldur ekki svara því hvort til greina komi að hagnaður móðurfélagsins, Fikts ehf., verði notaður til að greiða hluta af skuld FS7 ehf. „Ég segi ekkert um það. Það eru ábyrgðir þarna til staðar og það verður staðið við þær. Fikt hefur góða eiginfjárstöðu en sú staða dugir ekki fyrir öllum þessum ábyrgðum. Það eru ábyrgðir sem standa þarna að baki en ekki að fullu."

Spurður hvort bæði séu persónulegar ábyrgðir sem og ábyrgð frá móðurfélaginu segir hann: „Það er ábyrgð þarna að baki."

Finnur segir að ábyrgðin sem gefin var fyrir lánunum á sínum tíma, ásamt bréfunum sem félagið átti, hafi verið talið fullnægjandi veð af hálfu þeirra sem lánuðu peningana.

Fjallað var um skuldastöðu FS7 ehf. í fréttum Stöðvar 2 á sunnudag. Þar kom fram að FS7 ehf. hefði meðal annars haldið utan um hlut Finns í Icelandair en hann seldi hlutinn í fyrirtækinu og hagnaðist um 400 milljónir króna. „Það er rétt að ítreka að arðurinn úr fyrirtækinu var notaður til að greiða niður skuld við bankann," segir Finnur.

### EINKAHLUTAFÉLÖGIN FIKT OG FS7



**Fikt ehf.**

| | |
|---|---|
| Hagnaður 2008: | 449 milljónir |
| Eignir: | 952 milljónir |
| Eigið fé: | 538 milljónir |

**FS7 ehf**

| | |
|---|---|
| Tap: | 3.700 milljónir |
| Eignir: | 215 milljónir |

**FINNUR INGÓLFSSON** Finnur á einkahlutafélagið Fikt, sem aftur á FS7.



# Bankinn selur Hertz

Allt hlutafé Bílaleigu Flugleiða ehf./Hertz hefur verið selt félagi í jafnri eigu Sigfúsar R. Sigfússonar, Sigfúsar B. Sigfússonar, Hendriks Berndsen og Sigurðar Berndsen. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans annaðist söluna.

Sigfús R. Sigfússon var um árabil eigandi og forstjóri bifreiðaumboðsins Heklu hf. og þrír síðasttöldu kaupendurnir áttu og ráku ALP bílaleigu árin 2000-2004. Nýr eigandi tók við 1. mars og hefur einn leyfi til að nota og markaðssetja vörumerkið Hertz




**HERTZ Á ÍSLANDI** Hertz International er stærsta bílaleiga heims með starfsemi í 145 löndum.

á Íslandi. Bílaleiga Flugleiða ehf. rekur níu starfsstöðvar um allt land og ræður yfir 1000 bílum yfir annatímann. Þar starfa 45 en yfir sumarið 70-80. Kaupverð er trúnaðarmál. - fi

# Skrá má Marel ytra á næsta ári

Ekki er útilokað að leitað verði eftir því að skrá hlutabréf Marels á erlendan hlutabréfamarkað á næsta ári. Um tvíhliða skráningu væri að ræða en Marel hefur verið á markaði hér frá 1982.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest og stjórnarformaður Marels, segir í ávarpi í ársskýrslu fyrirtækisins að stefnt hafi verið að því um nokkurt skeið að auka virði hlutafjáreignar í félaginu með tvíhliða skráningu.

Líkur eru á að nýhafið ár verði fyrsta svokallaða „hreina“



MARKAÐURINN/STEFÁN

**TÆKJABÚNAÐUR SKOÐAÐUR** Þegar Marel hefur flaggað einfaldari efnahagsreikningi en áður í eitt ár getur félagið verið fýsilegri kostur fyrir erlendra fjárfesta.

rekstrarár Marels þar sem búið sé að selja eignir utan kjarnastarfsemi.

Þarsíðasta ár var fyrsta „hreina“ rekstrarár stoðtækjafyrirtækisins Össurar en hlutabréf þess voru skráð á hlutabréfamarkað í Kaupmannahöfn í september í fyrra. Þau hafa hækkað um 46 prósent síðan.

Fyrir tvíhliða skráningu voru hlutabréf Össurar með umtalsverðum afslætti á verðkennitölur samanburðarfélaga en eru nú á svipuðu róli. Líklegt þykir að forsvarsmenn Marels geri sér svipaðar vonir en hlutabréf Marels hafa ekki hækkað í takt við erlend samanburðarfélög. - jab

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 4,30%A | 14,35%B | 14%B |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 5,55% | 14,25%C | 14%C |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 5,80%D | 14%E | 14%E |
| MP BANKI | MP Sparnaður 4,20% | 14,05% | 12,55 til 14,05% F |
| BYR SPARISJÓÐUR | PM-reikningur 5,85% G | 16,40% | 14,25 til 16,40% H |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 5,85% I | 16,40% | 15,75% |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Markaðsreikningur bundinn í tíu daga. B Að auki er 3% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. C Að auki er 5% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. D Vaxtareikningur bundinn í sjö daga E Að auki er 1,5% heimildargjald skuldfært mánaðarlega af heimild. F Fer eftir því hvernig fyrirtækið er metið hjá MP. Aðeins eru greiddir vextir af nýttri heimild. G PM er bundinn í tíu daga. H Ekkert heimildargjald. I 0,25% úttektargjald*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Hagar færast nær hlutabréfamarkaði

Síðasta rekstrarári Haga, móðurfélags Hagkaupa og Bónuss og á annan tug annarra verslana, lauk í febrúarlok og hófst nýtt ár í bókum félagsins á mánudag. Skráningarferli Haga á hlutabréfamarkað hófst fyrir nokkru og er fundað reglulega um málið. Þá er áreiðanleikakönnun á fyrstu metrunum.

Stefnt er á að útboðs- og skráningarlýsingu Haga, sem þarf að liggja fyrir áður en félagið er skráð á hlutabréfamarkað, verði lokið í apríl eða snemma í maí, samkvæmt heimildum Markaðarins. Gefið hefur verið út að horft sé til skráningar á seinni hluta ársins.

Í skráningarlýsingu fyrirtækja



**KEYPT Í MATINN** Áreiðanleikakönnun fyrir skráningu Haga á hlutabréfamarkað er hafin og er stefnt að því að hlutabréf félagsins geti skipt um hendur í Kauphöllinni á seinni hluta ársins.

MARKAÐURINN/VILHELM

fyrir útboð eru endurskoðaðar sögulegar fjárhagsupplýsingar síðustu þriggja ára. Þar má jafnframt finna ýmsar aðrar fjárhagsupplýsingar um fyrirtækið, yfirlit um sögu þess, framtíðarhorfur og lýsingu á tengdum aðilum. - jab

## FASTEIGNIR CUBE PROPERTIES Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR




# Listaháskólinn enn í biðstöðu í borginni

**Fasteignafélag, að hluta í eigu þrotabús Samsonar, hefur enn í bígerð að fara í umfangsmiklar framkvæmdir í miðborginni.**

Áætlanir eru enn á teikniborðinu um að reisa 23.800 fermetra hús yfir Listaháskóla Íslands á mótum Laugavegar, Frakkastígs og Hverfisgötu og verslana- og þjónustukjarna ofar við Laugaveginn. Sveinn Björnssonar, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Cube Properties, sem á meirihluta fasteigna og lóða á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, segir efnahagsástandið setja strik í reikninginn. „Plönin eru óbreytt. Þau hafa aðeins verið færð til á meðan beðið er eftir því að málin skýrist í efnahagsóreiðunni. Á meðan leigjum við fasteignirnar út og sjáum til þess að þær standi undir sér,“ segir hann.

Nokkuð umdeild vinningstillaga að byggingu Listaháskólans var lögð fram haustið 2008. Samkvæmt henni mun götumyndin halda sér að hluta og byggja á bak við og á milli þeirra húsa sem fyrir eru. Laugaveg 45 á að færa að 41. Rúmur helmingur nýja hússins á að vera neðanjarðar.

Samkvæmt fyrri áætlunum mun Cube Properties fjármagna byggingu hússins og eiga það en leigja skólanum. Verkefnið er ekki komið á það stig að hægt sé að sækja um lánsfjármagn fyrir framkvæmdina, að sögn Sveins.

Áætlanir um verslanamiðstöðina eru komnar skemur á veg. Fyrirhugað var að hún næði frá horni Laugavegar 65 að Laugavegi 71 og langleiðina niður að Skúlagötu. Sveinn segir miðstöðina verða minni í sniðum en upphaflega var stefnt að.

Sveinn segir Cube Properties tilbúið til framkvæmda þegar stjórnvöld gefi græna ljósið. Þangað til sé allt á bið. „Við verðum fasteignaleiga þar til málin fara að þokast,“ segir hann. Ekki er stefnt að sölu eigna þótt áætlanir hafi breyst.

jonab@frettabladid.is




# Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

*VISA og Mastercard færsluhirðing!*

Hafðu samband í síma 525 2080 og kynntu þér málið

VISA VISA ELECTRON MasterCard Maestro

VALITOR –Traustur íslenskur þjónustuaðili

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

FJÖLMIÐLAÞJÓNUSTA Í 30 ÁR

# Vantar þig skýra mynd af því sem sagt er um þig?

## VÖKTUN, GREINING OG YFIRSÝN TRYGGIR ÞÉR HÁMARKSNÝTINGU UPPLÝSINGA

Creditinfo Fjölmiðlavaktin býður heildarsýn yfir umfjöllun allra helstu fjölmiðla landsins um þau málefni sem þú vilt fylgjast með. Við vöktum fyrir þig sjónvarp og útvarp, dagblöð, netmiðla og vefheima og sendum þér yfirlit með tölvupósti eða í símann auk þess sem þú hefur aðgang að öllum þínum upplýsingum, fréttasafni, skýrslum og greiningum á notendavef Creditinfo.

CREDIT**INFO**

*– forskot í krafti þekkingar*

Nánari upplýsingar fást hjá ráðgjöfum Creditinfo í síma 550-9600 eða á www.creditinfo.is



# Finnland varð illa úti

Samdráttur varð í efnahagslífi Svíþjóðar og Finnlands á fjórða ársfjórðungi síðasta árs.

Þjóðarframleiðsla Finna dróst saman um 5,1 prósent miðað við sama tímabil árið 2008, en samdrátturinn í Svíþjóð nam 1,5 prósentum.

Afleiðingar heimskreppunnar eru því enn að koma niður á Norðurlöndunum, en verst hefur hún bitnað á Finnlandi sem er mjög háð útflutningi.

Allt árið 2009 var þjóðarframleiðsla Finnlands 7,6 prósentum minni en árið 2008. Samdrátturinn hefur ekki verið meiri þar í landi síðan 1918. - gb




**SPARIGRÍS MEÐ VÍGTENNUR** Undanfarið hafa auglýsingar hvatt Finna til að eyða áfram, þrátt fyrir ótta við kreppu. NORDICPHOTOS/AFP

# Breska pundið fellur

Breska pundið hefur náð nýjum lægðum gagnvart Bandaríkjadal og evru, bæði vegna fjármálaóróa og pólitískrar óvissu.

Samkvæmt skoðanakönnunum eru litlar líkur á að takist að mynda meirihlutastjórn í Bretlandi að loknum kosningum í vor. Það eykur ekki tiltrú fólks á framtíð efnahagslífsins eða gjaldmiðils landsins.

Vogunarsjóðir og stórir fjárfestar reikna með frekara falli pundsins og almennir fjárfestar eru margir hverjir að forða sér í öruggara skjól, með ekki mjög hagstæðum afleiðingum fyrir pundið.

Breska ríkið, rétt eins og evruríki á borð við Spán og Grikkland, hefur tekið háar fjárhæðir að láni, sem veldur því að fjármálafólk hefur áhyggjur af því að ríkið geti staðið undir því að greiða allt þetta lánsfé til baka. Þar með skapast þessi þrýstingur á pundið, og ekki bæta áhyggjur af stjórnmálahorfunum úr.

Pundið hefur fallið um 8 prósent gagnvart dollar og 2 prósent gagnvart evru það sem af er árinu. Gagnvart dollaranum hefur pundið ekki staðið verr í tíu mánuði.

Gagnvart krónunni hefur pundið fallið um tæp fimm prósent frá ársbyrjun, eða úr 202 krónum niður í 193, en komst reyndar upp í 207 krónur seint í janúar. - gb



**FALLANDI** Verulegur þrýstingur hefur verið á breska pundið. NORDICPHOTOS/AFP

# Fjármálakreppan smitar skemmtanalífið

Eigendur bandaríska næturklúbbsins The China Club eiga í rekstrarvanda og sóttu um heimild til greiðsluþrotaverndar samkvæmt bandarískum gjaldþrotalögum í síðustu viku. Staðurinn telst til óbeinna fórnarlamba fjármálakreppunnar.

The China Club stendur nálægt Times Square í New York, í námunda við fyrrum höfuðstöðvar bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers.

Breska dagblaðið The Guardian hefur eftir Daniel Fried, stjórnarformanni móðurfélags The China Club, að þegar kreppumerki tóku að sjást á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum haustið 2007 hafi gestum úr röðum starfsmanna Lehman Brothers fækkað hratt. Þegar bankinn fór svo á hliðina um miðjan september 2008 var ljóst hvert stefndi.

Breski bankinn Barclays á nú höfuðstöðvar Lehmans í New York. Guardian segir starfsmenn þar ekki jafn næturglaða og forvera þeirra. Þetta hafi skilað sér í afleiddri kreppu í skemmtana- og veitingabransanum, sem gæti í næsta nágrenni við bankann. - jab



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Starfsmenn Barclays Capital eru ekki jafn gefnir fyrir næturlífið og kollegar þeirra hjá Lehman Brothers í New York voru. MARKAÐURINN/AFP

# Hryðjaverkalögin voru Glitni verst

## Hratt fjaraði undan eignasafni Glitnis eftir setningu neyðarlaganna snemma í október 2008. Skilanefnd og slitastjórn hafa yfirheyrt tæplega tuttugu í tengslum við fall bankans.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Bankahrunið hér og það hvernig Bretar beittu hryðjuverkalögum til að frysta eignir Landsbankans í Bretlandi eftir setningu neyðarlaganna í okóber 2008 olli því að 1.600 milljarðar króna gufuðu upp úr eignasafni Glitni.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar bankans, segir viðskiptavild hafa gufað upp og verðmæti afleiðusamninga orðið að nær engu. Þá hafi hryðjuverkalögin haft alvarlegar afleiðingar fyrir rekstturinn erlendis. Viðvörunarbjöllur hafi hringt víða, erlendir kröfuhafar innkallað veð og starfsmenn erlendra dótturfélaga hótað að ganga út. Í kjölfarið hafi skilanefndin neyðst til að selja eignir á hrakvirði í brunaútsölu.

Þetta á einna helst við starfsstöðvar Glitnis á Norðurlöndunum en þar munaði litlu að stjórnendur gengju á dyr. Ákveðið var því að selja þeim þær fyrir lítinn pening svo skilanefndin gæti staðið við skuldbindingar sínar.



**Í SKÝRSLUTÖKU** Á þessari uppstilltu mynd má sjá hvernig skýrslutaka fer fram í húsakynnum skilanefndar og slitastjórnar Glitnis. Steinunn Guðbjartsdóttir situr við enda borðsins undir myndbandsupptökuvél. MARKAÐURINN/GVA

Skilanefnd og slitastjórn Glitnis hefur síðustu daga kynnt starfsemi sína og stöðuna eftir uppskiptingu í innlenda og erlenda starfsemi eftir hrun bankans. Þar hefur komið fram að dótturfélög á Norðurlöndunum og starfsstöðvar í Kína og Indlandi og víðar hafi verið seld afar lágu verði.

## Skýrsla tekin af tæplega tuttugu

Starfsmenn á vegum skilanefndar og slitastjórnar fjármálarannsóknafyrirtækisins Kroll Associates og íslenskir endurskoðendur hafa tekið skýrslur af hátt á annan tug fyrrverandi stjórnenda Glitnis í tengslum við fall bankans í október 2008. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, segir um helming þeirra hafa mætt með lögmanni sínum.

Steinunn stýrir skýrslutökum. Ásamt Steinunni eru ýmist viðstaddir íslenskir endurskoðendur eða fulltrúar Kroll Associates, sem rannsaka hugsanleg undanskot eigna og óeðlilegar millifærslur hjá Glitni í aðdraganda bankahrunsins.

„Við erum fyrst og fremst að kanna hvort bankinn geti átt skaðabótakröfu á einhverja eða hvort um ráðstöfun sé að ræða, sem rifta má samkvæmt gjaldþrotalögum. Ef við verðum vör við refsivert athæfi tilkynnum við það sérstökum saksóknara," segir Steinunn.

# Kynna vörumerki Alvogen um heim allan

Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur ráðið auglýsingastofuna Fíton til að aðstoða við „endurmörkun" Alvogen á alþjóðlegum lyfjamarkaði og uppbyggingu vörumerkis félagsins.

Í tilkynningu kemur fram að markmið Alvogen sé að komast í hóp tíu stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims á næstu fimm árum og með samstarfinu verði unnið að uppbyggingu öflugs alþjóðlegs vörumerkis.

Alvogen er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum og starfsemi í sjö löndum. Í fyrrasumar var tilkynnt um aðkomu Róberts Wessman að félaginu, en hópur alþjóðlegra fjárfesta undir forrystu hans fer með ráðandi hlut í Alvogen. - óká



# Fjölbreyttar sparnaðarleiðir við allra hæfi

## Eignastýring Íslandsbanka býður fjölbreytta og góða fjárfestingarkosti

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina. Eignastýring býður upp á fjóra skuldabréfasjóði Íslandssjóða sem henta mismunandi þörfum og markmiðum. Hægt er að fjárfesta í einstaka sjóðum eða raða þeim saman til þess að byggja upp safn sem hentar þörfum hvers og eins og dreifa áhættu.

### Virk stýring innlána og stuttra verðbréfa

**Veltusafnið** er nýr sjóður sem fjárfestir í innlánum og skammtímaverðbréfum. Sjóðurinn hentar þeim sem þurfa að ávaxta sparnað til skamms tíma. Ráðlagður fjárfestingartími í sjóðnum er 1 mánuður eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

### Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

**Ríkissafnið** fjárfestir eingöngu í skuldabréfum og víxlum með ábyrgð ríkissjóðs og innlánum. Ráðlagður fjárfestingartími í sjóðnum er 1 ár eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

### Góð dreifing á ríkisskuldabréfamarkaði

**Ríkisskuldabréf – sjóður 5** fjárfestir eingöngu í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Ráðlagður fjárfestingartími í sjóðnum er 2 ár eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

### Verðtryggður kostur

**Löng ríkisskuldabréf – sjóður 7** fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Sjóðurinn hentar þeim sem vilja tryggja sig gegn verðbólgu án bindingar og þeim sem vilja ávaxta sparnað sinn í ríkistryggðum eignum. Ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár eða lengur. Laus með 1 dags fyrirvara.

### Veldu sjóði sem endurspegla þínar þarfir

Ofangreindir sjóðir bjóða upp á fjölbreytta samsetningu sparnaðar. Sérfræðingar Eignastýringar veita sérhæfða ráðgjöf um sparnaðarleiðir sem tekur tillit til fjárhagsstöðu, þekkingar, reynslu og markmiða viðskiptavina.

**Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.**

**Kynntu þér nánar fjárfestingarstefnu sjóðanna á www.islandssjodir.is. Þessir fjórir sjóðir eru skilgreindir sem verðbréfasjóðir skv. lögum.**

Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Veltusafn, Ríkissafn, Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 og Löng ríkisskuldabréf – Sjóður 7, eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk.

## Fjárfestingarkostir með mismunandi ávöxtunartíma

Ráðlagður fjárfestingartími

### Veltusafn — 1 mán+




Sjóðurinn var stofnaður í september 2009
Eignasamsetning m.v. 1. mars 2010

### Ríkissafn — 1 ár +




**12,5% ávöxtun** á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 5. desember 2008. Eignasamsetning og ávöxtun m.v. 1. mars 2010 – sjá islandssjodir.is

### Ríkisskuldabréf – Sjóður 5 — 2 ár +




**12,1% ávöxtun á ársgrundvelli sl. 5 ár**
**14,4% ársávöxtun**
skv. sjodir.is, m.v. 29. janúar 2010
Eignasamsetning m.v. 1. mars 2010 – sjá islandssjodir.is

### Löng ríkisskuldabréf – Sjóður 7 — 3 ár +




**11,2% ávöxtun á ársgrundvelli sl. 5 ár**
**15,0% ársávöxtun**
skv. sjodir.is, m.v. 29. janúar 2010
Eignasamsetning m.v. 1. mars 2010 – sjá islandssjodir.is

Eignastýring Íslandsbanka
Sími 440 4920
Kirkjusandi 2–4, 105 Reykjavík
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar

Íslandsbanki

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Bankarnir greiða úr eigin flækjum

**Fjölmörg íslensk stórfyrirtæki hafa lent með einum eða öðrum hætti í gjörgæslu hjá bönkunum. Undantekning er að fyrirtæki fari í þrot og virðist allra leiða leitað til að komast hjá slíku. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði ástæður þess að fyrirtækin lentu í djúpum faðmi bankanna og hvað verður um þau.**

Í kjölfar þess að íslenskt efnahagslíf fór á hliðina haustið 2008 flykktust að þröskuldi bankanna fjölmörg fyrirtæki í fjárhagslegum vanda. Eigendur þeirra höfðu þá misst allt sitt og gátu ekki staðið við bak fyrirtækjanna, eða þá að efnahagsreikningur fyrirtækjanna var sligaður af skuldum, gjarnan í erlendri mynt.

Lítið var þó við ráðið í fyrstu. Aðstæðurnar voru af þvílíkri stærðargráðu að lítil þekking var innandyra í bankageiranum á því hvað skyldi gera. Til að bæta gráu ofan á svart var ekki ljóst hvernig efnahagsreikningur bankanna leit út og óvíst um eignarhald þeirra. Það tók ekki að skýrast fyrr en í fyrrasumar og tóku þá málin að þokast í rétta átt. Nú er svo komið að bankarnir eru orðnir æði fyrirferðarmiklir í fyrirtækjarekstri. Þeir stýra og eiga að hluta, jafnvel öllu leyti, meirihluta þeirra fyrirtækja sem landsmenn eiga í viðskiptum við á hverjum degi.

### LEIÐARVÍSIR FJÁRHAGSLEGRA VANDRÆÐA

Innan fyrirtækjasviðs bankanna þriggja, Arion banka (áður Kaupþings), Íslandsbanka og Landsbankans, var hafist handa við það snemma á síðasta ári að kortleggja fjárhagsstöðu íslenskra fyrirtækja og hluthafa þeirra. Innan þeirra voru settar upp sérstakar deildir með starfsfólk af ýmsum sviðum, svo sem af fyrirtækja- og ráðgjafarsviði. Hlutverk þeirra er eitt og hið sama og ferlið sambærilegt þótt hver bankanna hafi sínar eigin verklagsreglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Deild Landsbankans nefnist Fyrirtækjaþróun og er hún innan fyrirtækjasviðsins. Hlutverk deildarinnar er kerfisbundin greining á stöðu lánasafns fyrirtækjasviðs bankans og leggur hún fram tillögur og úrræði fyrir fyrirtæki í fjárhagslegum vanda. Lánanefnd þarf að samþykkja tillögur áður en lengra er haldið. Aðgerðirnar fela oftar en ekki í sér skuldaskipulagningu sem endar farsællega og því ekki þörf á frekari aðgerðum bankans. Þetta á jafnframt við um hina bankana tvo. Í einhverjum tilvikum verður þó ekki hlaupist undan því að bankinn breyti kröfum sínum í hlutafé, jafnvel taki fyrirtækið yfir. Þegar það gerist færist umsýsla bankans yfir til eignarhaldsfélagsins Vestia.

Helsta markmið Vestia er að hámarka virði þeirra eignahluta sem félagið eignast fyrir Landsbankann. Stefnt er á að eiga fyrirtækin í eins stuttan tíma og mögulegt er og selja þau áfram þegar fullnægjandi árangur hefur náðst. Gagnsæi er á starfsemi Vestia og má sjá þau fyrirtæki sem eignarhaldsfélagið á hlut í að einhverju eða öllu leyti á vefsíðu félagsins.

Arion banki starfrækir sambærilega deild innan bankans, svonefnt Úrlausnasvið, sem starfar sjálfstætt frá útlánasviðum. Þar hafa hátt í fjörutíu fyrirtæki þegar farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Nú eru tæplega fimm prósent þeirra fyrirtækja sem eru í viðskipum við Arion banka í endurskipulagningu.

Halldór Lúðvígsson, framkvæmdastjóri Úrlausnasviðs hjá Arion banka, segir að áhersla sé lögð á að finna lausnir fyrir fyrirtækin sem leiðir ekki af sér afskriftir krafna og yfirtöku bankans á þeim. „Við reynum hvað við getum að finna lausn með núverandi eigendum en það er því miður ekki alltaf hægt,“ segir hann og bendir á að minni fyrirtæki séu oftar en ekki háð stofnendum og stjórnendum þeirra.

„Fjárhagsleg endurskipulagning hluta af tæplega fjörutíu fyrirtækjum er lokið og lauk henni með því að eigendur komu með nýtt eigið fé eða veð svo félagið hélt áfram starfsemi í þeirri mynd sem það var fyrir,“ bendir Halldór á. Með nýju eiginfé leggja fyrrverandi eigendur inn nýtt fé og greiða niður hluta af lánum. Eftirstöðvar af lánum eru þá oft settar í annan búning. Þegar þetta gengur eftir er til umræðu að bankinn, í hlutverki lánardrottins, komi til móts við það og lækki kröfur sínar á hendur fyrirtækinu. Allt fer þetta þó eftir stöðu fyrirtækisins, umfangi þess og fjölda kröfuhafa. Þegar kröfuhafar eru færri er endurskipulagningin auðveldari. Mikil áhersla er lögð á það hjá Arion banka að endurskipulagningarferlið gangi eins hratt og mögulegt er.

Enn sem komið er hefur Arion banki tekið yfir afar fá félög, eða sex að hluta eða að öllu leyti. Fimm prósent í Atorku, sautján í Stoðum og um fjörutíu prósent í fasteignafélaginu Landic. Hlutina eignaðist bankinn í kjölfar nauðasamninga. Hin þrjú félögin eru Hekla, Penninn og 1998 ehf., sem á Haga, móðurfélag Hagkaupa, Bónuss og fjölda annarra verslana. Stefnt er að skráningu Haga á hlutabréfamarkað á seinni hluta árs. Meðferð Arion banka á Högum hefur sætt mjög harðri gagnrýni. Reiknað er með að Penninn og Hekla fari fljótlega í söluferli.

Bankinn stefnir ekki að því að reka yfirtekin félög til langframa, heldur selja þau eins fljótt og kostur er. Eignasel, eignarhaldsfélag Arion banka, mun halda utan um hluti bankans í yfirteknum félögum en verið er að koma starfseminni í gang.

Keimlíka sögu er að segja af Íslandsbanka. Þar á bæ var staða lánasafnsins kortlögð snemma á síðasta ári og fyrirtækjum forgangsraðað. Niðurstaðan var sú að efnahagsreikningur fjórðungs fyrirtækja í viðskiptum við Íslandsbanka var í góðu lagi en fjórðungur taldist ekki eiga sér viðreisnar von. Helmingur fyrirtækja þurfti á mismikilli fjárhagslegri endurskipulagningu að halda.

Íslandsbanki hefur tekið yfir fyrirtæki í mjög litlum mæli. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum er erfitt að segja til um hversu mörg fyrirtæki hafa verið endurskipulögð. Stefnt mun vera að því að ljúka verkinu að mestu leyti á þessu ári og hreinsa að stærstum hluta lánabók bankans.

Bankinn hefur tekið yfir Steypustöðina auk Sjóvár og Skeljungs, sem sett voru inn í eignaumsýslufélagið Miðengi en eru í söluferli. Í öðrum tilvikum er um að ræða yfirtöku á hlutafé, sem bankinn hefur haft veð í. Þar á meðal er tæpur 47 prósenta hlutur í Icelandair Group, sem bankinn tók af eignarhaldsfélögunum Mætti og Nausti, félögum bræðranna Benedikts og Einars Sveinssona og Karls og Steingríms Wernerssona. Viðmælendur Markaðarins segja ekki útilokað að bankinn sé við stýrið á fleiri fyrirtækjum og eignarhaldsfélögum með óformlegum hætti án þess að gera það opinberlega. Því til sönnunar hefur bankinn skipað stjórnarmenn í 21 fyrirtæki, eða tæpum helmingi þeirra fyrirtækja sem bankarnir allir hafa fengið stjórnarsæti í. Þau eru 48 í heildina.

### ERFIÐLEIKAR SKRIFAST Á BANKA

Umfang fyrirtækjarekstrar bankanna hefur verið harðlega gagnrýnt. Helst beinist gagnrýnin að því að fjárhagsleg staða fyrirtækjanna sem bankarnir hafa tekið yfir sé að miklu leyti þeim sjálfum að kenna. Bankarnir hafi farið offari á tímum uppsveiflu þegar nægt framboð hafi verið á ódýru lánsfé á öllum mörkuðum og ausið úr sjóðum sínum til fyrirtækjakaupa án þess að starfsmenn útlánasviða hafi velt efnahagsreikningi og rekstrarhæfi fyrirtækjanna mikið fyrir sér.

Þá hafa nokkrir sem Markaðurinn hefur rætt við vegna umfjöllunarinnar bent á náin tengsl helstu hluthafa bankanna við þau fyrirtæki sem nú séu í vanda stödd. Nægir þar að nefna fisksölufyrirtækið Icelandic Group. Það var um tíma að mestu í eigu Magnúsar Þorsteinssonar, fyrrverandi liðsmanns í Samsonar-hópnum svokallaða, og eins af nánustu viðskiptafélögum feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar. Síðar komst félagið í eigu Björgólfs eldri, sem þá var formaður bankaráðs Lands-




## SKULDAÚRLAUSN FYRIRTÆKJA Í VANDA




**A:** Fyrirtæki lendir í fjárhagsvanda

**B:** Ef fyrirtækið er talið lífvænlegt skoðar fyrirtækjasvið helsta kröfuhafa efnahagsreikning fyrirtækisins. Málið er flóknara ef fleiri bankar koma að málinu. Í mörgum tilvikum geta eigendur fyrirtækjanna lagt til nýtt eigið fé og greitt niður skuldir. Í þeim tilvikum kemur kröfuhafi til móts við hluthafa með niðurfærslu krafna. Sé fyrirtækið ekki talið lífvænlegt er mælt með að það leiti nauðasamninga.

**C:** Fyrirtæki í alvarlegum rekstrarerfiðleikum eru í einstaka tilfellum send beint yfir á þau sérsvið bankanna sem sett voru á laggirnar til að sjá um skuldavanda fyrirtækja. Efnahagsreikningurinn er lagaður til. Á þessu stigi málsins er leitað annarra leiða, svo sem nýrra fjárfesta.

**D:** Ef allt þrýtur verður bankinn eða helstu kröfuhafar að taka reksturinn yfir. Á meðal annarra möguleika eru sala eða skráning á hlutabréfamarkað.

## Stjórnendur fyrirtækja agalausir í faðmi bankanna

Lánveitingar til fyrirtækja voru ekki unnar á faglegum grunni, að sögn Egils Jóhannssonar, forstjóra Brimborgar. Egill og fjölskylda hans hafa átt Brimborg í rúma þrjá áratugi og byggt það upp hægt og bítandi, sumir segja af varfærni. Hann hefur lengi gagnrýnt tengsl bankanna við eigendur helstu fyrirtækja landsins, sem nú sitja í skuldasúpu.

Hann segir stöðuna sem sé komin upp varasama. Bankarnir styðji fjárhagslega við fyrirtæki sem eru í þeirra umsjón og verði stjórnendur þeirra kærulausari en efni standi til. Það getur ekki síst komið niður á fyrirtækjum á borð við Brimborg, sem hafi í gegnum tíðina sýnt aðhald í rekstri. Sem dæmi hefur fyrirtækið ekki gefið starfsmönnum sínum jólagjafir um tveggja ára skeið. Slíkar sögur hefur hann ekki heyrt hjá öðrum fyrirtækjum, sem hvíla í faðmi bankanna. „Stjórnendur í fyrirtækjum sem bankarnir eiga þurfa ekki að taka þessar erfiðu og leiðinlegu ákvarðanir,“ segir hann.

Brimborg hefur frá upphafi verið rekið á sömu kennitölunni. Egill segir að í skugga kennitöluflakks, sem bankarnir hafi upp á síðkastið átt frumkvæðið að, sé spurning hvort fyrirtæki sem hafi farið varlega muni njóta velvildar innan bankageirans. „Við eigum enn eftir að sjá það. Fram til þessa hefur þróunin verið á hinn veginn. Þeir sem klókastir eru í kennitöluflakkinu fá allt sitt afskrifað,“ segir hann en bætir við að erfitt sé að fylgjast með kennitöluflakki fyrirtækja. Þær eigi sér stað á bak við luktar dyr bankanna. Hann segir viðskiptalífið verða að sýna einhverja ábyrgð, jafnvel setja fyrirtækjum og stjórnendum þeirra stólinn fyrir dyrnar verði þeir uppvísir að tíðu kennitöluflakki.



**EGILL JÓHANNSSON** Forstjóri Brimborgar segir stjórnendur þeirra fyrirtækja sem farið hafi varlega og ekki sokkið í skuldafen ekki njóta jafn mikillar velvildar og gera megi ráð fyrir. Hann segir viðskiptalífið verða að refsa þeim sem færi rekstur yfir á nýja kennitölu. MARKAÐURINN/VALLI

# starfsmenntun

MIÐVIKUDAGUR 3. MARS 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ENSKA ÁN ERFIÐIS

Tungumál.is

Tungumálanámskeiðið sem hefur hjálpað hundruðum Íslendinga að ná valdi á að tala og skilja enska tungu.

Ítarlegt námskeið á 18 geisladiskum með vandaðri vinnubók auk aðstoð frá kennara.

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið.

Upplýsingasími opinn öll kvöld og helgar til kl. 22:00




Tungumál.is
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

Sími: 540 8400
Farsími: 820 3799

www.tungumal.is
tungumal@tungumal.is



**● SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA Í FYRIRRÚMI** Fræðslunet Suðurlands býður upp á margvísleg námskeið með styrkjum frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Eitt þeirra nefnist Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun og er ætlað fólki sem á við lestrar- og/eða ritunarörðugleika. Meta má námið til styttingar á námi í framhaldsskóla um allt að fimm einingar. Tilgangur námsins er að styrkja lestrar- og ritunarhæfni og auka þar með hæfni til starfs og áframhaldandi náms. Áhersla er lögð á að efla lesskilning, lestrarlöngun, úthald við lestur og stafsetningarfærni. Námsmönnum er leiðbeint um mismunandi tækni, aðferðir og hjálpartæki, svo sem yfirlestrar- og leiðréttingarforrit. Verð 11.000 krónur. Áætlað er að kennsla hefjist í næstu viku, kennslutímar eru 60 talsins og er kennt einu sinni til tvisvar í viku í allt að þrjár kennslustundir í senn. Nánari upplýsingar á fraedslunet.is.

**● KAFFISPJALL Í SÆTÚNINU** Stéttarfélagið Efling hefur boðið atvinnuleitendum til sín í kaffi að undanförnu til skrafs og ráðagerða. Bæði til að kynna þeim hvaða úrræði og möguleikar eru í stöðunni og leita eftir skoðunum og líðan þeirra sjálfra með beinum samtölum. Þar hefur verið spjallað um menntunarmöguleika, gönguhópa, um aukið samstarf við Rauðakrosshúsið og Hlutverkasetrið svo eitthvað sé nefnt.

Undirtektir hafa verið alveg frábærar, að sögn starfsmanna sem segja ljóst að fólk sé ekkert að leggja árar í bát þó að það sé tímabundið án atvinnu. Ætlunin er að halda kaffispjallinu áfram og þeir félagsmenn sem eru í atvinnuleit og ekki hefur verið haft samband við mega sem sagt eiga vona á hringingum á næstunni. *Heimild: www.efling.is*




# Brúðarkjóll, eldhúskollur eða kassabíll

auk fjölda annarra námskeiða...

- ARPA grunn- og endurnýjunarnámskeið
- Breytingastjórnun og niðurskurður
- Brúðarkjóllinn – hönnun og saumaskapur
- ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi
- Eldhúskollur afa og ömmu frá 1940
- GMDSS námskeið
- GPS staðsetningartæki og rötun
- Grjóthleðsla – torf og grjót
- Húsgagnaviðgerðir
- Kassabílanámskeið
- Skírnarkjólasaumur
- Skemmti- og smáskipanámskeið
- Smíðað úr innlendum við
- Starfsmannasamtöl og launaviðtöl
- Stjórnun og stefnumótun
- Vélgæsla – smáskipavélavörður
- Þekkingarstjórnun og fræðslustarf fyrirtækja

Nánari upplýsingar í Endurmenntunarskólanum,
s. 514 9603 eða á endurmenntun@tskoli.is
**Fylgstu með á www.tskoli.is**

zetor

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is




Guðmundur segir Atvinnumiðstöðina gefa betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði í Hafnarfirði og tengja þau betur saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aukin nærþjónusta

**Atvinnulausum hefur fjölgað til muna í Hafnarfirði og í stað þess stefna þeim til Reykjavíkur eftir þjónustu var nýverið ákveðið að opna útibú frá Vinnumálastofnun í bænum.**

Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar opnar í miðbæ Hafnarfjarðar innan nokkurra vikna en þar verður svæðisbundin vinnumiðlun auk þess sem veitt verður ráðgjöf og önnur þjónusta við atvinnuleitendur í Hafnarfirði. Sérstök áhersla verður lögð á að aðstoða ungt fólk og langtímaatvinnulausa.

„Fyrir um það bil tíu árum var svæðisbundin vinnumiðlun starfrækt á vegum Hafnarfjarðarbæjar en síðan tók ríkið hana yfir. Þá var atvinnuleysið á allt öðru róli heldur en það er í dag. Nú eru á bilinu þrettán til fjórtán hundruð á atvinnuleysisskrá í Hafnarfirði og þótti orðið ófært og í raun óhagkvæmt að stefna þeim öllum til Reykjavíkur," segir Guðmundur Rúnar Árnason, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Í samstarfi við félagsmálaráðherra og forsvarsmenn Vinnumálastofnunar var ákveðið að koma á fót útibúi frá Vinnumálastofnun í Hafnarfirði. „Þetta er þróunarverkefni byggt á samstarfs- og þjónustusamningi milli Vinnumálastofnunar og Hafnarfjarðarbæjar með aðild fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði," segir Guðmundur.

Hann segir að fram undan sé vinna við að móta starfið að fullu. „Samkomulagið felur í sér að Hafnarfjarðarbær mun í samráði við Vinnumálastofnun hafa forgöngu um svæðisbundið samstarf við stéttarfélög, atvinnurekendur, menntastofnanir, frjáls félagasamtök og fleiri aðila. Sérstaklega er stefnt að því að efla vinnumiðlun og faglega starfs- og námsráðgjöf, auka virkni atvinnuleitenda og byggja upp fjölbreytt framboð vinnumarkaðsúrræða á svæðinu, til dæmis með auknum ráðningum atvinnuleitenda í starfsþjálfun, reynsluráðningum, vinnustaðanámi og átaksverkefnum."

Gert er ráð fyrir því að fimm starfsmenn sinni þjónustu hjá Atvinnumiðstöðinni. Bærinn útvegar tvo starfsmenn sem verða að hluta til á launum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og mun annar sinna langtímaatvinnulausum en hinn ungum atvinnulausum. „Þá koma hingað tveir til þrír ráðgjafar frá Vinnumálastofnun til að sjá um starfs- og námsáðgjöf."

Guðmundur segir fjölmörg úrræði og tilboð í Hafnarfirði og nefnir fyrirtækjasmiðju, námskeið í tengslum við Miðstöð símenntunar, nýsköpunarmiðstöðina Kveikjuna og samkomulagsdeigluna sem starfrækt er á vegum Rauða krossins. „Þá höfum við boðið upp á atvinnutengda endurhæfingu í samstarfi við verkalýðsfélögin og Sjúkraþjálfarann en þar er lagt upp úr alls kyns virkni auk þess sem fólk fær kynni af vinnumarkaðinum. Það er því verið að vinna gott starf á ýmsum vígstöðum en með Atvinnumiðstöðinni fáum við betri yfirsýn og tækifæri til að tengja það betur saman." *-ve*

# Fjölbreytt úrræði fyrir ungt fólk

„Þetta hefur farið mjög vel af stað. Okkur sýnist að 50 prósent af ungmennum á landinu hafi nýtt sér einhver af þessum úrræðum sem við bjóðum upp á," segir Hrafnhildur Tómasdóttir, verkefnisstjóri átaksins Ungt fólk til athafna. Átakið miðar að því að enginn á aldrinum 16 til 25 ára verði atvinnulaus lengur en í þrjá mánuði án þess að bjóðast vinna, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verkefnum.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið ýtti verkefninu nýverið úr vör í samstarfi við Vinnumálastofnun. Vinnumálastofnun sér um framkvæmd átaksins og er það í höndum þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni en í Reykjavík hefur verið opnuð ný þjónustuskrifstofa á Suðurlandsbraut 22. Þar fær ungt fólk leiðsögn og ráðgjöf um þá fjölbreyttu möguleika sem því stendur nú til boða á kynningarfundi. Að honum loknum skrá atvinnuleitendur sig í það úrræði sem þeim líst best á, en annars á það á hættu að missa atvinnuleysisbætur. „Unga fólkið hefur fjölbreytt val um úrræði, eða 40 talsins, en ekki val um aðgerðaleysi," segir Hrafnhildur og nefnir sjálfseflingu, ferðaþjónustunám og Grunnmenntaskólann hjá Mími sem dæmi um vinsæl úrræði. Hægt er að fræðast betur um ferlið og þau úrræði sem standa til boða inni á vefsíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is/ungir. *-rve*




Hrafnhildur segir átakið Ungt fólk til athafna hafa farið vel af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



**● NÁMSKEIÐ TENGD ATVINNULÍFINU HJÁ MÍMI** Hjá Mími símenntun er að finna ýmis námskeið sniðin að atvinnulífinu þar sem tímarnir eru metnir til framhaldsskólaeininga. Námskeiðin er hægt að stunda meðfram vinnu og eru þau miðuð að fullorðnum einstaklingum sem hafa stutta skólagöngu að baki. Námskeiðin eru unnin í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkalýðsfélög. Á námskeiðsskrá er að finna námskeið eins og jarðlagnatækni, verslunarfagnám, færni í ferðaþjónustu, grunnmenntaskólinn, fagnámskeið-leikskóli og fagnámskeið-umönnun svo eitthvað sé nefnt. Flest námskeiðanna má fá metin til framhaldsskólaeininga. Einnig er að finna styttri námskeið fyrir fyritæki, hópa og félög.

Hægt er að kynna sér nánar hvaða námskeið eru í boði tengd atvinnulífinu á heimasíðu Mímis símenntunar, www.mimir.is

**● STYRKUR TIL KENNSLU Á VINNUSTAÐ** Fjögur fyrirtæki fengu styrk Samtaka iðnaðarins á Menntadegi iðnaðarins sem haldinn var á Grand Hóteli Reykjavík í byrjun febrúar. Á þinginu, sem var sótt af tæplega hundrað manns, var yfirskriftin Menntun og vöxtur.

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávarpaði þingið og afhenti fimm fyrirtækjum styrki SI til kennslu á vinnustað. Fyrirtækin sem hlutu styrk að þessu sinni eru Gullkistan, Kjarnafæði, Sveinbjörn Sigurðsson, Vélaverkstæði Hjalta og Vélsmiðja Hornafjarðar.




Vetrarsport

Sérblað um vetrarsport kemur út fimmtudaginn 4. mars.

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

- hlynurs@365.is
- sími 512 5439




Vinnumálastofnun styrkir dag-, kvöld- eða fjarnám að sögn Þórdísar. Þess skal getið að stúlkurnar á myndinni tengjast ekki umfjöllun greinarinnnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Námið vinnutengt

**Atvinnuleitandi fólk á kost á styrkjum til náms hjá Vinnumálastofnun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá stofnuninni, er öllum hnútum kunnug.**

Fólk sem er á atvinnuleysisbótum getur sótt um styrk hjá Vinnumálastofnun til að komast í nám. Þá þarf það að leggja fram lýsingu á náminu, tímalengd þess og reikning frá námsskeiðshaldara. Ef umsækjandinn er í stéttarfélagi þarf hann líka að sækja um styrk þar. Síðan meta ráðgjafarnir hvort námið sé styrkhæft,“ segir Þórdís og útskýrir reglurnar nánar. „Við styrkjum ekki dansnámskeið, brids eða eitthvað slíkt, heldur þarf námið að vera vinnutengt.“

Þórdís segir það hafa kostað talsverðan höfuðverk að semja sanngjarnar reglur um nám samhliða atvinnuleit. „Markmiðið með slíkum úrræðum er að atvinnulausir geti haldið virkni og nýtt tímann til að búa sig betur undir starf á vinnumarkaði þegar sólin fer að skína,“ segir Þórdís. „Á sama tíma verður að sjá til þess að mismuna ekki nemendum þannig að einn sé með námslán á herðunum út í lífið en annar sé á atvinnuleysisbótum meðan á námi stendur.“



„Markmiðið er að atvinnulausir geti haldið virkni og nýtt tímann,“ segir Þórdís um styrki Vinnumálastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórdís tekur skýrt fram að áður en nám hefjist þurfi atvinnuleitandi alltaf að sækja um leyfi til ráðgjafa Vinnumálastofnunar sem gerir tvíhliða námssamning.

Sem dæmi um nám sem gera má samninga um nefnir Þórdís grunndeildir iðn-og verknáms í framhaldsskólum, nám hjá Háskólastoðum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, nám á vegum símenntunarmiðstöðva og hjá stofnunum sem sinna endurmenntun og nýsköpun. „Þetta getur átt við dag-, kvöld eða fjarnám og það er líka heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki tíu ECTS-einingum,“ segir hún. Tekur þó fram að atvinnuleitandi þurfi að vera að koma af vinnumarkaði en ekki beint úr námi til að eiga möguleika á styrk. Nánar á www.vinnumalastofnun.is *-gun*

# Meðalaldur nemenda 25 ár

„Skólinn okkar er nokkuð frábrugðinn öðrum skólum, til dæmis í því tilliti að hér er meðalaldur nemenda 25 ár,“ segir Írena Óskarsdóttir, kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði. Skólinn byggir á grunni hefðbundins iðnnáms en hefur einnig haslað sér völl sem góður listnámsskóli. Meðal náms sem á boðstólum er í skólanum er almennt nám, nám í byggingagreinum, tækniteiknun, málmiðnum og rafiðnum.

Írena segir námið sem boðið er upp á í skólanum á heildina litið vera mjög hagnýtt. „Nýlega höfum við kannað afdrif útskrifaðra nemenda frá okkur og í ljós hefur komið að námið hefur nýst gríðarlega mörgum og mikil ánægja ríkir með skólann hjá þessum hópi fólks. Margir nemendur koma hingað eftir að hafa lokið stúdentsprófi til að bæta við sig prófi í iðngrein. Þá fáum við töluvert af nemendum sem hafa lokið iðnnámi en koma aftur. Síðasta vor útskrifuðum við til dæmis nemendur úr húsasmíði sem stunda núna nám í rafiðnum. Mörgum finnst gott að hafa próf í tveimur greinum,“ segir Írena.

Að sögn Írenu hefur nemendum fjölgað einna mest í pípulagninganámi undanfarið. „En við finnum ekki fyrir neinum sérstökum lægðum í neinum greinum,“ segir hún.



Fatlaðir nemendur í málmsmíði í Iðnskólanum í Hafnarfirði ásamt kennaranum Friðbirni Georgssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagana 9. til 11. mars næstkomandi verður haldið opið hús í Iðnskólanum í Hafnarfirði, þar sem boðið verður upp á leiðsögn um skólann og opnar kennslustundir í helstu fögum. Allir eru velkomnir í opið hús. *-kg*



**ÁRLEGT VAÐNÁMSKEIÐ** Ferðafélags Íslands, þar sem farið er yfir hvernig hægt er að lesa ár og vöð, og hvernig skuli bera sig að í straumvötnum, verður haldið 7., 10. og 11. apríl. www.fi.is




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



La Villa
Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905

LAGERSALA
BESTA VERÐIÐ
ÖRYGGISSKÓR
Verð frá kr. 6.500
grisport
Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna
Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00
Light Step
Gabor
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.




„Við byrjuðum í frumskógi þar sem við sáum apa, framandi fugla og fleira slíkt, en efst uppi á toppnum vorum við komin upp á jökul," segir Gunnlaugur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Erfiðasta sem ég hef gert

**Gunnlaugur Helgason laganemi gekk upp á Kilimanjaro-fjall í Tansaníu ásamt móður sinni, systur og fleira fólki í janúar síðastliðnum. Hann léttist um tíu kíló vegna mikillar háfjallaveiki á leiðinni.**

„Ég fer aldrei upp á Kilimanjaro aftur og efast stórlega um að ég leggi aftur viljugur upp í svona mikla fjallgöngu. Það er nóg að gera þetta einu sinni, en þetta var mikið ævintýri," segir Gunnlaugur Helgason, laganemi við Háskóla Íslands, sem fékk heiftarlega háfjallaveiki á leið sinni upp á hið tæplega 6.000 metra háa Kilimanjaro-fjall í Tansaníu í janúar síðastliðnum.

Ferðalagið kom þannig til að Sólveig, systir Gunnlaugs, sem er læknanemi, var á leiðinni til Malaví í sjálfboðavinnu. Í leiðinni fékk hún, ásamt Ingu Láru, vinkonu sinni, sem einnig er læknanemi, styrk til að rannsaka háfjallaveiki. Úr varð að fimm manns lögðu upp í ferðina miklu, þar á meðal Gunnlaugur, Sólveig og Helga móðir þeirra. Gunnlaugur segir fylgifiska læknanemanna því hafa verið rannsóknarandlagið í könnuninni.

Eftir flug um London og Amsterdam og næturgistingu í Naíróbí, höfuðborg Keníu, var ekið yfir landamærin að Tansaníu og gangan gat hafist. Alls tók hún sex daga og í tjaldbúðunum, sem biðu hópsins með reglulegu millibili, gerðu læknanemarnir rannsóknir á ferðalöngunum, mældu púlsinn, súrefnisþéttni í blóði og létu þá gera þrautir sem reyndu á samhæfingu hreyfinga. Gunnlaugur segir mjög merkilegt að fara í gegnum mismunandi loftslagsbelti á nokkrum dögum. „Við byrjuðum í frumskógi þar sem við sáum apa, framandi fugla og fleira slíkt, en efst uppi á toppnum vorum við komin upp á jökul. Þetta er mjög sérstakt."

Segja má að læknanemunum hafi orðið að ósk sinni því allir í hópnum veiktust af háfjallaveiki, þar á meðal þeir sjálfir. „Ég léttist um tíu kíló í kjölfar mikilla uppkasta og niðurgangs. Þetta er án efa það erfiðasta sem ég hef gert á ævinni. Lokahnykkurinn á toppinn var ellefu klukkutíma ganga yfir nótt og hana fór ég á þrjóskunni einni saman. Þegar upp á topp var komið helltist yfir mig þvílík ofsagleði og þá gleymist allt annað á meðan," segir Gunnlaugur.

Að göngunni lokinni tók við tveggja daga ferð í safarí um þjóðgarða í Tansaníu, þar sem meðal annars ljón, fílar, gíraffar, flóðhestar og vísundar urðu á vegi ferðalanganna. „Við komumst ótrúlega nálægt dýrunum og þau voru ekkert hrædd við okkur," segir Gunnlaugur. „Eftir á að hyggja er ég mjög feginn að hafa gripið þetta tækifæri, því það er ekkert víst að slíkt tækifæri bjóðist aftur. Mamma er auðvitað mesta hetjan í þessu. Að ganga á Kilimanjaro á sextugsaldri er örugglega ekki mjög auðvelt," segir Gunnlaugur.

*kjartan@frettabladid.is*


Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum

Tilboð! PERUR
Perur og ísetning
AFSLÁTTUR -15%

Tilboð! BREMSUKLOSSASKIPTI
AFSLÁTTUR -15%

Tilboð! RÚÐUÞURRKUR
AFSLÁTTUR -15%

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

NÝJAR SENDINGAR - SÖMU GÓÐU VERÐIN

teg. 601103 - létt fylltur og bjartur í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

teg. 8115 - létt fylltur og mjög fallegur í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Ef vítamín eru geymd á köldum, dimmum stað og vel innsigluð, ættu þau að endast í tvö til þrjú ár. Eftir að innsiglið er farið má reikna með tólf mánaða geymsluþoli.

Ný og betri bætiefnabiblía

Byrjar 8. mars
2 fyrir 1 tilboð
www.MAGADANS.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



„Við erum að tala um óbyggðaferð en þó komumst við þangað að miklu leyti á malbiki," segir Stefanía og kveðst leggja áherslu á að bæði hjól og hjálmar séu í góðu lagi áður en lagt verður af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Unglingar hjóla í Bláfjöll

**Stefanía Traustadóttir kennari er áhugamaður um reiðhjólamenningu. Hún hefur skipulagt hópferðir með unglingum á vordögum upp í Bláfjöll og hlakkar mikið til. Hún býðst til að hjóla með 800 nemendur unglingadeilda og þegar hafa 200 skráð sig. Hægt er að skrá sig á vefnum www.hjolafaerni.is**

„Ætlarðu að skella þér með?" er það fyrsta sem Sesselja segir fjörlega við rígfullorðinn blaðamanninn þegar hann forvitnast um hjólaferðirnar í Bláfjöll. „Ég býð öllum unglingadeildum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu að hjóla með 800 nemendur í fjöllin í maí og byrjun júní. Það var opnað fyrir bókanir í dag og strax eru komnir 200 á skrá," heldur hún áfram kampakát. Það er þó ekki eintóm léttúð á bak við ákvörðun hennar því með henni kveðst hún vilja efla vitund ungs fólks um sjálfbæra, umhverfisvæna, heilsubætandi og ánægjulega ferðamennsku. „Þetta er líka hvati til að velja önnur farartæki en einkabílinn," bendir hún á.

Stefanía hefur verið að kenna hjólreiðar. Í fyrravetur var hún með þróunarverkefni í Álftamýrarskóla sem hét Hjólafærni, hjólum og verum klár í umferðinni. Hún kveðst hafa sagt kennarastöðunni lausri að minnsta kosti þetta árið til að vinna því brautargengi að hjólreiðar fengju meiri vigt í samfélaginu. „Krakkar hafa svolítið tileinkað sér að hætta að hjóla um tólf ára aldurinn. Þeir þykjast frekar halda kúlinu með því að labba sem er illskiljanlegt því hjólreiðar eru bæði töff og skemmtilegar."

Sesselja kveðst senda gátlista í skólana sem nemendur taka með sér heim og fylla þar út sannar upplýsingar um ástand reiðhjólanna. Hún mun síðan koma í skólana áður en lagt er af stað og skoða hjól og hjálma. Hún segir fyrirhugaða leið liggja að mestu um stíga, meðal annars um Heiðmörkina og aðeins verði hjólað um Suðurlandsveg á eins og hálfs kílómetra kafla. „Við erum að tala um óbyggðaferð en samt komumst við þangað að miklu leyti á malbiki. Þó þurfum við aðeins að klöngrast og á einum stað að teyma hjólin." En hversu marga ætlar hún að fara með í einu? Ég geri ráð fyrir að fara með 80 í einu og skipti þeim upp í fjóra hópa svo ég hef fleiri fullorðna með mér, enda er þetta samstarfsverkefni fleiri aðila, meðal annars Breiðabliks og við ætlum að gista í Breiðabliksskálanum."

Fyrstu ferðirnar eru auglýstar fyrstu mánudagana í maí. „Ég stefni á að fara tvær ferðir í viku allan maí og fyrstu vikuna í júní, nema þegar uppstigningardagur kemur inn í," lýsir Stefanía sem kveðst hafa tekið út lífeyrissparnaðinn sinn til að helga sig meðal annars þessu verkefni. „Ég hafði engan áhuga á að það yrði stolið meira frá mér," segir hún. „Heldur vildi ég verja þessum aurum á einhvern heilbrigðan hátt." *gun@frettabladid.is*

NÝ HEILSURÆKT
í Garðabæ – rólegt og afslappað andrúmsloft

6 vikna námskeið
í STOTT PILATES®,
Hatha yoga og TRX.

Kennt tvisvar í viku
á mánu- og miðvikudögum
eða þriðju- og fimmtudögum.

Grunnverð 19.900 kr.

Innifalið í námskeiðsgjaldinu eru viðbótartímar og aðgangur að tækjasal með æfingatækjum fyrir djúpvöðva, jafnvægi og fleira.

Tímar á morgnanna, í hádeginu, seinnipartinn og á kvöldin.

Þjálfun fyrir:
Einstaklinga, hópa, konur, karla, krakka, barnshafandi, nýbakaðar mæður og íþróttafólk.

Skráning og upplýsingar á
www.jafnvaegi.is
og í síma 894-1806.

JAFNVÆGI HEILSURÆKT
KIRKJULUNDUR 19 • 210 GARÐABÆR • SÍMI: 894 1806 • www.jafnvaegi.is

Vax að hnjám
Verð 3.500.- kr.
Tilboðið gildir til 1. apríl 2010
DONG FANG SALON



Regluleg hreyfing skiptir miklu máli fyrir heilsu manna.

## Hreyfing bætir líðan

REGLULEG HREYFING SKIPTIR MIKLU MÁLI FYRIR HEILBRIGÐAN LÍKAMA.

Aukin hollusta í fæðuvali hefur einnig mikið að segja auk þess sem mikilvægt er að draga úr neyslu á óhollu feitmeti og skyndifæði.

Hreyfing og hollt mataræði er einnig fyrirbyggjandi og minnkar líkur á ýmsum kvillum, svo sem æðasjúkdómum og hjartakvillum. Mælt er með því að fólk stundi einhvers konar líkamsrækt í að minnsta kosti þrjátíu mínútur á dag, flesta daga vikunnar. Regluleg hreyfing dregur einnig úr streitu og stuðlar að bættum svefni og þar með aukinni vellíðan.

;ALLT TÍSKA Fimmtudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

# Verðgildi Heiðmerkur í krónum og aurum

**Heiðmörkin er útivistarperla í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem fólk gengur að vísri. Kristín Eiríksdóttir, doktorsnemi í umhverfishagfræði við HÍ, vinnur að því að verðmeta gæði hennar í óbreyttri mynd.**

„Umferð um Heiðmörk hefur augljóslega aukist eftir bankahrunið 2008,“ segir Kristín sem frá því í júlí 2008 hefur unnið að því að meta hana til fjár sem umhverfisauðlind. Það er hennar doktorsverkefni og hún beitir fjölbreyttum rannsóknaraðferðum, meðal annars hefur hún gert könnun meðal notenda.

„Ég fór fjörutíu og níu sinnum í Heiðmörkina á ýmsum tímum, stoppaði fjóra klukkutíma í senn og spurði alla vegfarendur náið út í þann kostnað sem þeir legðu í til að komast á svæðið og hversu miklum tíma þeir eyddu í ferðina,“ lýsir hún. Ánægjuna sem fólk hafði af heimsóknunum reyndi hún þó ekki að verðmeta. „Við ætlum að reyna að fá ánægjuna inn í næstu könnun og átta okkur á hvaða gildi Heiðmörkin hefur fyrir þjóðina,“ segir hún bjartsýn og vísar þar til netkönnunar sem á næstunni fer út til 4.000 manna úrtaks á öllu landinu. „Þó svo fólk búi fjarri svona stað þá getur það haft skoðanir á honum. Það vill kannski eiga valkost um að njóta hans í framtíðinni og vernda hann vegna jarðfræði og annarra náttúrulegra þátta,“ segir hún.



„Þó svo fólk búi fjarri svona stað þá getur það haft skoðanir á honum. Það vill kannski eiga valkost um að njóta hans í framtíðinni og vernda hann vegna jarðfræði og annarra náttúrulegra þátta,“ segir Kristín um Heiðmörkina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Þetta er fyrsta rannsóknin af þessu tagi sem gerð er hérlendis en Kristín segir þær vel þekktar erlendis. „Í Bandaríkjunum hefur hagrænt mat á náttúrugæðum þekkst lengi og þar hefur ekki verið ráðist í stórframkvæmdir síðustu fjörutíu ár öðruvísi en að það færi fram.“ Kristín kveðst hafa dvalið um tíma í umhverfis-, auðlinda- og hagfræðideild Berkleyháskóla í Bandaríkjunum sem hafi verið leiðandi á þessum sviðum í áratugi og þaðan fáist mikil sérfræðiþekking. Leiðbeinandi hennar hér er Ragnar Árnason prófessor. Rannsóknin er styrkt af Rannís, Landsvirkjun og eigendum Heiðmerkur; Garðabæ, Reykjavík og Orkuveitu Reykjavíkur. Skógræktarfélög hafa umsjón með svæðinu, meðal annars landnemareitum sem félagasamtökum var úthlutað á síðustu öld. Doktorsritgerðinni býst Kristín við að ljúka á þessu ári. „Þá verða eigendurnir komnir með ágætt plagg til að stýra eftir þegar þeir taka ákvarðanir um nýtingu og verndun svæðisins í framtíðinni,“ segir hún. *gun@frettabladid.is*



Góð stemning á Kempumótinu í fyrra.

## Skíðakempur keppa á Akureyri

KEMPUMÓT STRIKSINS VERÐUR HALDIÐ Í HLÍÐARFJALLI UM HELGINA.

„Strax eftir mótið í fyrra voru allir orðnir mjög spenntir fyrir næsta móti. Þetta er alveg frábær uppákoma sem vex með hverju árinu,“ segir Kolbrún Jónsdóttir, sem ásamt Brynju Þorsteinsdóttur er skipuleggjandi Kempumóts Striksins á skíðum í Hlíðarfjalli, sem haldið er um helgina.

Að sögn Kolbrúnar átti Brynja hugmyndina að mótinu, en hún er gömul landsliðskempa í skíðaíþróttum. „Henni datt í hug að safna saman fólki sem æfði eða keppti á skíðum en er hætt því fyrir einhverju síðan. Mótið tókst rosalega vel í fyrra og því ekkert til fyrirstöðu að halda það á nýjan leik,“ segir Kolbrún.

Á Kempumótinu verður keppt í stórsvigi og samhliðarsvigi í nokkrum flokkum og einnig í liðakeppni. Allar kempur sem eru þrjátíu ára eða eldri eru hvattar til að skrá sig til leiks, en þó verður gerð undantekning fyrir skíðafólk á aldrinum 25 til 29 ára ef minnst tvö ár hafa liðið síðan það hætti keppni. Í fyrra mættu um fimmtíu kempur til leiks en Kolbrún segir allt stefna í að keppendur verði hátt í hundrað í ár. „Á síðasta ári var elsti keppandinn 65 ára gamall og honum fannst þetta alveg æðislegt. Núna höfum við auglýst mótið nokkuð vel, bæði á Facebook og víðar, og búumst því við miklu fjöri.“

Mótið hefst með léttri skíðaæfingu og „fararstjórafundi“ upp á gamla mátann á föstudag. Að keppni lokinni á laugardag verður svo efnt til lokahófs þar sem lofað er kvöldverði, verðlaunaafhendingu og skemmtun fram eftir nóttu. Keppnisgjald er 3.000 krónur og fer skráning fram í gegnum netfangið skidakempur@gmail.com.

*- kg*



**INTERNETMARKAÐSRÁÐSTEFNAN** Reykjavik Internet Marketing Conference, verður haldin 12. mars 2010 í sölum Smárabíós.



# Áhugamenn um söngvakeppnina Eurovision halda upp í hópferð

**Konráð Valsson fékk þá hugmynd fljótlega eftir að Noregur sigraði Eurovision á síðasta ári, að gaman væri að fara nokkur saman á næstu keppni. Úr varð fjörutíu manna hópferð til Ósló í maí. Ef vel tekst til er stefnan að endurtaka leikinn strax á næsta ári.**

„Hugmyndin kom upp eftir að Alexander vann í fyrra. Við félagarnir ræddum það að gaman væri að hóa saman nokkrum til að fara út til Noregs á næstu Eurovision-keppni. Í framhaldinu prófaði ég að skoða hvort áhugi væri fyrir slíkri ferð með því að stofna síðu á Facebook,“ segir Konráð Valsson Eurovision-áhugamaður.

Fljótlega varð ljóst að mikill áhugi var fyrir hendi og dæmið varð stærra en Konráð gerði ráð fyrir. „Ég fór því strax af stað og reyndi að finna ódýrustu ferðina út og tókst að setja saman pakka sem Icelandair hjálpaði mér með. Ég sótti meira að segja um leyfi til að geta starfað sem ferðaskipuleggjandi og er í kjölfarið á þessari ferð byrjaður að skipuleggja aðrar ferðir, meðal annars fyrir útlendinga hingað til lands. Ég lenti í bílslysi árið 2004 og hef verið öryrki síðan þannig að það er kærkomin tilbreyting að fá að skipuleggja ferðir sem þessar.“

Sölu á hópferðapakkanum á Eurovision lauk 10. febrúar og í kringum fjörutíu manns fara út, allt áhugafólk um keppnina. „Nokkrir gista hjá vinum og ættingjum og svo aðrir á hótelinu. Flestir taka pakkann með helgarferð en þó eru nokkrir sem munu dvelja í viku. Það hefur kostað tíma að fá gott verð því Norðmenn ætla svo sannarlega að græða á þessu og hótelnæturnar núna eru afar dýrar sem og miðarnir á keppnina,“ segir Konráð. „Einnig hef ég þegið góða hjálp frá reyndu fólki, svo sem Páli Óskari Hjálmtýssyni og við komum til með að hitta hópinn sem fer frá RÚV úti. Ef vel tekst til er ætlunin að skipuleggja aðra slíka ferð á næstu Eurovision-keppni, árið 2011,“ segir Konráð og bætir við að það muni eflaust gera stemninguna úti magnaða að hafa svo marga Íslendinga með héðan að heiman.

*juliam@frettabladid.is*



Hópurinn mun mynda myndarlegt klapplið fyrir Heru og félaga í keppninni.



Konráð Valsson ákvað að skipuleggja hópferð Íslendinga út til Noregs á Eurovision. Ef vel tekst til eru fleiri ferðir á dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ríki Vatnajökuls fékk styrk.

## Þrír styrkir upp á þrjár milljónir

FERÐAMÁLASTOFA VEITTI TÆPLEGA NÍUTÍU STYRKI VEGNA ÚRBÓTA Á FERÐAMANNASTÖÐUM

Ferðamálastofa veitti alls 89 verkefnum styrk vegna úrbóta á ferðamannastöðum fyrir 2010. Úthlutað var 48 milljónum króna. Lægstu styrkirnir námu 70 þúsundum króna en þrjá hæstu styrkina, 3 milljónir hvert, fengu Sveitarfélagið Skagafjörður vegna snyrtingar fyrir fatlaða við Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ, Ríki Vatnajökuls við Hornafjörð vegna þróunarverkefnis um vistvæna áningarstaði og Borgarbyggð vegna deiliskipulags og tröppugerðar við Grábrók.






Þemað í ár er sjálfbær ferðaþjónusta tengd vatni.

## EDEN-samkeppnin haldin í fjórða sinn

FERÐAMÁLASTOFA ÓSKAR EFTIR UMSÓKNUM UM GÆÐA ÁFANGASTAÐI Í EVRÓPU.

Evrópska EDEN-samkeppnin um gæða áfangastaði verður haldin í fjórða sinn í ár. Þema ársins 2010 er sjálfbær ferðaþjónusta tengd vatni. Ferðamálastofa óskar eftir umsóknum vegna keppninnar en markmið EDEN-verkefnisins er að vekja athygli á gæðum, fjölbreytileika og sameiginlegum einkennum evrópskra áfangastaða og kynna til sögunnar nýja, lítt þekkta, áfangastaði vítt og breitt um Evrópu þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu í anda sjálfbærni. Áfangastaðurinn þarf að uppfylla þrjú skilyrði. Í fyrsta lagi má hann ekki vera hefðbundinn ferðamannastaður og fjöldi ferðamanna skal vera lítill. Í öðru lagi á staðurinn að vera hannaður eða skilgreindur sem áfangastaður með áherslu á strand-, ár- eða vatnaferðamennsku og hafa sett sér markmið um að starfa samkvæmt markmiðum WTO um sjálfbæra ferðaþjónustu. Í þriðja lagi þarf að vera hægt að sýna fram á áhugaverða nýsköpun í ferðaþjónustu sem tengist vatni, sjó eða laugum. Nánari upplýsingar má nálgast á www.ferdamalastofa.is



Ökuþórinn Michael Schumacher kynnir nýjan Mercedes SLS AMG öryggisbíl fyrir Formúlu 1-kappaksturinn. NORDICPHOTOS/AFP



Langflestar frumsýningar fóru fram í gær en þá fengu fjölmiðlar einir að vera á sýningunni. Sýningin sjálf verður ekki opnuð fyrr en á morgun. Hér er hulunni svipt af nýrri Honda CR-Z is.



Mikill undirbúningur liggur að baki jafn stórri sýningu. Hér ryksugar kona sýningarsvæði ítalska Sbarro-bílsins.f

# Risið úr öskustónni

**Bílaiðnaður um allan heim hefur verið í sögulegri lægð síðastliðið ár. Á morgun hefst áttugasta alþjóðlega bílasýningin í Genf sem margir vonast til að geti glætt iðnaðinn nýju lífi.**

Um hundrað nýjar gerðir verða kynntar á alþjóðlegu bílasýningunni í Genf sem hefst formlega á morgun og stendur til 14. mars.

Þar má að venju sjá rándýrar glæsibifreiðar, ofursportbíla og furðulega hugmyndabíla en einnig verður áhersla lögð á breyttan efnahag bifreiðaeigenda. Bílaframleiðendur leggja áherslu á nýja orkugjafa sem eiga að koma í staðinn fyrir hinn dýra bensíndropa. Í boði verða minni og sparneytnari bílar.

Sýningin var fyrst haldin árið 1905 en er nú haldin í áttugasta sinn. Í gegnum tíðina hefur þar litið dagsins ljós meirihluti farartækja heimsins. Litið er á sýninguna sem samræðugrundvöll bílaframleiðenda heims enda þykir það kostur að Svisslendingar hafa engan bílaiðnað sjálfir.



Hugmyndabíllinn Honda 3R-C er rafmagnsbíll á þremur hjólum fyrir einn. Framtíðarhugmynd hönnuðanna er að hann muni nýtast í borgarumferðinni.



Hugmyndabíllinn Bertone Pandion. Hann er byggður á 8C Competizione frá Alfa Romeo.



Á ferð um Hvannadalshnúk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjallaleiðsögumenn hljóta viðurkenningu

STARFSMENNTAVIÐURKENNING SAF VAR AFHENT Á DEGI MENNTUNAR.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn hlutu starfsmenntaviðurkenningu Samtaka ferðaþjónustunnar nýlega á Degi menntunar í ferðaþjónustu.

Viðurkenninguna hlutu Fjallaleiðsögumenn fyrir menntun jöklaog fjallaleiðsögumanna og að hafa með skýrri sýn lagt áherslu á mikilvægi starfsmenntunar í allri starfsemi þeirra með það að markmiði að auka öryggi, starfsánægju, draga úr starfsmannaveltu og síðast en ekki síst til að ná samkeppnisforskoti og auka arðsemi í rekstri fyrirtækisins með aukinni starfsmenntun.

Fyrirtækið Íslenskir fjallaleiðsögumenn var stofnað árið 1994. Markmið þess var að fara ótroðnar slóðir með innlenda sem erlenda ferðamenn, opna augu fólks fyrir fjallaferðum, stuðla að verndun viðkvæmrar náttúru og auka gæði og fagmennsku í leiðsögn.

Nánari upplýsingar um félagið má nálgast á www.fjallaleidsogumenn.is.

**Kynning**

# Sjóvá veitir verkstæðum stjörnur

**Stjörnugjöf Sjóvár á að auðvelda viðskiptavinum að velja verkstæði og fullvissa þá um hámarksgæði í viðgerðum og þjónustu. Stjörnugjöfin er einnig hvati fyrir verkstæði að ráða fagmenntaða starfsmenn og taka upp vottað gæðakerfi BGS.**

Þegar bíleigandi verður fyrir tjóni vaknar sú spurning hvaða verkstæði séu best til þess fallin að sjá um viðgerðina. Ný stjörnuflokkun Sjóvár auðveldar viðskiptavinum að finna gott verkstæði sem er traustsins vert.

„Það að flokka verkstæði eftir gæðum í þjónustu og viðgerðum hefur verið í umræðunni í fjölmörg ár,“ segir Guðmundur I. Þorsteinsson, forstöðumaður ökutækjatjóna Sjóvár. Í þeirri deild starfa átta manns en þar fer í gegn allt ökutækjatjón viðskiptavina Sjóvár sem verður á Íslandi.

„Markviss vinna við stjörnugjöfina hófst síðastliðið vor en þá var farið í að finna út hvaða kröfur ætti að setja á verkstæðin,“ segir Guðmundur og bætir við að aðalmarkmið stjörnugjafarinnar sé að auðvelda viðskiptavinum val á verkstæði og auk þess hvetja verkstæðin til aukinnar fagmennsku.

Stjörnugjöfin var kynnt verkstæðum og öðrum hagsmunaaðilum í haust, en góður skriður er kominn á málið nú. „Ég býst við að í lok vikunnar verði búið að stjörnuflokka tæplega tuttugu verkstæði,“ upplýsir Guðmundur.

Stjörnuflokkunin er mælanlegur samanburður á verkstæðum og á að tryggja viðskiptavinum hámarksgæði á viðgerðum og þjónustu. Hún er auk þess gæðatrygging fyrir viðskiptavini Sjóvár og stuðlar að færri kvörtunum, bættum vinnubrögðum og betri viðgerðum. Einnig virkar hún sem hvati fyrir verkstæði til að ráða fagmenntaða starfsmenn.

Verkstæði sem uppfylla kröfur Sjóvár fá úttekt og falla annaðhvort í þriggja eða fimm stjörnu flokk. „Þriggja stjörnu verkstæðin eru fín verkstæði sem Sjóvá hefur haft góða reynslu af en eru ekki tilbúin, eða eru á leiðinni, til að fylla fimm stjörnu flokkinn,“ útskýrir Guðmundur. En hvað þarf verkstæði að hafa til að bera, til að komast í fimm stjörnu flokk?

„Þau verkstæði hafa vottað gæðakerfi Bílgreinasambandsins umfram önnur verkstæði. Í því felst meðal annars að fagmenntaður meistari bílgreinarinnar sé ábyrgur fyrir viðgerðum, að tækjabúnaður uppfylli kröfur, að móttaka sé aðgreind frá verkstæði og leyfisbréf séu sýnileg,“ segir Guðmundur og því til staðfestingar er gerð úttekt á starfseminni og þjónustu tvisvar á ári.



Guðmundur afhendir forsvarsmönnum GB tjónaviðgerða fyrstu fimm stjörnurnar.




Fyrsta fimm stjörnu verkstæði Sjóvár fékk viðurkenningu fyrir tveimur vikum og var það GB tjónaviðgerðir sem fékk þá viðurkenningu. Er það ótvíræður gæðastimpill fyrir GB tjónaviðgerðir, að verða fyrst til. Öll stjörnuverkstæði fá áberandi merkingu með fimm hvítum stjörnum á bláum grunni sem verður sýnilegur öllum viðskiptavinum ásamt viðurkenningu stjörnuflokkuninni til staðfestingar.

Upplýsingar um stjörnuverkstæði Sjóvár má finna á www.sjova.is.

**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús
**Neysluvatnshitarar**
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



**Rafhitun**
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, er hagsmunafélag bifreiðaeigenda. Það hefur beitt sér fyrir betri vegasamgöngum og öryggismálum umferðarinnar bæði með betri skoðun farartækja og almennu öryggi ökumanna og farþega.



www.fib.is

**Rafstilling ehf**
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur
white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991



REYNSLUAKSTUR

Hinn nýi Ford Ka er sportlegur í útliti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skynsamlegur í snattið

**Nýr Ford Ka er nýlega kominn til landsins. Bíllinn er nokkuð breyttur í útliti að innan sem utan en heldur þó sömu eiginleikum. Hann er smár en knár og fullkominn í útréttingar í miðbænum.**

Helsti kostur Ford Ka er einnig helsti löstur bílsins. Hann er lítill og búinn fáum aukahlutum sem gerir hann fremur ódýran og hagkvæman í rekstri enda eyðir hann aðeins um fimm lítrum á hundrað kílómetrum. Hins vegar er venjulegt fólk orðið vant nokkrum lúxus í bílum á borð við rafdrifnum rúðum og fjarstýrðri samlæsingu. Slíkt er ekki að finna á ódýrustu týpu hins nýja Ford Ka en þó er hægt að kaupa samlæsingu sem aukahlut.

Í bílnum eru þó vissulega ýmsir nytsamlegir eiginleikar á borð við öryggispúða, hálkuviðvörun, brekkubremsu, útvarp, geislaspilara og iPod-tengi. Auk þess eyðslumælir, ESP-stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ABS-hemlalæsivörn og IPS-öryggiskerfi.

Hinn nýi Ford Ka er nokkuð breyttur í útliti að innan og utan og hefur fengið nokkuð sportlegt yfirbragð. Hann er mun straumlínulagaðri og ljósin gefa bílnum sterkan karakter. Mælaborðið er töffaralegt og gefur fyrirheit um nokkuð meiri lúxus en boðið er upp á.

Margar nýlegar bækur sýna brögðin sem þeir sem afneita loftlagsbreytingum beita. *Merchants of Doubt* (Kaupmenn efans) eftir Naomi Oerskes og Erik Conway kemur út um mitt þetta ár, og mun varpa skýru ljósi á bolabrögðin sem þeir grípa til. Höfundarnir sýna fram á að það eru sömu skemmdarverkamenn, sem hafa ítrekað reynt að rugla almenning í ríminu og kasta rýrð á vísindamenn sem eru að reyna að koma í veg fyrir aðsteðjandi umhverfisvá. Þessi hópur hefur fengið hljómgrunn hjá þeim sem aðhyllast kenningar um frjálsan markað, til dæmis *The Wall Street Journal*, sem endurómar skoðanir þeirra á leiðarasíðu sinni.

Þeir sem berjast gegn aðgerðum í loftslagsmálum eru í mörgum tilfellum studdir af sömu hagsmunaaðilum, einstaklingum og fyrirtækjum sem lögðust á sveif með tóbaksframleiðendum til að gera lítið úr rannsóknum sem sýndu fram á orsakasamhengi milli reykinga og lungnakrabbameins. Síðar andmæltu þeir rannsóknum sem sýndu að brennisteinsoxíð frá kolaknúnum orkuverum yllu „súru regni“. Þegar í ljós kom að efni sem kallast klórflúrkolefni eyddi ósonlaginu, efndi sami hópur til rógsherferðar til að afskrifa þær niðurstöður líka.

Síðar varði sami hópur tóbaksrisana vegna ásakana um að óbeinar reykingar yllu krabbameini og fleiri sjúkdómum. Á 9. áratugnum fór þessi hópur að berjast gegn aðgerðum vegna loftlagsbreytinga.

Það merkilega er að þrátt fyrir órökstuddar árásir á vísindi í 30 ár, ná þær enn að gera traustar staðreyndir tortryggilegar í augum almennings. Sannleikurinn er sá að stórtæk peningaöfl standa á bak við þá sem afneita loftlagsbreytingum, hvort heldur sem það eru fyrirtæki, sem vilja ekki greiða aukinn kostnað vegna hertari reglna, eða frjálshyggjumenn sem eru á móti hvers konar íhlutunum ríkisvaldsins.

### AÐ ÞYRLA UPP RYKI

Nýjasta árásarhrinan er tvíþætt. Í fyrsta lagi brutust tölvuhakkarar inn í rannsóknarmiðstöð um loftlagsbreytingar á Englandi. Nokkur tölvuskeyti sem þeir stálu bentu til að sumar rannsóknir varðandi loftlagshlýnun væru ekki nógu afdráttarlausar. Burtséð frá smáatriðum í því tiltekna máli voru umræddar rannsóknir ekki nema brotabrot af þeim yfirgnæfandi fjölda rannsókna sem sýna hversu alvarlegur og aðkallandi vandi loftlagshlýnun af mannavöldum er.

Í öðru lagi var augljós skekkja varðandi jökla í skýrslu IPCC. Rétt er að geta þess að IPCC gefur út þúsundir síðna af texta. Vafalítið má finna villur á þeim síðum. En villa í umfangsmikilli og flókinni skýrslu IPCC er til marks um mannleg mistök en ekki nein grundvallarmistök í loftlagsrannsóknum.

Þegar tölvuskeytin og villurnar í skýrslunni voru opinberuð höfu leiðarahöfundur The Wall Street Journal herskáa áróðursherferð, þar sem loftlagsrannsóknum var lýst sem gabbi og samsæri. Þeir fullyrtu að vísindamenn skálduðu niðurstöður til að afla sér rannsóknarstyrkja. Mér fannst þetta fáránleg ásökun á sínum tíma, í ljósi þess að vísindamennirnir sem lágu undir ámæli höfðu varið ævinni í að leita sannleikans og hafa alls ekki sankað að sér auði, sérstaklega samanborið við jafningja þeirra í fjármálageiranum. Síðan mundi ég eftir því að þessi lína – að ráðast á vísindamenn undir því yfirskyni að þeir væru bara á höttunum eftir peningum – var nánast samhljóða þeirri sem The Wall Street Journal gaf út þegar þeir tóku upp hanskann fyrir tóbaksframleiðendur, afneituðu súru regni, eyðingu ósónlagsins, skaðsemi óbeinna reykinga og annarra spilliefna. Með öðrum orðum voru mótbárur þeirra gamlar tuggur sem þeir grípa kerfisbundið til, burtséð frá viðfangsefninu.

### FYRIRSJÁANLEG VIÐBRÖGÐ

Það sem nú á sér stað eru fyrirsjáanleg viðbrögð frjálshyggjumanna til að grafa undan vísindum. Rök þeirra hafa verið hrakin ítrekað á undanförnum 30 árum, en með herskárri framgöngu tekst þeim oft að þyrla ryki í augum almennings og valda þannig töfum og ringulreið.

Loftslagsvísindi eru merkileg fræðigrein. Miklir vísindamenn hafa á nokkrum áratugum lært að „lesa“ sögu jarðar í þeim tilgangi að skilja hvernig loftslagskerfið virkar. Þeir hafa hagnýtt sér eðlisfræði, líffræði og nýjustu tækni til að auka skilning okkar. Skilaboðin eru skýr: óhófleg notkun á olíu, kolum og gasi stefnir líffræði og efnafræði jarðarinnar í voða. Við erum að hrinda af stað hættulegum breytingum á loftslagi jarðar og efnafræði hafsins, sem gera fárviðri, þurrka og aðrar umhverfisvár sem skaða matarbirgðir og lífsgæði í heiminum mun tíðari.

Boðskapur IPPC og vísindamanna er skýr: Við verðum að breyta orku-, samgöngu-, matvæla-, iðnaðar- og byggingakerfi okkar til að draga úr hættulegum áhrifum mannsins á loftslagið. Það er ábyrgðarhluti að hlusta, skilja skilaboðin og bregðast síðan við.

**Höfundur er hagfræðiprófessor og stjórnandi Earth Institute við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru Markaðarins.**











Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

2.000 bæklingar með afar djúpum pælingum.

5.000 umslög af heppilegri stærð.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Grikkir herða aðhald

## Gríska stjórnin kynnir í dag nýjar og harðari aðhaldsaðgerðir. Evrópusambandið taldi fyrri aðgerðir ekki nægja.

**Guðsteinn Bjarnason**
skrifar

George Papaconstantinou, fjármálaráðherra Grikklands, vonast til þess að Evrópusambandið bregðist skjótt við þegar nýjar og hertar aðhaldsaðgerðir verða kynntar í dag og leggi án tafar mat á gildi þeirra.

Telji Evrópusambandið aðgerðirnar nægilega öflugar gæti það dugað til þess að róa markaði og jafnframt gera gríska ríkinu kleift að taka lán á sömu kjörum og önnur ríki Evrópusambandsins sæta.

Papaconstantinou segist sannfærður um að fái Grikkir ekki þessi lánakjör, þá verði afleiðingarnar skelfilegar. Öllu skiptir að Evrópusambandið fallist á aðgerðir stjórnvalda svo hægt verði að halda áfram.

Stjórnin ætlar að bíða eftir viðbrögðum markaðarins áður en gefin verða út ný ríkisskuldabréf, sem eiga að afla ríkinu tekna upp í skuldir.

Á mánudaginn sagði Olli Rehn, sem er nýtekinn við sem fjármálastjóri Evrópusambandsins, að þær aðhaldsaðgerðir sem gríska stjórnin kynnti í síðasta mánuði dugi ekki til. Draga þurfi enn frekar úr ríkisútgjöldum til þess að leysa megi úr fjármálakreppunni sem er ein sú versta í Evrópu.

Skuldir ríkisins eru hærri en svo að sjáanlegt sé hvernig þær verði greiddar niður. Skuldastaða ríkisins hefur meðal annars bitnað á evrunni, sameiginlegum gjaldmiðli sextán Evrópusambandsríkja.

Mikil ólga er í landinu vegna efnahagsástandsins. Verkalýðsfélög hafa efnt til verkfallsaðgerða til að mótmæla aðhaldsaðgerðunum, sem bitna á almenningi og þykja ósanngjarnar.

Þær fela meðal annars í sér hærri eldsneytisskatta, frystingu launa og niðurfellingu kaupauka ríkisstarfsmanna, auk þess sem eftilaunaaldur verður hækkaður.



**VERKFALL LEIGUBÍLSTJÓRA** Leigubílstjórar lokuðu umferðargötum í Aþenu í gær til að leggja áherslu á kröfur sínar. NORDICPHOTOS/AFP

Grískir fjölmiðlar telja að nýju aðgerðirnar, sem væntanlega verða kynntar að loknum ríkisstjórnarfundi í dag, feli í sér tveggja prósenta hækkun á virðisaukaskatti, sem nú er 19 prósent, auk þess sem eldsneytisgjöld verði hækkuð enn frekar og nýr skattur verði lagður á munaðarvörur.




# Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

534 1020
www.atvinnueignir.is

✓ Til leigu - Upplýsingar um þessi atvinnuhúsnæði gefur Helgi í síma 663-2411



**Borgartún 26 – Til leigu 1.124 fm glæsilegasta skrifstofuhúsnæði landsins.** Nýinnréttað á besta og glæsilegasta máta. Aldrei verið notað. Laust strax.



**Suðurlandsbraut 14 – Heil húseign**, um 3.100 fm. Skiptist í 1.250 fm á 1. hæð, 1.300 fm á 2. hæð og 550 fm á 3. hæð. Laust strax en þarf að endurinnrétta að hluta. Gamla B & L húsið.



**Smáratorg – Turninn** - Til leigu heil hæð, 830 fm, tilbúin. Laus strax. Hægt að leigja hálfa hæð.



**Hlíðasmári** – um 1.600 fm á tveimur hæðum. Laust fljótlega. Hægt að skipta niður í um 400 fm. Innréttað fyrir tölvufyrirtæki, bæði skrifstofur og opin rými.



**Höfðatorg – Turninn** – Til leigu heilar hæðir í turninum, neðri hluta 1.850 fm og efri hluta 830 fm. Innréttað að óskum leigjanda. Afhendingartími 3-4 mánuðir. Hægt að leigja niður í um 330 fm.



**Súðavogur 1-5** – Til leigu, um 1.500 fm verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 5.000 fm vörugeymslur og 1.300 fm opin skýli. Mikið útipláss. Laust strax. Hægt að skipta niður í minni einingar.



**Höfðabakki** – Til leigu allt að 6.000 fm skrifstofuhúsnæði innréttað að þörfum leigjanda. Verið er að breyta húsnæðinu og umhverfinu í skrifstofugarða. Nýr leigutaki kominn í 3.800 fm. Tilbúnar fljótlega, frá 300 fm. Möguleiki á leigu án vsk.



**Kringlan 1** – Til leigu um 3.700 fm á tveimur hæðum. Laust strax. Var áður skrifstofur Morgunblaðsins og síðan notað af Háskólanum í Reykjavík.

**Heil húseign, miðsvæðis**

Til leigu um 2.400 fm auk bílakjallara, mjög vel innréttað skrifstofuhúsnæði. Getur verið laust fljótlega. Skiptist upp í fyrstu hæð sem er um 1.200 fm, 2., 3. og 4. hæð samtals um 1.200 fm, auk bílakjallara sem er að hluta til innréttaður sem tölvuver.

Allar frekari upplýsingar um þessi og önnur atvinnuhúsnæði veita:

Helgi Bjarnason
í síma 663-2411

Ólafur Jóhannsson
í síma 824-6703

Helgi Már Karlsson
í síma 897-7086

Þorvaldur Þorláksson
í síma 897-0789

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali

Ólafur Jóhannsson, rekstrarfræðingur, löggiltur leigumiðlari

# Gömul raftæki valda skaða á umhverfinu

Umhverfinu er hætta búin af gömlum raftækjum sem safnast upp, einkum í þriðja heiminum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri rannsókn umhverfisráðs Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Talið er að úrgangur af völdum gamalla tölva, síma og annarra raftækja sé um 36 milljón tonn ár hvert.

Framkvæmdastjóri ráðsins, Achim Steinar, segir að lönd heimsins séu illa búin undir ruslið sem safnast hefur upp af völdum raftækja ýmiss konar undanfarin áratug. Hann segir einnig að Bandaríkjamenn og Evrópubúar hafi gefið ónýtar tölvur til Afríkulanda með þróunaraðstoð að yfirskini. Tölvunum sé svo hent á haugana í útjaðri fátækrahverfa þar sem þær eru mögulegir mengunarvaldar.



**TÖLVUR Í HAUGUM** Starfsmaður í verksmiðju á Indlandi flokkar ónýtar tölvur áður en þær eru endurunnar. MARKAÐURINN/AP

Bent er á að endurvinnsla ónýtra raftækja sem fer fram í Kína og á Indlandi fer yfirleitt fram án eftirlits og þannig að umhverfinu stafar hætta af. Tækin eru brædd með það að markmiði að ná út þeim málmum á borð við gull, með tilheyrandi hættulegri útgufun. Varað er við því að magn úrgangsins muni aukast mjög á næstu árum. - sbt



**Á LAUGAVEGI** Ferðamenn voru fjölmennir hérlendis í febrúar.

# Umfjöllun erlendis skilar ferðamönnum

Alls komu 3.600 gestir í Upplýsingamiðstöð ferðamanna vikuna 14. til 20. febrúar síðastliðinn. Þetta er um 25 prósent fjölgun miðað við venjulega febrúarviku samkvæmt upplýsingum frá Höfuðborgarstofu.

Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður stofunnar, segir fjölgunina skýrast af vetrarfríi í Evrópu og Valentínusarferðum frá Bretlandi.

Hún segist bjartsýn á sumarið, ekki síst vegna mikillar umfjöllunar um Ísland í erlendum fjölmiðlum. Þannig var landið valið það besta fyrir sund í febrúarhefti bandaríska ferðatímaritsins Business Traveler. „Við fáum gríðarlega mikið af fyrirspurnum frá blaðamönnum frá Evrópu og Bandaríkjunum, meðal annars ferða- og lífsstílstímaritum,“ segir Sif.

Hún býst þó ekki við sprengingu í fjölda ferðamanna. „Það eimir enn eftir af kreppu í heiminum. Engar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir sumarið.“ Því verður sami fjöldi starfsmanna í miðstöðvum borgarinnar í sumar.

Í könnun Ferðamálastofu kom fram að áætlaðar tekjur af komu ferðamanna til landsins árið 2009 hafi verið 155 milljarðar króna. Þetta er 21 prósents raunaukning frá árinu áður og er ferðaþjónustan orðin ein helsta gjaldeyrisuppspretta þjóðarinnar. - kk


**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is



**Til leigu Kringlan 5, 103 Reykjavík**

Glæsilegt 570 fm. skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í lyftuhúsnæði með sameign (30 fm). Opið skrifstofurými að stórum hluta. Björt og rúmgóð móttaka með flísum og parketi á gólfi. Sameiginleg móttaka og mötuneyti fyrir allt húsið. Aðgangur að kennslusal sem rúmar um 50-60 manns og líkamsræktarsal mögulegur. Næg bílastæði.
Nánari upplýsingar veitir Helgi Már í s. 897-7086/ 534-1024, hmk@atvinnueignir.is

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannsson, rekstarfræðingur, löggiltur leigumiðlari




**Á GÖNGUM ARION BANKA** Forverar Arion banka studdu ötullega við listamenn þjóðarinnar. Ekkert hefur verið keypt inn af verkum eftir bankahrunið haustið 2008. Hér má sjá í forgrunni verk eftir Ívar Valgarðsson, sem var til sýnis í listaglugga Arion banka í Austurstræti. Á veggnum hangir málverk eftir Kristján Davíðsson, sem sýnt var á Feneyjatvíæringnum á sínum tíma. MARKAÐURINN/ANTON

# Halda listagyðjunni lifandi í kreppunni

## Myndlist er gert hátt undir höfði í Arion banka. Starfsmenn hans safna í sjóð og kaupa um sextíu listaverk tvisvar á ári.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Innan Arion banka er starfræktur listaklúbbur með um 230 félagsmönnum. Hann var stofnaður fyrir um fjórum árum og er öflugur í kynningu á íslenskri og erlendri myndlist innan veggja bankans. Meðlimir, sem eru allir starfsmenn Arion banka og tengdra félaga, leggja eitt þúsund krónur af launum í sameiginlegan sjóð um hver mánaðamót og er fyrir það keypt í kringum þrjátíu verk eftir íslenska myndlistarmenn. Á sex mánaða fresti er efnt til happdrættis og dregið um þau. Þeir sem fara tómhentir heim verða að bíða næsta útdráttar að hálfu ári liðnu. Markmið listaklúbbsins er að styðja íslenska myndlistarmenn og kynna íslenska list og listamenn fyrir starfsmönnum.

Þegar ríkið yfirtók bankann haustið 2008 lagðist klúbburinn í dvala. Lífi var blásið í hann í nóvember í fyrra og verður fyrsti útdráttur eftir ríkisvæðingu á fimmtudag í næstu viku.

Myndlistarmaðurinn Kristinn E. Hrafnsson er ofarlega á blaði innan listaklúbbsins um þessar mundir, að sögn Klöru Stephensen, umsjónarmanns með listasafni bankans. Nálægt anddyrinu í höfuðstöðvunum í Borgartúni er skúlptúr sem var samvinnuverkefni Kristins og Sjóns. Kristinn stígur fljótlega á svið á vegum listaklúbbsins og flytur erindi um list sína.

Arion banki á um 1.250 listaverk, bæði málverk, vatnslitamyndir, teikningar, ljósmyndir og skúlptúra. Þar af eru um fjögur hundruð verk í geymslu. Bankinn studdi ötullega við íslenska myndlist og keypti mörg verk fram undir lok árs 2007. Síðan þá hefur hann ekkert keypt en bæði fengið nokkur lánuð og geymt önnur fyrir listamenn, svo sem Hrafnkel Sigurðsson. Jafnframt á bankinn nokkur verk eftir Hrafnkel.

Verk úr safni bankans eru víða í höfuðstöðvum hans og í öðrum húsakynnum þar sem þau fá að njóta sín. Önnur eru í útibúum auk þess sem bankinn hefur um árabil sýnt vegfarendum verk eftir ýmsa listamenn í tveimur útstillingargluggum í Austurstræti og við Hlemm. Þá hefur safn bankans lánað verk til sýninga hjá Listasafni Íslands og víðar.

Elstu verk úr safni Arion banka eru Öxarárfoss eftir Ásgrím Jónsson og Flosagjá eftir Þórarin B. Þorláksson, bæði frá 1905. Verk Þórarins var annað tveggja verka sem bankinn gaf Listasafni Íslands í síðustu viku – á sama tíma og hann samdi við Listasafnið um tólf ára kauprétt að 192 verkum, sem talin eru á meðal dýrgripa íslenskrar listasögu.

## Bankarnir eiga rúm 4.000 verk

Í eigu Landsbankans eru um 1.700 listaverk og hjá Íslandsbanka tæp 1.100. Saman eiga bankarnir þrír því um 4.050 listaverk af ýmsum toga, mörg eru dýrgripir íslenskrar myndlistarsögu eftir ástælustu listamenn þjóðarinnar. Eitthvað er um verk eftir erlenda listamenn í bönkunum öllum. Þau eru í miklum minnihluta.

Listaverk bankanna eru á meðal þeirra eigna sem samið var um við tilfærslu eigna úr gömlu bönkunum við fall þeirra. Þá hafa þeir allir átt í viðræðum við menntamálaráðuneytið, sem rekur málið fyrir hönd Listasafns Íslands, um þau verk sem flokkast til þjóðargersema.



**ÍSLANDSKORT** Á veggjum einnar skrifstofu Arion banka eru innrammaðar eftirprentanir af gömlum Íslandskortum. Á hvítum miðum við kortin má lesa að þau voru gefin í tengslum við undirritun sambankalána í gegnum tíðina. MARKAÐURINN/ANTON




# Allt í steik

*framlengt út mars*

## 4ra rétta seðill frá 4.990 kr.

1 KRYDDLEGIN KLAUSTURSBLEIKJA
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI FJÖGURRA AÐALRÉTTA

3

FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

RIB EYE
með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Allt í steik verð frá* **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan
*Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Ómagar í alþjóðlegum samanburði

Þeir sem sitja í skilanefndum og slitastjórnum gömlu bankanna hafa mátt þola pot úr öllum áttum frá því að Fjármálaeftirlitið og héraðsdómur setti þá í nefndir og stjórnir. Bæði þykja launakjörin há og hver hreyfing þeirra sveipuð heilmikilli dulúð. Á daginn hefur komið að kjör skilanefndar- og slitastjórnarfólksins eru ekkert til að hrópa húrra fyrir í alþjóðlegu samhengi, sérstaklega ef miðað er við kollega þeirra í sambærilegu starfi í Bretlandi. Þar á ofan þykir vinnuálagið síst henta fjölskyldufólki – jafnvel gæti það talist í bága við kjarasamninga.



## Eins dauði …

Og meira um skilanefndir og slitastjórnir gömlu bankanna. Formenn skilanefnda og slitastjórna og aðrir starfsmenn undir þeim flagga sumir áratuga reynslu af gjaldþrotameðferð og uppgjöri fyrirtækja.

Starfsmennirnir hafa flestir hverjir haft meira en nóg að gera frá hruni, í einstaka tilvikum þurft að vaka heilu næturnar til að halda efnahagslífinu í föstum skorðum á bak við tjöldin. Það hefur tekið lengri tíma en í fyrstu var ætlað. Á sama tíma hefur heyrst að fastakúnnar þeirra fyrir hrun hafi haft skilning á annríkinu í fyrstu. Þegar bið varð ítrekað á að skila- og slitastjórnarfólkið lét gömlu kúnnana vita af sér hafi þeir einn af öðrum horfið af viðskiptamannaskránni.



## Fræ tortryggni

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna efnahagshrunsins, sá ástæðu til þess í gær að gefa út yfirlýsingu þar sem því var vísað á bug að starfsmenn embættisins lækju upplýsingum um tiltekin mál til fjölmiðla. Í tilkynningunni segir að fátt bendi til leka. Sérstakur saksóknari tiltekur nokkrar hjáleiðir, sem skoða megi nánar. Hann bendir þar á meðal á að gögn um rannsóknir hafi verið afhent verjendum sakborninga í málum sem séu til rannsóknar við embættið. Gárungarnir bentu á það í gær að Ólafur ætti að vera mun tortryggnari en þetta og líta sér nær, jafnvel nær en hann hafi þorað. Lekana megi jú finna víða, ekki síst hjá þeim sem tíðir gestir eru í settinu hjá Agli Helgasyni á sunnudögum á RÚV og gegna nafninu Eva Joly.



**1.340** þúsund krónur eru mánaðarlaun forstjóra Landsvirkjunar og Landspítalans.

**13** milljarða viðskiptahalli var á öðrum ársfjórðungi hérlendis.

**3,7** milljarðar eru skuldir fjárfestingafélags Finns Ingólfssonar, fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóra.





Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# Í stuttu máli

**UMRÆÐAN**
Sigurður Líndal skrifar um Icesave

Því hefur nokkrum sinnum verið haldið fram að íslenzka ríkið beri ábyrgð á lágmarkstryggingu Icesave-innistæðna í íslenzkum bönkum. Meðal þeirra er Kristinn Gunnarsson, síðast í grein í Fréttablaðinu 27. febrúar sl. En í stað þess að ræða um ríkisábyrgð fjallar hann nú um lágmarkstryggingu Tryggingarsjóðs innistæðueigenda sem engin ríkisábyrgð fylgir, enda vísar hann hvorki til skýrra lagaákvæða né löglega bindandi yfirlýsinga íslenzkra ráðamanna því til stuðnings.

Þetta virðist Kristni vera ljóst og þá bregður hann á það ráð að halda því fram að neyðarlögin svokölluðu (nr. 125/2008) hafi brotið gegn jafnræðisreglu 4. gr. EES-samningsins, reglu sem einnig sé bundin í stjórnarskrá Íslands. Nú kunna þar að vera álitamál, en í ákafa sínum við að fella ábyrgð á íslenzka ríkið heldur hann því fram fyrirvaralaust að jafnræðisregla hafi verið brotin, en gefur því engan gaum að gild rök hafa verið sett fram gegn því að innistæðueigendum hafi verið mismunað eftir


SIGURÐUR LÍNDAL

þjóðerni, sbr. grein Stefáns Más Stefánssonar og Lárusar L. Blöndals í Morgunblaðinu 13. janúar 2010. Gott væri að hann hefði hugað að röksemdum þeirra og gert athugasemdir við þær. Um tilraunir til að fá Icesave-innistæðurnar felldar undir brezka tryggingarkerfið kemur ábyrgð íslenzka ríkisins ekkert við.

Nú er ekkert við það að athuga að Íslendingar leitist við að gera sér sem gleggsta grein fyrir hugsanlegum veilum í réttarstöðu sinni, eins og um jafnræðisregluna og eftirlitsbrest, en órökstuddar fullyrðingar þar að lútandi eru einungis Bretum og Hollendingum til framdráttar.

Farsælast hefði verið að fá gerðardómsúrlausn um skyldur og réttindi, sekt og sýknu aðila þessa máls og á þeim grundvelli hefði síðan mátt semja um fjárhæðir ef niðurstaða hefði orðið sú að íslenzka ríkið bæri einhverja ábyrgð. Þetta er algeng aðferð í skaðabótamálum. En öllum slíkum leiðum hefur ítrekað verið hafnað þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar um siðferðileg gildi sem Evrópuríki telja sig halda í heiðri, þar á meðal um réttláta málsmeðferð. En Ísland fær ekki að njóta réttinda jafnvel forhertustu afbrotamanna. Á því er varla nema þessi skýring: Málstaður Breta og Hollendinga er veikur og hvorki regluverk ESB, né stjórnkerfi Bretlands með sín hryðjuverkalög og sínar skattaparadísir á Ermarsundseyjum og í Karíbahafinu (Tortola) þar sem misjafnlega vel fengið fé nýtur sérstakrar verndar, þolir slíka skoðun. Þetta segir kannski allt sem segja þarf.

*Höfundur er prófessor í lögum.*

# Sáttin og snjórinn

**UMRÆÐAN**
Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir skrifa um samfélagsmál

Þegar byrjaði að snjóa í Reykjavík í síðustu viku, breytti borgin um svip. Hús og garðar fengu á sig dulúðlegan blæ, götur og ljósastaurar voru eins og klippt út úr Narníu. Umferðarniðurinn og borgarhávaðinn sem fylgir íbúunum frá morgni til kvölds kæfðist undir þykkri snjóbreiðunni. Áætlanir og tímamörk riðluðust því enginn komst almennilega leiðar sinnar. Snjórinn fékk okkur til að staldra við.


ÁRNI SVANUR DANÍELSSON


KRISTÍN ÞÓRUNN TÓMASDÓTTIR

Nýfallinn snjór sem breiðir yfir allt kallar fram þrána í brjóstum okkar eftir því sem er hreint og óspillt. Snjórinn fellur á skítugar götur og ruslahauga og leyfir okkur að halda augnablik að umhverfið okkar sé einmitt þannig: hreint og óspillt. Snjónum fylgir þannig huggun og hugheysting.

Þessa daga og misseri líður okkur á Íslandi eins og við sitjum á stórum haug þar sem ýmislegt leynist. Hruninn trúverðugleiki nær frá viðskiptaheiminum inn í embættismannakerfið, stjórnmálin og samfélagið allt. Við bíðum eftir aðgerðum sem miða að því að reisa við réttlæti þeim til handa sem nú líða fyrir ábyrgðarleysi og skeytingarleysi annarra.

Aðgerðir sem miða að réttlæti eru forsenda þess að sátt náist í samfélaginu. Án sáttar fær kreppan að lifa í huga og hjarta ungra sem aldinna. Aðgerðir sem miða að réttlæti í samfélaginu, nefna hlutina sínu rétta nafni og kryfja málin til mergjar. Þær ganga jafnt yfir alla. Réttlæti snýst hvorki um hefnd né offors. Það miðar að jafnvægi og jafnrétti.

Góðverk og góður ásetningur koma aldrei í stað réttlætis. Á það benti Ágústínus kirkjufaðir á sinni tíð og á það minnum við núna. Við þurfum að vinna saman að réttlæti í samfélaginu. Þráin í hjarta okkar er sátt samfélags þar sem ríkir sátt og náungakærleikur, til náungasamfélags. Þangað skulum við stefna.

*Höfundar eru prestar.*





*Hjartans þakkir öllum þeim sem hjálpuðu okkur, vottuðu samúð, virðingu og vinarþel og heiðruðu minningu elskaðrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Aðalbjargar Jónsdóttur**

með blómum, gjöfum og minningarorðum. Starfsfólki FSA þökkum við nærfærna hjúkrun og stuðning í erfiðum veikindum. Sérstaklega þökkum við einstaka elskusemi og hlýju starfsfólks Hornbrekku í Ólafsfirði sem gerðu henni og ástvinum síðustu stundirnar eins léttbærar og mögulegt var.

Guð veri með ykkur.

**Þórir Jónsson og fjölskylda.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Ágústs Veturliðasonar**

múrara, Vesturtúni 38.

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem önnuðust hann af alúð í veikindum hans.

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Andrea Ólafsdóttir — Erlendur G. Gunnarsson**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Ármann Ólafsson — Árdís Olga Sigurðardóttir**
**Helga Ólafsdóttir — Bergur Helgason**
**Ágúst Ólafsson — Rebekka Rut S. Carlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, uppeldisfaðir, afi og langafi,*

**Jóhannes G. Hermundarson (Gósi)**

húsasmíðameistari
Gránufélagsgötu 23, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 5. mars kl. 13.30. Bestu þakkir til starfsfólks öldrunardeildar Kristnesspítala.

**Anna Hermannsdóttir**
**Hermundur Jóhannesson — Þórunn Gunnarsdóttir**
**Friðný Jóhannesdóttir**
**Helgi Jóhannesson — Stefanía G. Sigmundsdóttir**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Hjalti Jóhannesson — Fjóla Kristín Helgadóttir**
**Lilja Sigurlína Jóhannesdóttir — Unnar Jónsson**
**Ólafur Gunnarsson — Svanlaug Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Æviminning*



Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**



*Systir okkar,*

**Guðrún Erla Engilbertsdóttir**

lést í Kaupmannahöfn 10. febrúar sl. Útför hennar hefur farið fram. Minningarathöfn verður í Fossvogskapellu föstudaginn 5. mars kl. 13.00.

**Fyrir hönd dætra hennar og annarra aðstandenda,**

**Örn Engilbertsson — Dagbjört S. Engilbertsdóttir.**



*Þökkum auðsýnda samúð og hluttekningu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, dóttur, systur og tengdadóttur,*

**Halldóru Benediktsdóttur**

Brekkubyggð 28, Garðabæ.

Sérstakar og innilegar þakkir til Slysavarnafélagsins Landsbjargar, björgunarsveitarmanna, þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar, starfsfólks gjörgæsludeildar Borgarspítalans og Barnaspítala Hringsins fyrir frábær störf og umönnun.

**Kristján Gunnarsson**
**Benedikt Kristjánsson, Kristín Edda Kristjánsdóttir,**
**Gunnar Kristjánsson**
**Benedikt Steindórsson, Þórey Eyjólfsdóttir**
**Sigurbjörg Benediktsdóttir, Steindór Benediktsson**
**Gunnar Skaftason, Kristín Edda Kornerup-Hansen**



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Páll Theódórs**

frá Stóra-Holti,

lést á dvalarheimilinu Grund í Reykjavík þann 26. febrúar sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 5. mars kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðbjörg Jónsdóttir.**



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Eggert Ingvar Ingólfsson**

vélvirki, Skarði Landssveit,

verður jarðsunginn frá Skarðskirkju á Landi laugardaginn 6. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilis Kirkjuhvols (S. 487 8108).

**Helga Fjóla Guðnadóttir**
**Guðlaug Ingvarsdóttir — Olav Heimir Davidson**
**Ingólfur Ingvarsson — Snjólaug Elín Árnadóttir**
**Sæmundur Ingvarsson — Björg Egilsdóttir**
**Erlendur Ingvarsson — Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir**
**Guðni Ingvarsson — Guðný María Sigurbjörnsdóttir**
**og barnabörn.**

**JÓN ÞORLÁKSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1877**

*„Sá sem vill leita eftir efnalegri velgengni fyrir sjálfan sig verður að leitast við að fullnægja sem best þörfum annarra.“*

***Jón var landsverkfræðingur, kaupmaður í Reykjavík, seinni formaður Íhaldsflokksins, fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins, fjármálaráðherra, forsætisráðherra og borgarstjóri í Reykjavík.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BÆNDURNIR Á HRAUNI** Merete og Steinn ásamt heimilishundunum Týru og Tátu. MYND/ÚR EINKASAFNI

**HRAUN Á SKAGA:** HLAUT LANDBÚNAÐARVERÐLAUNIN 2010 Á BÚNAÐARÞINGI

# Lifa á landsins hlunnindum

Árlega er bændum sem reka fyrirmyndarbú veitt landbúnaðarverðlaun og í ár komu þau annars vegar í hlut hjónanna Gunnars Arnarsonar og Kristbjargar Eyvindsdóttur, sem reka hrossaræktarbúið á Grænhól í Ölfusi, og hins vegar í hlut ábúenda að Hrauni á Skaga. Blaðamaður hringdi til hjónanna Steins Rögnvaldssonar og Merete Kristiansen Rabölle að Hrauni, en bærinn, sem er á Skagatá, er nyrsti bærinn á Skaga. Þar hefur verið starfrækt veðurathugunarstöð frá árinu 1942 og hafa foreldrar Steins, þau Rögnvaldur Steinsson og Guðlaug Jóhannsdóttir, sinnt veðurathugunum fyrir Veðurstofu Íslands í að verða fimmtíu ár. Ábúendur á jörðinni eru Rögnvaldur og Guðlaug, Steinn og Merete og Jóhann, bróðir Steins, sem aðstoðar við búið á álagstímum.

Merete er að vonum ánægð með verðlaunin. „Ég lít aðallega á þetta sem viðurkenningu á störfum foreldra Steins og afa hans og ömmu sem hófu búskap á jörðinni árið 1914.“ Landið liggur vel við sjó og segir Merete að ábúendur hafi frá upphafi nýtt sér þau hlunnindi sem það býður upp á ásamt því að taka að sér önnur verkefni. „Við erum með 400 vetrarfóðraðar kindur og æðarvarp auk þess sem trillan Sæfari er gerð út frá staðnum.“ Merete sækir einnig póst á Sauðárkrók og dreifir honum um sveitina. „Það er því miður ofast þannig að bændur verða að drýgja tekjurnar með slíkum hætti og ekur Jóhann, bróðir Steins, til að mynda skólabílnum og tekur að sér aðra vinnu sem til fellur utan heimilisins.“ Rögnvaldur, sem er á nítugasta og öðru aldursári, og kona hans, Guðlaug, hafa hingað til aðallega séð um æðarvarpið og gefur það um 50 kíló af hreinsuðum dún þegar best árar. Veðurathugunum fylgir síðan mikil binding en þau hjónin lesa af mælum fimm sinnum á dag frá níu að morgni til níu að kvöldi. „Þá sjaldan að móðir mín bregður sér frá í lengri tíma leysum við hana af,“ segir Steinn.

Merete, sem er af dönskum ættum og flutti til Íslands árið 1991, hafði heyrt margar bjarndýrasögur úr Skagafirðinum áður en hún sá ísbjörn með eigin augum í hittifyrra. „Það var dóttir okkar sem kom fyrst auga á björninn sem gekk á land í júní 2008.“ Merete segist þó ekki hræðast ísbirni þótt úthafið sé allt í kring. Ég reyni heldur ekki að hafa áhyggjur af Steina þegar hann er úti á sjó. Það þýðir ekkert.”

**vera@frettabladid.is**






AFMÆLI



**ÓLAFUR DARRI** leikari er 37 ára.



**JESSICA BIEL** leikkona er 28 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


skemmtilegri
RÉTTUR
SNÝR AFTUR 14. MARS
HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
FRÁBÆRIR
ÞÆTTIR
OG VEGLEG
PÁSKADAGSKRÁ
SIMMI OG JÓI
HAMBORGARAFABRIKAN
Sannleikurinn
how i met your mother
24
BONES
GREY'S ANATOMY
WIPEOUT
COLD CASE
NCIS
FRINGE
GHOST WHISPERER
Sjálfstætt fólk
AUDDI & SVEPPI
THE AMAZING RACE
modern family
SLUMDOG MILLIONAIRE
AUSTRALIA
ALVIN AND THE CHIPMUNKS
HIGH SCHOOL MUSICAL 3
LIVE FREE OR DIE HARD
EVAN ALMIGHTY
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD
• ÓDÝRARA ÁSKRIFTARVERÐ
• ÝMIS TILBOÐ AF VÖRUM OG ÞJÓNUSTU
• MINNI FYRIRHÖFN
• FLEIRI STÖÐVAR
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Tónleikar í Norræna húsinu



Dynamo (DK), Peter Laugesen og Einar Már Guðmundsson: Jazz-og ljóðabræðingur
3.mars kl. 20.00. Miðaverð 1.500 kr.

# Betri tíð í Grikklandi

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Nú virðast Grikkir loks vera búnir að spila rassinn úr buxunum. Hefur það tekið dágóðan tíma en ég hélt þeir væru á endasprettinum þegar ég bjó þarna í fimm ár fyrir aldamót.

**MÉR** er minnisstætt þegar ég var í minni fyrstu vinnu þar í landi að kokka á mexíkóskum veitingastað. Þá sögðu samstarfsmennirnir með dularfullum svip að eftirlitsmenn frá heilbrigðisráðuneytinu væru mættir á vettvang. Lét ég ekki segja mér það tvisvar og hófst strax handa við að koma óhreinindum og lögleysu fyrir kattarnef. Vakti þetta mikla kátínu hjá kollegum mínum. Eftirlitsmennirnir komu auðvitað aldrei inn í eldhús. Þess í stað sátu þeir meðal kúnnanna og fengu að smakka margarítu, búrrítos og síðan þykkt umslag í eftirrétt.



**ÞETTA** var um jól. Skömmu fyrir páska komu þeir aftur enda eru Grikkir vanir að bregða undir sig betri fætinum um páskahátíðina og því veitti eftirlitsmönnunum ekkert af aukatekjum.

**Í** þá daga var líka á allra vitorði að flestir læknar litu ekki við örkumla fólki fyrr en þeir fundu fyrir umslaginu læðast í jakkavasann.

**SÍÐAN** vann ég á menningarsetri sem átti ekkert aflögu í umslag svo eftirlitsmenn létu það eiga sig. Þó kom Vinnueftirlitið nokkrum sinnum og kom það þá í minn hlut að loka nokkra ólöglega kokka inni á klósetti. Ólöglegum þjónum var hins vegar skipað til sætis þar sem ég færði þeim viskí í klaka og virtust því kúnnar meðan úttektin fór fram.

**REYNDAR** hefur óreiðan löngum verið við lýði við Eyjahaf. Jóhann Kapodistrías, fyrsti forsætisráðherra Grikkja, vildi til dæmis fá lýðinn til að borða kartöflur en landinn hafði löngum fúlsað við slíku. Þá ákvað Jóhann að varðveita þær í vöktuðum geymslum. Það var eins og við manninn mælt; fyrr en varði voru Grikkir farnir að stela þeim, rétt eins og til var ætlast.

**EN** nú er sem sagt komið upp ástand álíka því þegar Helenu fögru var stolið, eða þegar Persar komu með herafla sinn, þegar nasistar ætluðu að geysast yfir landið í yfirreið sinni, þegar Papadopoulos einræðisherra kúgaði lýðinn eða þegar þjóð sem ekki getur myndað þriggja manna röð án þess að komi til handalögmála á að fara að skipuleggja heila ólympíuleika.

**ÞÁ** er von á góðu því þetta eru einu tækifærin þar sem Grikkir taka sig saman í andlitinu.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# ALLTAF BETRA VERÐ




**Með hverri seldri tölvu fylgir Draumaegg frá Freyju**




## TÖLVUTILBOÐ

**Ace AMD 3 tölvutilboð**

- AM3 DualCore Athlon II 240 2.8GHz
- 2GB DDR2 minni
- 640GB WD Caviar SE16 diskur
- 22x Dual Layer DVD og CD skrifari
- 22" Philips 220C1SBFB LCD skjár
- 512MB MSI GeForce N210 skjákort
- 2.1 Logitech S120 hátalarar
- 7.1 Dolby Digital 24-bit hljóðkort
- Windows 7 Home Premium með Aero 3D

**139.990**




**Acer Aspire 5732Z-443G32MN**

2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 Centrino Duo örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 320GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED skjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows 7 Home Premium

**129.990**




**Toshiba Satellite L505-119**

2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA+ High Def TruBrite breiðskjár • 1GB ATI Mobility Radeon HD 4650 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium (32 eða 64-BIT)

**189.990**




**22 Philips 220X1SW Ambilight**

22" LCD breiðskjár með Ambilight baklýsingu, 1680 x 1050p upplausn, 30000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

**49.990**



ASUS

1080P HDMI LAN

## MEDIASPILARI

**ASUS O!Play HDP-R1**

1080P margmiðlunarspilari með USB 2.0, eSATA Combo, H.264, RJ-45 LAN, HDMI, Composite Video og Audio, fjarstýringu ofl.

**32.990**



WD 1TB

## HARÐDISK FLAKKARI

**WD Elements 1 Terabyte**

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**19.990**




720P HDMI CARD

## UNITED MEDIASPILARI

**United HD MMP 9530**

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**14.990**




**20 Philips 201E1SB**

20" svartur LCD breiðskjár með 1600x900 dpi, 25000:1 í dínamískri skerpu, 5ms og 16,7 milljón liti.

**28.990**



Logitech

## LEIKJABORÐ

**Logitech G110**

Leikjalyklaborð með litastillingu á baklýsingu, innb. USB hljóðkorti, 12 forritanlegum G tökkum, USB 2.0 tengi fyrir aukatæki, leikjastillingu á lyklaborðinu, margmiðlunartökkum ofl.

**19.990**



WD 1TB

64MB BUFFER

## GRÆNN DISKUR

**WD Green 1TB**

1TB SATA2 64MB GreenPower harður diskur sem er hljóðlátur, kaldur og umhverfisvænn.

**18.990**

Logitech



## VEFMYNDAVÉL

**Logitech WebCam C500**

1.3MP vefmyndavél á skjái og fartölvur. Með innbyggðum hljóðnema og glerlinsu.

**10.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# Hemmi veislustjóri Páls Óskars

Þótt ótrúlegt megi virðast verður Páll Óskar fertugur 16. mars næstkomandi. Hann heldur upp á tímamótin með þremur viðburðum, sem allir fara fram á Nasa.

Laugardaginn 13. mars verður sjálf afmælisveislan. Þá býður Palli vinum, ættingjum og samstarfsfélögum í gegnum tíðina til veislu. Boðið verður upp á tónlistarveislu þar sem margir af þeim sem hafa spilað með honum í gegnum tíðina ætla að skemmta. Veitingar koma frá Múlakaffi og Hemmi Gunn verður veislustjóri. Þetta er lokað boðspartí og búist er við 400-500 manns. Ljósmyndari á vegum Páls verður á staðnum og tekur myndir af afmælisbarninu með gestum um leið og þeir mæta. Gestirnir fá svo myndina þegar þeir yfirgefa veisluna.

Síðar sama dag á miðnætti, þegar búið verður að sópa afmælisblöðrunum burtu, ætlar Palli að slá upp partíi og dj-a fram á morgun. Það kostar þúsund kall inn og ekkert rugl.

Í vikunni á eftir, fimmtudaginn 18. mars, halda svo Páll og hljómsveitin Hjaltalín sameiginlega tónleika. Hjaltalín leikur eigið efni en sameiginleg dagskrá verður um þriggja korter löng. Hjaltalín og Páll æfa nú upp efni af krafti en miðasala er hafin á midi.is.

- drg



**PÁLL ÓSKAR OG HEMMI GUNN** Leiðir þeirra lágu fyrst saman 1980 á ævintýraplötu Gylfa Ægissonar. Nú er Páll að verða fertugur og Hemmi verður veislustjóri í afmælinu.

Tónlist ★★★

**Nýtt lýðveldi**

Buxnaskjónar

## Fyrirtaks unglingapönk að norðan




Buxnaskjónar (töff nafn) er pönktríó frá Akureyri, skipað ungum strákum með bjarta framtíð fyrir höndum af þessari plötu að dæma. Þetta er önnur platan þeirra, sú fyrsta kom í fyrra með sex lögum og heitir Þriðja heimsstyrjöldin. Það er síður en svo verið að finna upp hjólið, strákarnir ryðjast í gegnum tíu lög á undir tuttugu mínútum í galsa og gleði. Öll lögin eru hröð og ákveðin, stundum eru sungnar bakraddir sem minna á gamla oi-pönkið, og ágætir íslenskir textarnir og melódíurnar kalla stundum fram hugrenningatengsl við önnur norðlensk pönkbönd eins og Innvortis.

Þetta er hrátt og einfalt, það er lítið verið að lita pönkið með óvæntum litum eins og er. Fössgítar, bassi og trommur hamast í takt og ágætur rokksöngvari þenur sig, þó kemur banjó skemmtilega fyrir á einum stað og stundum er „óverdöbbað" með gítar. Textar eru fínir og það hefði verið gaman að fá þá með á textablaði. Þó skiljast þeir nokkuð vel. Einna beinast úr unglingaheiminum er textinn í Lífsgæðaformúlunni: *„Ég vil standa mig vil, taka þátt í lífsgæðakapphlaupinu, eignast þrjú börn, jeppa, fallega konu og háskólagráðu. Eða svo skilst mér… En hvað veit ég? Ég er bara óþroskaður unglingur með ómótaðar skoðanir og brenglaðar hugmyndir um lífið og hamingjuna."*

Semsé: Fyrirtaks unglingapönk og það verður örugglega bara enn betra eftir því sem strákarnir þróast og þroskast og taka inn nýja strauma og hugmyndir. Ef ég væri 18 ára myndi ég gefa henni fullt hús.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Hressandi en full hefðbundið pönk.

# Basterds á möguleika

**Leikstjórinn Quentin Tarantino vill koma á óvart á Óskarsverðlaunahátíðinni um næstu helgi og hrifsa til sín helstu verðlaunin fyrir mynd sína Inglorious Basterds. „Það væri yndislegt," segir hann. „Við eigum alveg möguleika, það er engin spurning. Ég held að hver sem er gæti unnið." Avatar og The Hurt Locker hefur verið spáð mestu sigurgöngunni á Óskarnum, enda fengu þær hvor um sig níu tilnefningar. Basterds er aftur á móti skammt undan með átta. Myndin hefur þegar unnið til fjölda verðlauna, þar á meðal sem sú besta á Screen Actors Guild-hátíðinni.**



**QUENTIN TARANTINO** Tarantino telur að Inglorious Basterds geti vel komið á óvart á Óskarsverðlaunahátíðinni.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE REBOUND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE REBOUND VIP | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| BROTHERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE WOLFMAN VIP | kl. 5:50 | VIP |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:30 | L |
| TOY STORY 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 3D | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | 7 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| THE REBOUND | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| INVICTUS | kl. 8 | L |
| BROTHERS | kl. 10:40 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30D | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 6D Síðastu sýningar | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl 8 | 12 |
| BROTHERS | kl 10:20 | 12 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 3.30 - 6.30 - 9.30 LÚXUS | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 ísl.tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.30 íslenskt tal | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PRECIOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 8 - 10.15 | L |
| IT'S COMPLICATED | kl. 10.35 | 12 |
| AVATAR 3D | kl. 5 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 9 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LEAP YEAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 og 10 | 14 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 og 8 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 5 - Ísl. tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... | kl. 5 - Ísl. tal | L |



# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSADAGAR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK

### KASTARAR

3995 5995 2495
HALOGEN KASTARAR, STÁL

5990 3990 5990
HALOGEN KASTARAR, GULL

3995 1495
VIÐAR KASTARAR

2495 1495 2995
VIÐAR KASTARAR

3995 2995 1995
HALOGEN KASTARAR

7990 3990 7990
HALOGEN KASTARAR

### HANGANDI LJÓS

2995
DRAGLJÓS

4995
DRAGLJÓS

5995
HALOGENLJÓS

4995
HALOGENLJÓS

9995 7990

5995

### KÚPLAR

2495
EIK

1995
GULL, STÁL & HVÍTT

4495 28W
3795 16W
MEÐ SPARPERU, KRÓM & HVÍTT

1495
GYLLTUR

2495 1495
SPEGLALAMPAR

3490
STÓR KÚPULL, 2 x 60W

### BORÐLAMPAR

1995

2495

1995

3995
MEÐ KLUKKU

5995
MEÐ DIMMER

2995

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## > Rakel Dögg áfram í Noregi

Rakel Dögg Bragadóttir, landsliðskona í handknattleik, verður áfram í herbúðum norska félagsins Levanger næstu tvö árin. Rakel Dögg skrifaði á sunnudaginn undir nýjan tveggja ára samning við félagið. Rakel kom til félagsins í nóvember á síðasta ári en hún hafði lítið fengið að spila með danska félaginu KIF Vejen og færði sig því um set. Þar hefur gengið betur. Þjálfari Levanger er Ágúst Þór Jóhannsson.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ANTON GYLFI PÁLSSON OG HLYNUR LEIFSSON:** DÆMA STÓRLEIK Í MEISTARADEILDINNI NÆSTU HELGI

# Það er ekkert business class eins og í fótboltanum



Handboltadómarinn Anton Gylfi Pálsson er á leið til Zagreb í Króatíu ásamt félaga sínum, Hlyni Leifssyni. „Við leggjum á okkur tuttugu tíma ferðalag út fyrir einn leik og svo aðra tuttugu til baka. Þetta er ekkert business class eins og í fótboltanum."

Anton og Hlynur eru að fara að dæma stórleik í Meistaradeild Evrópu, viðureign Croatia Zagreb og HSV Hamburg næsta sunnudag. Sannkallað risaverkefni.

„Við fengum að vita þetta fyrir tveimur vikum en það ríkir alltaf leynd þar til á mánudeginum fyrir. Við höfum fengið flotta leiki í vetur en þetta er alvöru stórleikur," segir Anton sem er fullur tilhlökkunar. „Þetta verður örugglega skemmtilegt. Fullt hús, tíu þúsund manns og brjáluð stemning. Það gerist ekki betra."

Þeir félagar hafa verið að klífa metorðastigann í handboltadómgæslunni. „Okkur gengur ágætlega. Við höfum fengið mjög góðan meðbyr. Það var búið að segja við okkur að við kæmum til greina sem dómarar á EM í Austurríki en svo vorum við ekki í hópnum. Þá stefnum við bara á næsta mót. Við vinnum hörðum höndum að því að komast þangað inn með því að standa okkur vel," segir Anton.

„Við værum ekki að fá þennan leik nema við værum að fá mjög góða dóma. Hver leikur er bara úrslitaleikur fyrir dómara. Ef við skítum í brækurnar þarna þá fáum við ekki svona leik aftur."

Anton segir að vel sé fylgst með þeim. „Við erum með erlenda eftirlitsdómara úti. Þeir eru duglegir við að hringja í eftirlitsdómara hérna heima og athuga hvernig gengur, athuga hvernig okkur er að ganga í prófum og svona. Það varð líka auðveldara fyrir þá að fylgjast með eftir að Sport-TV fór að sýna alla þessa leiki á Netinu." Hægt er að sjá leikinn á sunnudaginn á Netinu á vefsíðunni ehf-tv.com.



**ÓLAFUR JÓHANNESON** Vanmetur ekki lið Kýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísland mætir Kýpur í dag:

## Kýpur er með öflugt lið

**FÓTBOLTI** Ísland sækir Kýpur heim í vináttulandsleik í dag. Ísland verður án margra fastamanna í þessum leik. Má þar nefna Hermann Hreiðarsson, Grétar Rafn Steinsson, Veigar Pál Gunnarsson og Eið Smára Guðjohnsen. Hermann og Grétar eru meiddir, Veigar veikur en Eiður fær frí.

„Það er gott fyrir hann að fá frí. Hann er að koma sér fyrir hjá nýjum klúbbi og að reyna að vinna sig inn. Hann fær plús í kladdann frá klúbbnum fyrir að vera áfram á Englandi og æfa. Ef þetta hjálpar honum og hann fær að spila meira þá hjálpar það okkur líka," segir Ólafur Jóhannesson þjálfari.

Kári Árnason fær tækifæri með landsliðinu eftir langa fjarveru. Ekki er langt síðan Kári var nánast búinn að afskrifa landsliðið. „Þó að menn segi eitthvað sem þið skrifið og er kannski ekki endanlega rétt pirrar það mig ekki. Ísland hefur ekki efni á að vera í fýlu út í einhverja leikmenn," segir Ólafur.

„Það er fínt að mæta þessu liði núna. Við erum með þeim í riðli á EM þannig að þetta er svolítill njósnaleikur fyrir bæði lið," segir Ólafur en hann vanmetur ekki andstæðinginn. „Það er ekkert sjálfgefið að við vinnum leikinn. Kýpur er með öflugt lið og það hafa orðið miklar framfarir hjá þeim eins og sjá má á árangri þeirra í Meistaradeildinni. Ísland hefur aldrei efni á að vanmeta neinn. Við getum ekki talið okkur eiga að vinna neina þjóð." - hbg

# Bjarni Þór var hetjan á báðum vallarhelmingum

**Bjarni Þór Viðarsson tryggði íslenska 21 árs landsliðinu 2-2 jafntefli og bjargaði síðan á marklínu með magnaðri hjólhestaspyrnu í uppbótartíma leiksins.**

**FÓTBOLTI** Íslenska 21 árs landsliðið er í góðri stöðu í undankeppni Evrópumótsins eftir 2-2 jafntefli á móti ríkjandi Evrópumeisturum Þýskalands í Magdeburg í gær. Íslenska liðið lenti tvisvar undir í leiknum en strákarnir gáfust ekki upp og komu til baka í bæði skiptin. Bjarni Þór Viðarsson skoraði jöfnunarmarkið eftir glæsilega sókn þrettán mínútum fyrir leikslok og á lokamínútunum björguðu bæði hann og Hólmar Örn Eyjólfsson með mögnuðum hætti á marklínu eftir að svo virtist sem aðalstjarna þýska liðsins væri að tryggja sínum mönnum sigur.

„Þetta var glæsilegt stig. Það sýnir þvílíkan karakter hjá okkur að koma tvisvar til baka í þessum leik," sagði Bjarni Þór Viðarsson, fyrirliði íslenska liðsins og hetja á báðum endum vallarins. „Þeir fengu tækifæri í lokin en við hefðum líka getað skorað eitthvað í viðbót. Þeir eru ríkjandi Evrópumeistarar þannig að við erum mjög ánægðir sérstaklega þar sem þetta stig er svo mikilvægt fyrir okkur," segir Bjarni.

Íslenska liðið hefur nú fimm stiga forskot á Þýskaland í baráttunni um annað sætið en íslensku strákarnir eru svo tveimur stigum á eftir toppliði Tékka.

Timo Gebhart, sem var einn besti leikmaður Stuttgart á móti Barcelona í Meistaradeildinni í dögunum, virtist vera að tryggja þýska liðinu sigurinn í uppbótartíma þegar hann lyfti boltanum yfir Harald Björnsson markvörð og það virtist fátt geta komið í veg fyrir að boltinn færi inn í markið. Bjarni Þór var þó ekki búinn að gefast upp heldur stökk á boltann



**FYRIRLIÐINN FÓR FYRIR SÍNUM MÖNNUM** Bjarni Þór Viðarsson sést hér í leiknum í Magdeburg í gær. MYND/GETTY IMAGES

og sparkaði honum aftur fyrir sig af marklínunni.

„Hólmar bjargaði okkur þremur mínútum áður og síðan vippaði hann yfir markmanninn og ég varð bara taka eins konar hjólhestaspyrnu til þess að koma honum í burtu," lýsir Bjarni.

Kolbeinn Sigþórsson jafnaði leikinn í 1-1 á 13. mínútu aðeins þremur mínútum eftir að Þýskaland komst yfir. Þjóðverjarnir komust síðan aftur yfir eftir stórsókn í upphafi seinni hálfleiks.

Bjarni skoraði jöfnunarmarkið sitt síðan á 77. mínútu þegar hann batt enda á frábæra íslenska sókn. Jóhann Berg Guðmundsson lék þá á þýska varnarmenn á vinstri vængnum og gaf þá inn í teig á Kolbein Sigþórsson sem virtist þó ætla að leggja boltann fyrir sig. Kolbeinn tók við boltanum en lét hann svo fara til Bjarna.

„Ég kallaði á Kolla og sagði honum að láta boltann fara og ég hitti hann síðan ágætlega. Ég þurfti síðan að bíða eftir því að hann færi inn því ég hélt fyrst að hann myndi ekki fara inn," segir Bjarni Þór.

Bjarni segir að íslenska liðið hafi vitað að Þjóðverjarnir gætu gefið eftir í lokin. „Við vorum að horfa á leik hjá þeim í gær þar sem þeir voru að spila á móti Norður-Írum. Írarnir jöfnuðu á síðustu mínútu þannig að við vissum að þetta væri ekkert búið," segir Bjarni og strákarnir fögnuðu stiginu líkt og um sigur væri að ræða.

„Við vissum að ef við myndum ná jafntefli þá værum við í þvílíkt góðum málum. Þeir ætluðu greinilega að pakka okkur saman þannig að þetta var gaman og glæsilegt," sagði Bjarni að lokum.

Íslensku strákarnir og þjálfararnir Eyjólfur Sverrisson og Tómas Ingi Tómasson eiga mikið hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu. Liðið spilaði frábæran bolta á löngum köflum í leiknum og sýndi síðan styrk sinn í að lifa af stórsókn þýska liðsins í kringum hálfleikinn og koma sér aftur inn í leikinn. Það verður gaman að fylgjast með þessum strákum í framhaldinu. ooj@frettabladid.is

## ÚRSLITN Í GÆR

### *Iceland Express kvenna*

Keflavík-Hamar 85-101 (42-49)

**Stigahæstar:** Kristi Smith 27, Birna Valgarðs dóttir 15, Pálína Gunnlaugsdóttir 13, Svava Ósk Stefánsdóttir 12, Bryndís Guðmundsdóttir 11 (6 stoðs.) - Julia Demirer 22 (16 fråk.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 20 (13 fråk.), Fanney Lind Guð mundsdóttir 18, Kristrún Sigurjónsdóttir 13 (5 stoðs.), Koren Schram 13, Guðbjörg Sverrisd.11.

Grindavík-KR 45-66 (21-33)

**Stigahæstar:** Michele DeVault 11, Jovana Lilja Stefánsdóttir 11 - Signý Hermannsdóttir 17, Margrét Kara Sturludóttir 16 (12 fråk.), Heiðrún Kristmundsdóttir 12.

Njarðvík-Haukar 61-94 (26-43)

**Stigahæstar:** Ólöf Helga Pálsdóttir 17, Auður Jónsdóttir 13, Heiða Valdimarsdóttir 12 - Heather Ezell 33, Telma Björk Fjalarsdóttir 15, Rannveig Ólafsdóttir 10, Kiki Lund 9.

Valur-Snæfell 58-83 (27-33)

**Stigahæstar:** Dranadia Roc 17, Berglind Karen Ingvarsdóttir 15, Hrund Jóhannsdóttir 10 - Sherell Hobbs 30, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 12, Björg Guðrún Einarsdóttir 10.

**Stig liða í A-deild:** KR 36, Hamar 24, Keflavík 24, Grindavík 22. **Stig liða í B-deild:** Haukar 24, Snæfell 12, Njarðvík 12, Valur 6.

### SEX LIÐA ÚRSLITIN

Keflavík-Snæfell og Grindavík-Haukar mætast. KR og Hamar sitja hjá í fyrstu umferð. Það lið sem vinnur fyrr tvo leiki kemst í undanúrslit.

Aron fer til Hannover:

## Samdi í gær

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson skrifaði undir tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarliðið Hannover-Burgdorf í gær. Aron hefur náð frábærum árangri með Hauka hér heima og liðið varð bikarmeistari undir hans stjórn um síðustu helgi.



„Aron Kristjánsson var okkar fyrsti kostur og passar vel inn í okkar framtíðarsýn. Hann er ungur, orkumikill og hefur náð árangri," sagði Ulrich Karos framkvæmdastjóri Hannover-Burgdorf á heimasíðu félagsins. -óój





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B
Frábært verð í Bónus Frábært verð í Bónus Frábært verð
398
KR. 4 DS
HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 4 DÓSIR
598
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
149
KR. 3 FERNUR
BÓNUS ÁVAXTASAFI 3 x 250 ml
APPELSÍNU OG EPLA
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
498
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGABITAR
1698
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR
898
KR.KG
NAUTAVEISLA FERSKT NAUTAHAKK
498
KR.KG
GRÍSAVEISLA FERSKT GRÍSAHAKK
898
KR.KG
GRÍSAVEISLA FERSKUR GRÍSAHNAKKI
898
KR.KG
GRÍSAVEISLA GRÍSAKÓTILETTUR
25% AFSLÁTTUR
972
KR.KG
OS BRAUÐOSTUR
MERKT VERÐ 1296 KR.
119
KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ HÁLFT 385G
198
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐ: LANGLOKUR 4 STK
198
KR. 2 FLÖSKUR
HEINZ TÓMATSÓSA 567g
TVÆR FLÖSKUR
259
KR.STK
MYLLU JÓLAKAKA 420g
198
KR.PK
RIVO KAFFI 400g
VARAN HÆTTIR
89
KR.DS
EGILS APPELSÍN 500ML
89
KR.DS
89
KR.DS
PEPSI & PEPSI MAX 500ML
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA



> **Heidi Klum**

„Ég er sannfærð um að ef við brosum, þá fáum við bros til baka.“

***Ofurfyrirsætan Heidi Klum stjórnar tískuhönnunarkeppninni Project Runway sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.10.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFÐI Á AMERICAN CHOPPER

# *Mótorhjólatröll leikur á píanó*

Ég hef stundum dottið inn í raunveruleikaþættina American Chopper sem eru sýndir á sjónvarpsstöðinni Discovery. Þættirnir fjalla um feðga sem reka velhjólaverkstæði í Orange-sýslu í Bandaríkjunum og í hverjum þætti fylgjumst við með þeim hanna og smíða eitt mótorhjól ásamt starfsmönnum sínum. Sem sagt, formúlukennt sjónvarpsefni sem krefst lítils af mér sem áhorfanda. Alveg eins og ég vil hafa það á virkum mánudagskvöldum.

Af einhverjum ástæðum hef ég lítið fylgst með þáttunum undanfarnar vikur. Á meðan hafa fréttir um samstarfsörðugleika feðganna verið áberandi í erlendum fréttamiðlum og samkvæmt nýjustu fréttum er samstarfi þeirra lokið. Eins og í öllum bandarískum fjölskylduharmleikjum er pabbinn búinn að kæra elsta son sinn – eða öfugt og fjölskyldan neyðist til að velja á milli. Ég get ekki sagt að það hafi komið á óvart, enda leið varla þáttur án



þess að þeir rifust um hvernig ætti að setja vígaleg mótorhjólin saman.

Þátturinn sem sýndur var á mánudagskvöld staðfesti þetta: Pabbinn var kominn með nýja starfsmenn, eldri bróðirinn var að hefja rekstur með kærustunni og yngri bróðirinn, sem hefur í gegnum tíðina verið skotspónn feðganna, reynir að fóta sig í lífinu.

Ævintýri yngri bróðurins skyggðu raunar á hjólið sem smíðað var í þættinum. Hann var byrjaður að læra á píanó hjá aldraðri konu og þar sem hann er tröll að vexti, og loðinn sem björn, var kostulegt að fylgjast með þessu sérstaka sambandi kennara og nemanda. Þátturinn endaði ekki aðeins á því að pabbinn lauk við enn eitt mótorhjólið, heldur spilaði yngri bróðirinn frumsamið verk á tónleikum fyrir fjölskyldu sína og vini. Pabbinn mætti ekki.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **15.45** Kýpur – Ísland, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** Ghost Whisperer STÖÐ 2



▶ **21.50** The L Word SKJÁREINN



▶ **21.50** Modern Family STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.45 Silfur Egils** (e)
**16.05 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (20:26) (e)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum. Aðalhlutverk: Parminder Nagra, John Stamos, Linda Cardellini, Scott Grimes, David Lyons og Angela Bassett.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Keli í klípu** (Terkel i knibe) Dönsk teiknimynd frá 2004. Líf unglingsstráks fer allt á annan endann þegar stelpa sem var skotin í honum fyrirfer sér og óþekktur brjálæðingur leggur hann í einelti.
**23.35 Kastljós** (e)
**00.15 Fréttir** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.20 Shopgirl**
**10.00 Manchester United: The Movie**
**12.00 Murderball**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 Manchester United: The Movie**
**18.00 Murderball**
**20.00 Paris, Texas**
**22.20 Epic Movie**
**00.00 Tristan + Isolde**
**02.05 Carlito's Way**
**04.25 Epic Movie**
**06.00 Match Point**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Ruff's Patch, Nornafélagið og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (2:21)
**11.45 Gilmore Girls** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (20:23)
**13.45 Sisters** (21:28)
**14.35 E.R.** (10:22)
**15.20 Njósnaskólinn**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Nornafélagið og Ruff's Patch.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (19:22)
**20.10 Project Runway** Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem tólf upprennandi fatahönnuðir keppa í spennandi leik.
**20.55 Grey's Anatomy** (11:24) Sjötta þáttaröð þessa margrómaða dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle.
▶**21.45 Ghost Whisperer** (6:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.
**22.30 Tell Me You Love Me** (8:10)
**23.20 Tim Gunn's Guide to Style** (6:8)
**00.05 The Mentalist** (13:23)
**00.50 The Closer** (9:15)
**01.35 E.R.** (10:22)
**02.20 Sjáðu**
**02.50 Into the Blue**
**04.35 Grey's Anatomy** (11:24)
**05.20 Two and a Half Men** (3:19)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

▶**15.45 Kýpur - Ísland** Bein útsending frá vináttulandsleik Íslendinga sem fer fram á Kýpur.
**18.00 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.
**18.55 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**19.55 England - Egyptaland** Bein útsending frá vináttulandsleik sem fer fram á Wembley.
**22.00 Kýpur - Ísland** Útsending frá vináttulandsleik sem fer fram á Kýpur.
**23.40 Atvinnumennirnir okkar: Hermann Hreiðarsson** Hermann sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðunn Blöndal áhorfendur í gegnum allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.
**00.15 England - Egyptaland** Útsending frá vináttulandsleik sem fór fram á Wembley

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Tottenham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**20.35 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**21.05 Stoke - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.45 Chelsea - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Girlfriends** (20:23) (e)
**16.15 7th Heaven** (11:22) Bandarísk unglingasería þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.
**17.00 Dr. Phil**
**17.45 Innlit/ útlit** (6:10) (e)
**18.15 Nýtt útlit** (1:11) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (30:50)
**19.30 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.45 King of Queens** (20:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Spjallið með Sölva** (3:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
**21.00 Britain's Next Top Model** (6:13) Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu.
▶**21.50 The L Word** (6:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Upptökur á kvikmyndinni sem byggð er á lífi lesbíanna hefjast og Jenny þarf að fást við erfiða leikara.
**22.40 The Jay Leno**
**23.25 CSI. Miami** (17:25) (e)
**00.15 Fréttir** (e)
**00.30 King of Queens** (20:25) (e)
**00.55 Premier League Poker** (8:15) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðskokkur kvöldins er Eyþór Rúnarsson á Nauthóli.
**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir með nýjan lífsstílsþátt.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningarauglýsingamál til mergjar.
**21.30 Óli á Hrauni** Óli og Viðar Guðjohnsen taka á móti gestum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





2010 EDDAN

3 EDDUVERÐLAUN
LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI – KRISTBJÖRG KJELD
TÓNLIST ÁRSINS – HILMAR ÖRN HILMARSSON
LEIKMYND ÁRSINS – ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON

„Gunnar og Kristbjörg eru á heimsmælikvarða“
– HERRA ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, ÍSLAND Í DAG, STÖÐ 2

★★★★★
„Kristbjörg sýnir stjörnuleik...myndin er fyndin og hlý. Ég gef henni fullt hús, fimm stjörnur.“
– HULDA G. GEIRSDÓTTIR, POPPLAND, RÁS 2

★★★★½
„Persónusköpun og leikur eru framúrskarandi, sjónræn umgjörð frábær og sagan áhugaverð.“
– HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MBL

★★★★
„Vel heppnuð og grátbrosleg, frábærlega leikin og mjög „Friðriks Þórsleg“.
– DR. GUNNI, FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★
„Svona á að gera þetta, leggja sjálfan sig undir og bingó, Frikki er kominn til baka.“
– ERPUR EYVINDARSON, DV

★★★★
„Hárfínn húmorinn kemst vel til skila.“
– HILMAR KARLSSON, FRJÁLS VERSLUN

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Grey's Anatomy



Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 heldur áfram eftir nokkurra vikna hlé. Síðast þegar við skildum við læknana á Seattle Grace var Richard yfirlæknir farinn að átta sig á því að áfengisvandamál hans hefði töluverð áhrif líf hans og þar með talið starf hans á sjúkrahúsinu. Meredith veit einnig af vandamálinu en hefur ákveðið að halda því leyndu. Dóttir Marks er flutt heim til hans og tilkynnir honum að hann sé að verða afi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

## Britain's Next Top Model

### Skjár einn kl. 21.00



Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Íslenski ljósmyndarinn Huggy Ragnarsson er einn dómaranna í þessari keppni. Í þætti kvöldsins heimsækja stúlkurnar Ísland og fara í sjóðheita myndatöku í Bláa lóninu. Fyrst þurfa þær að leika í auglýsingu til að markaðssetja Ísland þar sem þær klæðast íslenskum fötum, borða íslenskt góðgæti og spreyta sig á okkar einfalda íslenska tungumáli.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mýtur um ástralskar kvenhetjur
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.17** Bak við stjörnurnar
**23.10** Sveitarstjórnarmál - kjörlendi kvenna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 Falcon Crest** (5:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**18.35 Seinfeld** (22:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**19.00 The Doctors**
**19.45 Falcon Crest** (5:18)
**20.35 Seinfeld** (22:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶ **21.50 Modern Family** (5:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
**22.15 Bones** (4:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.00 Hung** (9:10)
**23.30 Entourage** (6:12)
**00.05 Dirty Tricks**
**00.45 Fréttir Stöðvar 2**
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** The Green Green Grass **12.55** My Hero **13.25** Primeval **14.15** Primeval **15.05** Extras **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** Waterloo Road **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** Benidorm **19.25** Spooks **20.15** Holby Blue **21.05** Benidorm **21.30** Little Britain **22.00** Only Fools and Horses **22.50** The Green Green Grass **23.20** My Hero **23.50** Holby Blue

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Miraklet på Hudson-floden **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Mord på hjernen **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Livvagterne **23.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Aldri annet enn bråk **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** FBI **19.15** Folk. Hav, himmel, host og hummer **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Stein Baggers bedrag **23.45** Pornoeksplosjonen

## SVT 1

**13.50** Lassies hämnd **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** AnneMat **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Andra Avenyn **20.45** Trapper happy tv **21.00** True Blood **22.00** Himlen kan vänta - ett år senare **23.00** Sissela och dödssynderna **23.30** Mästarnas mästare

N1

Þægilegur sparnaður

Glæsilegir skrifborðsstólar á ótrúlega hagstæðu verði

Takmarkað magn!

Finndu þinn stól á www.n1.is



MUNDO

1118 HF4081
Mundo Finnson
• Stillanlegir armar og bak
• Stillanleg hæð
• Ekta leður
• Til svartur og hvítur
Tilboðsverð
29.990 kr.



1118 HS029
Mundo Fredrik
• Stillanleg hæð
• Micro fiber
Tilboðsverð
6.990 kr.



1118 HF363
Mundo Thor
• Stillanlegir armar og bak
• Stillanleg hæð
• Slitsterkt Micro efni
Tilboðsverð
18.990 kr.



1118 HF384
Mundo Eagle
• Stillanlegt bak
• Stillanleg hæð
• PU áklæði
Tilboðsverð
22.990 kr.



1118 HF268
Mundo Vera
• Stillanlegt bak
• Stillanleg hæð
• Micro fiber
Tilboðsverð
22.990 kr.



118 HF377
Mundo Gill
• Stillanlegt bak
• Stillanlegt hæð
• Ekta leður
Tilboðsverð
24.990 kr.



1118 HF367
Mundo Kate
• Stillanlegt bak
• Stillanleg hæð
• Micro fiber
Tilboðsverð
24.990 kr.



118 HF328
Mundo Buffet
• Stillanlegt bak
• Stillanleg hæð
• Ekta leður
Tilboðsverð
29.990 kr.



1118 HF394-1A
Mundo Lorenzo
• Stillanlegir armar og bak
• Stillanleg hæð
• Ekta leður
Tilboðsverð
34.990 kr.

F í t o n / S Í A

Bjóðum upp á samsetningu og heimsendingu (á höfuðborgarsvæðinu) á 5.000 kr.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9
N1 verslun Akureyri, Tryggvabraut 18-20
WWW.N1.IS
Sími 440 1000
Meira í leiðinni

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það er Noodle Station á Skólavörðustígnum, ég er eiginlega orðinn háður þeim stað, fer þangað oft í viku."*

Daníel Oliver tónlistarmaður.

# Garðar Cortes á smáskífu með Paul Potts

„Það var bara haft samband við mig og ég beðinn um að vera með. Þetta kom skemmtilega á óvart og það er auðvitað alltaf gaman að geta hjálpað," segir Garðar Thor Cortes óperusöngvari. Hann syngur á nýrri smáskífu ásamt fremstu fulltrúum sígildrar tónlistar á Bretlandseyjum sem gefa á út til styrktar fórnarlömbum hamfaranna á Haítí. Alls tóku 23 söngvarar þátt en meðal þeirra sem syngja með Garðari er Paul Potts sem sló eftirminnilega í gegn í sjónvarpsþáttunum Britain´s Got Talent.

Garðar hafði því miður ekki tíma til að taka þátt í aðalupptökunum sem fóru fram á laugardaginn þannig að hann mætti í hljóðverið ásamt Konunglegu fílharmóníusveitinni og tók upp sitt framlag. Lagið sem á að gefa út heitir The Prayer og varð geysivinsælt í flutningi Celine Dion og Andrea Bocelli. Í frétt á BBC segir að hver söngvar syngi eina laglínu þar til allir sameinast í ákaflega hljómmiklum kór.

Garðar hefur annars verið á flakki að undanförnu. Í London átti hann stefnumót við nokkra aðila í tengslum við framtíðarverkefni og hann var nýkominn heim frá Noregi þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Og svo er ég að fara til Wales að syngja í einhverjum sjónvarpsþætti, þannig að það eru alltaf einhver verkefni í gangi," segir Garðar, hógvær að venju. Áætlað er að smáskífan The Prayer komi út þann 14. mars. - fgg



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STYRKJA HAÍTÍ** Garðar Thor og Paul Potts eru meðal þeirra sem syngja á nýrri smáskífu sem gefa á út til styrktar Haítí.



**LÁRÉTT**
**2.** ofsi, **6.** ógrynni, **8.** sjáðu, **9.** stormur, **11.** í röð, **12.** fæla, **14.** slór, **16.** í röð, **17.** skordýr, **18.** angra, **20.** til, **21.** vaða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** harmur, **3.** í röð, **4.** smjaðra, **5.** endir, **7.** útskúfa, **10.** belja, **13.** mærð, **15.** mæla dýpt, **16.** ris, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** of, **8.** sko, **9.** rok, **11.** jk, **12.** grýla, **14.** droll, **16.** þæ, **17.** fló, **18.** ama, **20.** að, **21.** kafa.

**LÓÐRÉTT: 1.** sorg, **3.** rs, **4.** skjalla, **5.** lok, **7.** fordæma, **10.** kýr, **13.** lof, **15.** lóða, **16.** þak, **19.** af.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Erfðasjúkdómurinn CTD.
2. Tveir.
3. Sveitarfélögin eru 77.

Auglýsingasími
512 54 01

LOGI GEIRSSON: ÉG ÆTLA AÐ SEGJA FRÁ ÖLLU EINS OG ÞAÐ ER

# Dregur ekkert undan í krassandi bók um líf sitt

„Ég ætla að vera einlægur og dreg ekkert undan. Það er það sem bókin gengur út á og það sem vantar á Íslandi," segir handboltahetjan Logi Geirsson.

Logi sendir frá sér bók á afmælisdaginn sinn, 10. október. Bókin kemur því út 10.10.´10, en þá verða einmitt tíu ár síðan Logi hélt til Þýskalands og gerðist atvinnumaður í handbolta. „Almenningur sér alltaf bara toppinn á ísjakanum, en við ætlum að sýna allan ísjakann í bókinni," segir Logi. Henry Birgir Gunnarsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, skrifar bókina með honum. „Henry á eftir að draga allt upp úr mér. Ég held að við tveir saman eigum eftir að gera þessa bók ógleymanlega. Það er ekkert flóknara."

Spurður hvort bókin eigi eftir að koma óþægilega við einhverja segist Logi ekki ætla að tala illa um neinn enda sé það ekki markmiðið með bókinni „Ég ætla að varpa ljósi á hvað er að gerast bak við tjöldin," segir hann. „Ég tala um landsliðið og segi alls konar sögur sem ég myndi aldrei skrifa undir venjulegum kringumstæðum." Og Logi heldur áfram: „Ég ætla að segja frá öllu eins og það er. Til dæmis launamálum og hvernig allt fer fram – hvernig handboltaheimurinn getur líka verið svartur. Bókin á að svipta hulunni af því sem er að gerast. Það á eftir að gera bókina eftirsóknarverða. Ég ætla ekki að lofa miklu, en það gerast hlutir sem eiga eftir að hneyksla fólk og fá það til að springa úr hlátri."

Logi hefur verið meiddur undanfarna mánuði og lítið komið við sögu í þýsku úrvalsdeildinni í vetur. Hann spilaði einnig lítið með landsliðinu á Evrópumótinu í handbolta í janúar. „Ég nefni þetta allt erfiðustu tímana," segir Logi. „Hvernig fólk lætur við mann þegar maður spilar vel. Þá eru allir að taka í höndina á manni og dingla heima og fá kaffi. En þegar maður er meiddur og ekkert að spila þá heilsar fólk manni ekki."

Logi segir að bókin verði skemmtilega upp sett, með nóg af myndum og öðru aukaefni – meira að segja tölvupósti frá hinum og þessum. „Það er búið að vera draumur minn að skrifa bók og þetta er fullkomin tímasetning," segir Logi. „Það er ákveðnum kafla í lífi mínu að ljúka nú þegar ég er að yfirgefa Lemgo. Ég veit að þetta á eftir að vera bók sem fólk mun tala um, það er ekki spurning."

atlifannar@frettabladid.is



**SENDIR FRÁ SÉR BÓK** Logi lofar að draga ekkert undan í bók sem hann gefur út á afmælisdaginn sinn í október. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



**Jóhann Ævar Grímsson**, einn af handritshöfundum Vaktarseríanna og Bjarnfreðarsonar, hefur tekið höndum saman við Sigurjón Kjartansson. Saman ætla þeir að skrifa handritið að nýrri Pressu-þáttaröð en fyrsta serían mæltist ákaflega vel fyrir. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður þráðurinn tekinn upp þar sem skilið var við hann en með einhverjum smá breytingum þó.

Það verður að öllum líkindum **Sigmar Guðmundsson** sem fylgir íslenskum áhorfendum í gegnum Eurovision-keppnina í ár. Ritstjóri Kastljóssins liggur þó hálfur undir feldi enda verða sveitarstjórnarkosningar um svipað leyti og hann hefur því í mörg horn að líta. Úr Efstaleiti berast þó þau skilaboð að nær öruggt sé að Sigmar haldi til Noregs. Þetta verður fimmta árið í röð sem Sigmar er í Eurovision; hann fór fyrst til Aþenu 2006.



Og annar maður mun að öllum líkindum setjast fyrir framan hljóðnemann og lýsa því sem fyrir augu ber í Kodak-höllinni með sinni alkunnu útvarpsrödd þegar Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudagskvöld. Maðurinn sem um ræðir er auðvitað **Ívar Guðmundsson**, sem hefur yfirleitt lýst þessum viðburði þegar sýnt hefur verið frá honum. Honum til halds og trausts verður Skarphéðinn Guðmundsson af dagskrárdeild Stöðvar 2. - fgg






# Vopnaleit á tónleikum Móra

„Það verður náttúrlega vopnaleit við hliðið. Það þarf enginn að óttast stungur eða neitt," segir rapparinn Móri.

Hann heldur styrktartónleika á Sódómu Reykjavík í kvöld til að borga væntanlegan lögfræðikostnað vegna átaka hans og Erps Eyvindarsonar þar sem hnífur var dreginn á loft. „Ég er atvinnulaus og get ekki borgað lögfræðingnum," segir hann og hvetur rappáhugamenn til að mæta á tónleikana, þar á meðal Erp. „Erpur og allir úr Rottweiler eru velkomnir svo lengi sem þeir borga aðgangseyrinn og styrkja gott málefni."

Móri ætlar að syngja lög af fyrstu plötu sinni á tónleikunum sem verður einmitt endurútgefin á Gogoyoko.com í dag. Einnig verða nokkur ný lög sett í sölu á síðunni, sem Móri mun einnig syngja í kvöld. Hann segist hafa verið á fullu að semja tónlist að undanförnu en átta ár eru liðin síðan frumburðurinn Móri kom út. „Ég á efni í svona þrjár plötur en ég er búinn að vera vinnandi og í skóla og erlendis. Maður hefur ekkert haft tíma fyrir tónlist því maður hefur verið að reyna að lifa eðlilegu lífi. Síðan kemur Erpur og fer að hrauna yfir mann í fjölmiðlum." Hann viðurkennir að hlutirnir hafi farið úr böndunum þegar þeir hittust en vill annars ekkert tjá sig um málið.



**ENGAR STUNGUR** Móri segir að enginn þurfi að óttast stungur á styrktartónleikum hans í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Síðustu tónleikar Móra voru í nóvember í fyrra á Jacobsen en hann stefnir á að vera duglegri við tónleikahald á næstunni. Moppa með gylltri áletrun verður í boði fyrir fyrstu tíu gestina sem mæta á Sódómu í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 21 og er miðaverð 1.000 krónur. - fb

# Safnaðu þekkingu

## Sæktu þér aukinn styrk

**Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms.**
**Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?**



### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Leikritun
hefst 9. mars

Dauðasyndirnar sjö
hefst 9. mars

Hvað er svona merkilegt við Hemingway?
hefst 11. mars

Ræktun matjurta í heimilisgarðinum
hefst 22. mars

Verkefnin í garðinum - almenn umhirða og viðhald
hefst 23. mars

Íslandsklukkan: skáldsagan og leikverkið
hefst 7. apríl

Tilvistarhyggja í listasögunni
hefst 8. apríl

Alpujarras – Best geymda leyndarmál Spánar?
hefst 12. apríl

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sálgæsla og áfallahjálp - samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 10. mars

Lausnamiðuð nálgun
hefst 22. mars

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 23. mars

Fötlun í listum, menningu og fjölmiðlum
hefst 12. apríl

Efnaskipti og krabbamein - Eru krabbameinsfrumur sykurfíklar?
hefst 15. apríl

### LÖGFRÆÐI

Reglur um alþjóðleg gjaldþrotaskipti
haldið 29. mars

### HUGBÚNAÐUR

Innri vefir fyrirtækja og stofnana - hönnun, skipulag, notagildi og rekstur -
haldið 8. mars

Hagnýting gagnasafnskerfa
hefst 25. mars

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Virðismat fyrirtækja
hefst 8. mars

Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana
hefst 15. mars

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri
hefst 15. mars

Arðsemismat verkefna - reiknilíkön í Excel
hefst 7. apríl

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Fíknisjúkdómar starfsmanna - viðbrögð og vinnureglur
hefst 8. mars

Vinnustofa í samningatækni - með Florence Kennedy
hefst 12. apríl

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
haldið 18. mars

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 23. mars

Að gera gott betra - Bætt þjónusta, ánægðari viðskiptavinir
hefst 12. apríl

### TUNGUMÁL

Enska – hagnýt talþjálfun
hefst 29. mars

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 12. apríl

Spænska II
hefst 12. apríl

### UPPELDIS- OG KENNSLUFRÆÐI

Talnalykill: Staðal- og markbundið próf í stærðfræði
haldið 11. mars

Google í skólastarfinu
hefst 15. mars

Hugarkort: Verkfæri kennarans
haldið 24. mars

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Framboð kynnt

Niðurstöður prófkjörs Besta flokksins verða kynntar í Smáralind í Kópavogi í dag klukkan tvö, en í tilkynningu kemur fram að flokkurinn ætli að bjóða fram í Reykjavík í sveitarstjórnarkosningunum í vor undir listabókstafnum Æ. Helsta markmið flokksins er göfugt: „Að koma **Jóni Gnarr** í sæti borgarstjóra þar sem hann fær góð laun og völd til að hjálpa vinum sínum og stuðningsfólki." Fundarstaðurinn í Kópavogi er væntanlega valinn með hliðsjón af því stefnumiði flokksins að sameina Reykjavík og Kópavog í sveitarfélagið Reykó.



### Keppt á Bylgjunni

Spurningakeppni fjölmiðlanna verður ekki á dagskrá Rásar 2 um páskana þetta árið. Ekki frekar en í fyrra, þegar dagskrárstjórinn Sigrún Stefánsdóttir skar keppnina niður í sparnaðarskyni. Þá stukku forsvarsmenn Bylgjunnar til og tóku upp þennan vinsæla dagskrárlið með ágætum árangri. Engan bilbug er að finna á Bylgjumönnum og mun **Logi Bergmann Eiðsson** stjórna keppninni líkt og í fyrra.



### Langþráð stund

The Good Heart, kvikmynd **Dags Kára Péturssonar**, verður frumsýnd í Háskólabíói í kvöld. Almennar sýningar hefjast svo á föstudag. Talsverðrar eftirvæntingar gætir meðal landsmanna yfir útkomunni enda hefur frumsýningarinnar lengi verið beðið. Hvorugur aðalleikaranna, Brian Cox eða Paul Dano, verður viðstaddur frumsýninguna. Dano hafði reyndar ráðgert að mæta en dagskrá hans breyttist með skömmum fyrirvara svo hann varð að afboða sig.



- óká / hdm

## Mest lesið vísir.is

1. Þráinn Bertelsson: Fimm prósent þjóðarinnar eru fábjánar
2. Erkiengillinn búinn að kæra brottvísun sína
3. Rætt um transfitu og transfólk á Alþingi
4. Besti flokkurinn ætlar að gefa Húsdýragarðinum ísbjörn
5. Björguðu konu úr sprungu








Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum aftur **ÓTRÚLEG KJÖR** á öllum King Koil heilsurúmum.
Það þýðir **UMTALSVERÐA LÆKKUN** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

**Komdu og fáðu þér hágæða heilsurúm á ótrúlegu verði.**

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

CORSICA
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CORSICA Queen size (153x203) 249.636 kr.
KK-TILBOÐ 174.000 kr. = 75.636 kr. AFSLÁTTUR!

GRAND HAVEN
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

GRAND HAVEN Queen size (153x203) 421.303 kr.
KK-TILBOÐ 269.000 kr. = 152.303 kr. AFSLÁTTUR!

AMELIA Queen size (153x203) 159.451 kr.
KK-TILBOÐ 109.312 kr. = 51.451 kr. AFSLÁTTUR!

AMELIA
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

FERMINGARTILBOÐ
30% AFSLÁTTUR!

AMELIA (135x203) Verð 142.500 kr. FERMINGARTILBOÐ 99.750 kr.
AMELIA (97x203) Verð 132.267 kr. FERMINGARTILBOÐ 92.586 kr.
COMFORT ZONE (97x200) Verð 151.647 kr. FERMINGARTILBOÐ 106.152 kr.
COMFORT ZONE (120x200) Verð 179.833 kr. FERMINGARTILBOÐ 125.883 kr.

COMFORT ZONE
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- þrýstijöfnunarsvampiur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16